# Til sveitarinnar:

1. Menn yrkja ljóð um liðna frægðar daga
um líf og dauða, gleði sorg og þraut
og hvergi hærra hljóma strengir Braga
en hér við þetta kalda norður skaut.
En allt af fáir minnast sveitar sinnar
hvar sólin skein á barnsvögguna inn
hvert æsku bros þar báru rjóðar kinnar
og blómin vonar spruttu fyrsta sinn.

2.

Þú sveit vor byrgð í djúpum fjalla dölum
mörg dýrðleg sjón þó fyrir augað ber.
þú hlýfir oss við norðan næðing svölum
svo njótum allir skjóls á brjóstum þér,
Og sjáðu rauðabroðan ungra kinna,
sem ritar glöggt um fögur æsku völd,
því hér er staddur hópur barna þinna
að hefja leik, um rólegt vetrar kvöld.

3.

Á vorum þrek með samheldni og dáðum

og sjerhver keppi hæðsta marki að ná
að styðja veikan vin með góðum ráðum
og víkja aldrei réttu máli frá
Með félagsanda, allir framast beri
að eyða burtu vanans heimsku reik
svo gleðjum oss, í góðu tækifæri,
en gætum jafnan hófs í hverjum leik.

4.

Þó mörgum þyki þröngt hér milli fjalla
í þéttri röð, er byrgja sjónarhring;
það má svo heita að vindblær finnist valla
þó vetrar ríki herji allt í kring
Og þekki Jáa & Fýsir veg að halda
í fjarlægð burt, úr þessum æsku reit,
en ~~lang~~ æskan frjáls, sín fóstur~~land~~ gjalda
í faðmi þínum, hugumstóra sveit!

5

Þú átt þann fjölda af frjálsum, hraustum, sonum,
og fögrum dætrum, hér í þessum sal
sem vilja hlynna að hæðstu frægðar vonum
til heiðurs þér, ef blessun lifa skal.
Og þá mun gróðrar geisli bjartur skína
á Græna blettinn, sem við unnum mest
og reynslan mun þá líka sanna og sýna
við sjáum þar, sem okkur líður best.

6.

Og hverja stund til heiðurs þér að vinna
sé hæðsta markið sem við keppum að
og eiga vísan lífs & þrautir linna
í leynum jarðar hjá þér hvíldar stað
Þér beri drottinn blíða sólskinsdaga
og börnum þínum rólegt æfi-kvöld
þitt göfga nafnið, grafi þjóðar saga,
með gullnu letri framtíðar á skjöld!

G. O.

55
$5\frac{1}{2}$

$27\frac{1}{2}$
275

$302\frac{1}{2}$
17

$8\frac{1}{2}$
2114
302

$5142\frac{1}{2}$

# Sveitin.

I. árg. | Litladal í nóvember 1917 | 1. tbl.

## Sveitin.

Undanfarin 3 ár hefir lestrarfélagið Fjölnir hér í sveit gefið út skrifað blað fyrir félagsmenn sína. Blað það hefir nú verið lagt niður, en í stað þess og að nokkru leyti að tilhlutun lestrarfélagsins hefi eg ásamt þeim Jóni í Stóradal og Hannesi á Guðlaugsstöðum, ráðist í útgáfu blaðs þessa.

Nafnið sjálft skýrir stefnu blaðsins. Það á að vera málgagn sveitarfélagsins. Oss virðist þörfin fyrir alment sveitarblað mjög mikil, eigi síst í sveit vorri, sem er jafn strjálbygð og ill yfirferðar. Staðháttanna vegna ber fundum vor Svínvetninga sjaldan saman, og erum vér jafnvel lítt kunnugir hver öðrum. Þetta hamlar á ýmsan hátt þroska vorum. Sveitarmálefnin ekki nægilega rædd af almenningi, og margar nýtar hugsanir, sem miða til almennra heilla, deyja án þess að hafa komið fyrir eyru eða augu almennings. Úr þessu vill blaðið bæta. Það á að vera boðberi á milli vor.

Oss útgefendunum dylst það eigi, að vér tökumst mikinn vanda á hendur með útgáfu blaðsins, en á annan stað erum vér vissir um, að þér sveitungar vorir, munið styðja oss, til þess að gera það eins vel úr garði og ástæður vorar leyfa.

Hér verður svo gerð frekari grein fyrir stefnu blaðsins:

Eins og áður er getið, verður blaðið sérstaklega málgagn sveitarfélagsins. Megin efni þess verður því:

1. Ritgerðir um framfaramálefni sveitarinnar.
2. Fréttir af fundum hreppsnefndar, og annara opinberra sveitarnefnda.
3. Útdrættir úr opinberum skýrslum hreppsins.
4. Fréttir úr sveitinni.
5. Upplýsingar viðvíkjandi sögu sveitarinnar.

Svo nokkur orð um hvern einstakan lið stefnuskrárinnar.

1. Hvert sveitarfélag er eins og nokkurs konar ríki út af fyrir sig með talsverðu sjálfsforræði. Sveitarfélögin eiga því ýms sérstök áhugamál. Í því efni vil eg benda á eitt stórmálið, sem verið hefir á dagskrá hjá oss nokkur undanfarin ár þ. e. vegamálið. Mörg fleiri framfaramálefni eru, eða hljóta að verða á dagskrá hjá oss í nánustu framtíð. Fræðslumál vor eru í ólestri, samkomuhús vantar o. s. frv. Og nú í þessari dýrtíð er svo ótal margt, sem krefst þess að vera athugað með gaumgæfni. Stórar breytingar verða á flestum sviðum, því öldur styrjaldarinnar ná langt. Og vér megum ekki varpa allri vorri áhyggju upp á hin hærri stjórnarvöld vor. Hver einstaklingur og hvert sveitarfélag þarf að vera á verði, gefa rás viðburðanna nákvæmar gætur, og laga sig eins og frekast er hægt eftir breyttri aðstöðu.

2. Almenningi er oft lítið, eða ekki nægilega kunnugt um það sem gerist á fundum hreppsnefndar, eða annara opinberra sveitanefnda, en fylsta nauðsyn að fylgjast vel með í þeim efnum. Sveitin vill flytja ágrip af fundargerðum þessum. Myndi það koma í veg fyrir ýmsar missagnir í þeim efnum. Þá ætti og að geta myndast heilbrigt gagnrýni um sveitarstjórnarmálefni, því þegar einhverjum þætti miður heilt ráðið, væri opinn vegur til aðfinninga í blaðinu.

3. Bladid flytur útdrátt úr opinberum skýrslum sveitarinnar þ. e. skýrslum hreppstjóra og hreppsnefndar. Auk þess mun það flytja ágrip af skýrslum einstakra félaga eins og t. d. Búnadarfélagsins. Allir lesendur bladsins ættu því ad geta fengid all-nákvæmt yfirlit yfir hag og ástædur sveitarfélagsins.

4. Tíminn lídur. Lídnir atburdir fyrnast, aflagast, eda gleymast med öllu. Ef nú tökum það ráð ad skrásetja atburdina um leid og þeir gerast, geymast þeir óbjáladir jafnvel um lagi alda. Adallega þess vegna flytur bladid fréttir úr sveitinni. Það á ad geyma fréttirnar handa eftirkomendunum. Hvada fréttir? Svar: Dánarfregnir (æfiminningar), giftingar, jardabyltingar, innflutningar, útflutningar, vedrátta, árferdi, verklegar framkvæmdir, samkomur, gestir, ferdalög o. s. frv. Auk þess vill Sveitin eins fljótt og ástædur leyfa flytja fréttir af því helsta, er gerist í sveitunum í kringum oss.

5. Gömlu mennirnir safnast til fedra sinna einn ad ödrum. Med þeim fer í gröfina ýms fródleikur, endurminningar um ótal atburdi innan sveitar vorrar. Þessu vill Sveitin reyna ad bjarga frá glötun framvegis. Í annan stad er sveitarinnar, eda einstakra sveitarmanna vída getid í ritum og handritum. Þenna fródleik vill Sveitin tína saman, eftir því, sem föng eru til og ástædur leyfa og myndi þá bladid, ef því endist aldur til, smám saman safna drögum til sveitarsögu.

Bjarni Jónasson

# Dýrtídarspjall.

Naumast hittast menn nú svo ad máli, ad talid berist ekki ad einhverju leyti ad styrjöldinni miklu og afleidingum hennar. Þó vér séum all-langt frá vettvangi styrjaldarinnar, hefir hún haft mjög mikil áhrif á þjódarbúskap vorn og einstaklings hagina. Þarf ekki ad nefna dæmi því til sönnunar. Dæmin liggja svo nærri, ad hver og einn getur fundid þau.

Sökum einhæfi landsvors, höfum vér ordid ad sækja mjög margar lífsnaudsynjar vorar til annara landa. Verslun vor vid útlönd hefir því um all-langt skeid verid mjög mikil, ad tiltölu vid fólksfjölda. En eins og afstada vor er nú er verslunarvidskiftum vorum vid útlönd mjög mikil hætta búin. Verslunarleidir naumast nema ein, – til Vesturheims. En hver getur sagt, ad hún haldist opin, á medan strídid stendur yfir? Enginn. Og þó vér getum fengid þar vörur, er engin vissa fyrir, ad vér getum neinstadar fengid vidunandi markad fyrir afurdir vorar. Reynslan hefir sýnt oss, ad útlendar vörur hækka stödugt í verdi, en afurdir vorar jafnvel falla. Engin ástæda er til ad halda, ad skipist til batnadar í þeim efnum medan strídid stendur yfir. Hvert stefnir? Ég læt því spurninguna eftir ósvarada lesari gódur.

Fyrir strídid heyrdust jafnvel raddir um, ad vér ofkeyptum vid útlönd. Víst er um það, ad innanlandsverslunin hefir verid mjög lítil. Slæmar samgöngur innanlands hafa edlilega átt mikinn þátt í því. En í sannleika tel eg, ad vér höfum sótt of margt út úr landinu, gleymt því ad „hollt er heima hvad". Vorkunn nokkur med ungt og óþroskad þjódfélag sem vort.

Strídid getur nú þad líka, verid búid ad færa oss heim sanninn um, ad sá einn er

ess um að komast af, sem er sjálfum sér nógur. „Neyð kennir nýtni“. Ekki ólíklegt, að stríðið kenni oss að hagnýta oss betur en verið hefir auðsuppsprettur lands vors og má þegar sjá þess merki (innlend kol). Ekki er ráð, nema í tíma sé tekið. Eins og sakir standa nú eigum vér að reyna að koma oss svo þannig fyrir borð, að vér þurfum að sækja sem minst til annara. — Þetta getum vér á tvennan hátt:

1. Með því að lifa sem mest á eigin framleiðslu og breyta í því efni búskaparlaginu, þar sem nauðsyn krefur.
2. Með því að takmarka að mikla, eða alls legg kaup vor á munaðarvörum, eða þeim öðrum vörum, sem einungis eru oss til nautna, skrauts eða þæginda.

Sveitin tekur þessar leiðir sínar til athugunar. — B. J.

\# \# \#

## Niðurjöfnun

útsvara í Svínavatnshreppi haustið 1917

— í krónum. —

Hér taldir allir, er hafa 10 kr. útsvar og þar yfir. Raðað eftir gjaldhæð. Talan fyrir aftan nafnið er útsvarið.

— 100. Páll Guðlaugsst. 160, Jón í Dal 130, Guðm. Holti 100
99-80. Jónas Ásum 96, Jóh. Svínavatni 93, sra Stefán 85
79-60. Jón Pálmason 65, Sigurj. Tindum 63, Hannes Sölk. 60
59-40. Þorst. Grund 58, Þorf. Búrfelli 52, Jónas Litladal 50, Erasmus Auðkúlu 45, Jón Gíslason 45, Sveinn Seli 42,
39-25. Sig. Eiðsst. 38, Sveinn Kárastöðum 38, Þorst. Geithömrum 38, Eiríkur G. Sjótshólum 36, Guðm. Snæringsst. 36, Jónas Eiðsst. 36, Pálmi Löngumýri 32, Jóh. Holti 30, Sigv. Hrafnabjörgum 30, Sigurbj. Rútsst. 28, Jón Gunnfríðarst. 25, Steingr. Holti 25.
24-15. Erl. Tungunesi 22, Guðm. Löngumýri 21, Bened. Eldjárnsst. 19, Erl. Búrfelli 19, Þorl. Sölk. 19, Bjarni Litladal 18, Björn Rútsst. 17, Ingv. Eldjst. 17, Páll Búrfelli 17, Ármann Snæringsst. 16, Gunnar Svínavatni 16, Eysp. Meum 15, Hannes G. Guðlaugsst. 15,
14-10. Einar Hrafnabjörgum 14, Erasmus Sölk. 14, Þorst. Löngumýri 14, Elísab. Tungunesi 12, Eiríkur Sjótshólum 12, Jón Auðkúlu 12, Erasmus Seli 12, Magnús Tungunesi 12, Sigurð. Gafli 12, Stefán Eiðsst. 12, Jón Búrfelli 11, Kristinn Löngumýri 11, Jóh. Gafli 10, Kristján Ásum 10, Sigurbj. Hálkest. 10, Stefán Sjöl. 10.

\# + \# \#

# Sveitar-annáll.

## Hörmulegt slys.

Í fárviðrinu 2. okt. s. l. drukknaði í Víðidalsá ungfrú Rósa Brynjólfsdóttir frá Stóradal. Var hún á leið suður til Reykjavíkur, til vetrardvalar. Slysið bar þannig að, að hestur datt með hana í Steinsvaði og losnaði hún við hestinn, en varð ekki náð. Líkið fannst ekki fyr en 17. okt. og var flutt hingað uppeftir og jarðsungið að Svínavatni 3. þ. m. af sóknarprestinum sra. St. M. Jónssyni.

Rósa María Brynjólfsdóttir var fædd á Eyrarbakka 26. sept. 1896 og varð hún því ekki nema 21 árs gömul. Ólst hún upp þar hjá foreldrum sínum: Brynjólfi Vigfússyni smið og Þóreyju Sveinsdóttur og fluttist með þeim hingað norður í vor, er þau hjón brugðu búi og fluttu til dóttur sinnar og tengdasonar, hjónanna í Stóradal.

Rósa sál. var mesta myndarstúlka, vöxturinn hraustlegur og viðmótið hreint og aðlaðandi.

Harmur mikill er kveðinn að þeim foreldrunum. Rósa var yngsta barnið, ljósgeisli hinna foreldranna í ellinni.

\# \# \#

**Hreppsnefndarfundur** 22-24. nóv. (Ágrip.)
Reikningar um tekjur og gjöld sveitarsjóðs 16/17 framlagðir. Útdráttur úr honum kemur síðar í blaðinu.
Samþykkt áætlun jafnað niður er sem útsvari # um kr. 2100,00.
Ellistyrk úthlutað. Fimm höfðu sótt

og var styrknum skift þannig á milli allra umsækjenda: Ingiríður Grund 44.71 kr., Guðrún Holti 40 kr., Guðm. frá Holti 25 kr., Valdís Reit 25 kr., Ingibjörg Tindum 20 kr.

Samkomulag um sækja heild 100 kr. styrk til Ólafíu Vilhjálmsdóttur í Finnstungu til ljósmóðurnáms, gegn að minsta kosti 5 ára starfi hér í sveit.

[illegible] styrk af sýslusjóði til sleðabrautar frá Svínavatni fram í Blöndudal (móts við Hóla).

Samþykkt 2000 kr. lántaka til að borga með malvöru og eldarmjöl, er sveitarsjóður hefir nú eignarhald á.

Samþykkt að sveitarsjóður leiti um 25-30 þúsund kr. dýrtíðarlán.

Nokkur fleiri mál hafði fundurinn til meðferðar, þó hér séu eigi talin.

\# \# \#

## Óskilafé

óvenju margt var selt hér í hreppi í haust. Alls seldar (ómerkinga) 137 kindur á samtals kr. 2303,80. Af þessu eru 105 kindur úr Biskupstungnahreppi í Árnessýslu, er seldust samtals fyrir 1836,60. Auk þess eru nokkrar kindur hingað og þangað annarsstaðar úr Árnessýslu. Þeir nafnar, Lárusar, á Auðkúlu og í Seli hirtu og nokkrar kindur úr Tungunum. Eigi færri en rúml. 120 kindur úr Árnessýslu hafa því komið fyrir hér í hreppi í haust.

Að þessum 105 kindum úr Tungunum eru 39 eigendur. Flest á mann er 11 kindur, svo er einn með 8, annar með 7, þriðji með 6 og margir með 3-5 kindur.

Stærsta upphæðin hjá einum manni er kr. 247,60 (hjá Þórði á Stóra-Fljóti) og fimm eru með um 100 kr. hver.

\# — \#

**Jón Eyþórsson** frá Hamri lauk stúdentsprófi í vor við Mentaskólann í Reykjavík og les nú veðurfræði við Hafnarháskóla.

\# \# \#

**Hilmar Stefánsson** frá Auðkúlu fór suður til Reykjavíkur um miðjan okt. s.l. Hann hefir fengið bankaritarastöðu við Landsbanka.

\# \# \#

x x x

## Jón Árnason

frá Stóra-Vatnsskarði, er hér var farskólakennari um eitt skeið og mörgum Svínvetningum er að góðu kunnur, er orðinn fastur starfsmaður á skrifstofu S.Í.S. (Samb. ísl. samvinnufélaga) í Reykjavík. Hafði Jón áður kynt sér alt ítarlega samvinnufélagsskapinn, bæði hér á landi (Akureyri) og erlendis. Dvaldi Jón í Danmörku síðastliðinn vetur í þeim erindagerðum.

\# \# \#
\#

**Ýmsar sveitarfréttir** verða að bíða næsta blaðs, sem kemur út, að öllu forfallalausu, á milli jóla og nýárs.

\# \# \#
—

**Sveitin**, sveitarblað fyrir Svínavatnshrepp, minst 6 tbl. á ári. — Útgefendur Bjarni Jónasson, Hannes Pálsson og Jón Jónsson
Ritstjóri: Bjarni Jónasson.

# Sveitin.

I. árg. | Litladal í desember 1917. | 2. tölubl.


## Stærsta sveitarþrifamál vort.

Þad voru mér og líklega fleirum gledítídindi sú framtakssemi ad koma á gang nýju sveitarbladi hér í sveitinni. Á því má sjá vott fyrir lífsmarki, sem gæti ef til vill ordid til þess, ad einhverir fleiri menn rumskudust, en útgefendurnir og færu ad nudda stýrurnar úr augunum og fyndu sig knúda til ad slást í för med þessum ungu leidtogum, í því skyni ad bregda einhverri birtu yfir bygd vora, til ad gjöra hana vistlegri og meir adladandi, en hún nú er, eda virdist vera. Blad þetta „Sveitin“ er sent oss, til ad vekja oss til umhugsunar og skrafs og rádagerda um þau mál, er til sveitarþrifa teljast, og ef menn leggjast á eitt í því ad leita þau uppi í huga sér, ræda þau í bladinu og á mannfundum og komast ad einni fastri nidurstödu um þau, er ólíklegt ad eitthvert þeirra komist ekki med tíd og tíma til farsællegra framkvæmda.

Þrifamálin eru mörg og hefir fyrsta bladid drepid á nokkur þau sjálfsögdustu og þau sem fyrst liggja fyrir til umhugsunar, umrædu og loks framkvæmda. Eitt þeirra er samgöngumál sveitarinnar. Ad samgöngurnar bætist til stórra muna er, ad mínu viti, fyrsta og sjálfsagdasta málid sveit vorri til verulegra þrifa í andlegu og líkamlegu tilliti. Bætist ekki vegirnir í nánustu framtíd, svo ad vér getum notad oss á þeim [illegible] almennustu samgöngufæri, midad vid ísl. stadhætti, megum vér vera vissir um, ad þessi sveit dregst aftur úr ödrum sveitum svo mjög, ad framtídarþrif hennar verda vafasöm. Ég ætla mér ekki ad rökstydja þessa skodun mína, enda takmarkar bladid rúmid. En þad sem ég vildi sagt hafa med línum þessum er þad, ad ég vildi bidja allan almenning ad fara nú ad leggja hugann ad vegagjördamáli sveitarinnar.

Fyrst þarf ad finna út hvar og hvernig vegur eda vegir yrdu lagdir frá sveitinni til kauptúns vors, svo flest býli, helst öll mættu gagn af hafa. Er einn vegur mögulegur eda þurfa fleiri? Í þessum heilabrotum verdur einnig ad líta á kostnadarhlidina. Ég býst vid ad menn hver heima í sínu horni þykist hafa lítil tæki til ad hugsa nokkud til gagns þetta stóramál, ekki síst ad því er snertir kostnadarhlidina, en vér erum allir og öll svo kunnug sveitinni og stadháttum milli hennar og Blönduóss, ad vér ættum ad geta séd hvar tiltækilegast væri ad leggja veginn eda vegina. Eftir nokkurn tíma þarf svo ad koma saman sveitarfundur eda sveitarfundir, þar sem mál þetta yrdi rætt svo ítarlega, sem hægt væri og einhverjum einum eda fleirum falid ad leita allra naudsynlegra upplýsinga, þær sem þar væri hægt ad fá og sídan ad ákveda eitthvad um framkvæmdir.

En þungamidja þessa máls er ad rasa ekki fyrir rád fram, fá sem ábyggilegasta undirstödu og sem bestar upplýsingar. Án skodunar og áætlunar ábyggilegs verkfrædings er audvitad óhugsandi ad leggja

út í nokkra framkvæmd, því reynslan er búin til fullnanlega að sýna oss Íslendingum, að í vegamálunum hefir oss skjátlast einna mest. Hver vegurinn eftir annan sem kostað hefir stórfje er aflagður innan fárra ára, af því að tæknin, þekkingin og reynslan hefir sýnt fram á að annar vegur, öðruvísi lagður, á öðrum stað var hentugri. Í vegamálunum eða þegar um nýjar samgöngur er að ræða, ríður á að vera gætinn og glöggskygn, en umleið framsýnn og víðsýnn. „Það skal vel vanda, sem lengi á að standa", á ekki síst við í svona löguðu máli.

Jeg ann hverjum þeim, sem þorir að hugsa hátt, þessi stóra hugsun að byrja nú, ef hentugt fjármunalegt tækifæri býðst með dýrtíðarlánsframboði landssjóðs, á að búa í haginn fyrir framtíðarþrif sveitarinnar. Sú hugsun, segi jeg, er að mínu viti heilbrygð og tímabær, nærri sjálfsögð. Og af því það var, er og og verða mun hjartfólgin samfæring mín, að bættar samgöngur sjeu sveitar þessar fyrsta þrifamál, er það eindregin áskorun mín til þeirra manna, sem nú hafa helst sveitarmálin með höndum, að þeir láti í þessu efni ekki lenda við orðin tóm og byrji á að hreyfa málinu innsveitis. Unga kynslóðin á sjerstaklega að láta þetta mál til sín taka. Hún er framtíðin og þetta mál er aðallega framtíðarinnar mál. Hún á að njóta. Sigurvænleg afrek þess eru aðallega komin undir vitkunn-ar og dugnaði.

Auðkúlu 14. des. 1917.

St. M. Jónsson.

\+ + +

# Dýrtíðarspjall.

## II

## „Holt er heima hvað".

Í fyrsta tölubl. Sveitarmanns er komist að þeirri niðurstöðu, að við þurfum að lifa meir á eigin framleiðslu, en gert hefir verið. Við þurfum því að nota oss eins og hægt er það, sem land vort hefir að bjóða til matfanga og reyna á þann hátt að draga úr kaupum á erlendu matvörunni, en það er nauðsynlegt, í fyrsta lagi til þess að eðlilegt verslunarjafnvægi haldist við útlönd og í öðru til þess að geta frekar staðist, þó samgöngurnar stöðvist út á við um nokkurn tíma, sem vitanlega getur orðið. Að því hefir nánar verið vikið hér áður (1. tbl.).

En hvað getum vér gert í þessu efni? Margt. Hér í sveit eru kúabú yfirleitt lítil eins og eðlilegt er, þar sem sveitin er sjerstaklega fallin til sauðfjárræktar. En við getum aukið málnytuna með því að taka upp fráfærur að nýju. Þá eru fjallagrösin. Vansalaust getur það naumast talist, ef vér förum ekki til grasa að vori. Vatnsdælingar tóku almennt grös í vor er leið og ljetu vel yfir þeirri búbót. Garðræktina þurfum vér að auka að miklum mun og megum vér ekki láta hugfallast, þó illa tækist til víða með uppskeruna í haust. Rófur þrífast hér á hverjum bæ. Verr mun ganga með kartöflurnar, þó tel jeg líklegt, að þær megi rækta hér á flestum eða öllum heimilum, ef áhugann vantar ekki og umhirð er af skynsamlegu viti. Þá eru veiðivötnin. Um þriðjungur sveitinnar manna nær að Svínavatni og sér er meiri eða minni

veiði í öllum heiðarvötnunum. Enginn minsti vafi á því að hafa má miklu meiri nytjar silungsveiðanna, en verið hefir, en örðugt getur ef til vill orðið að afla sér netja.

Hér hefir nú verið lauslega drepið á nokkrar helstu leiðirnar, til þess að lifa meir á eigin framleiðslu. Menn ættu svo seinna taka hvert atriði nánar til athugunar í blaðinu í greinum undir fyrirsögn þessari framanritaðri (Dýrtíðarspjall). Bjóst eg við, að hvert tölubl. í vetur flytti smá grein um þetta efni.

B. J.

\+ \+ \+

# Útdráttur

## úr búnaðarskýrslu Svínavatnshrepps 1917

Fénaðareigendur alls 68, búendur 37 og aðrir fénaðareigendur 31.

Framtalinn fénaður er samtals sem hér segir:
Kýr 96, geldneyti eldri en vetrg. 2, geldneyti vetrg. 9, ær með lömbum 2929, ær lamblausar 896, sauðir og hrútar 127, gemlingar 616, hross 4v. og eldri 438, hross 1-3v. 234.

Fénaður þessi skiftist þannig á búendur og búlausa:

| | Búendur: | Búlausir: |
|---|---|---|
| Kýr | 94½ | 1½ |
| Geldneyti eldri en vetrg. | 2 | " |
| Geldneyti vetrg. | 9 | " |
| Ær með lömbum | 2482 | 447 |
| Ær lamblausar | 791 | 105 |
| Sauðir og hrútar | 105 | 22 |
| Gemlingar | 524 | 92 |
| Hross 4v. og eldri | 333 | 105 |
| Hross 1-3 vetra | 175 | 59 |

Jarðargróði á árinu er talinn:
Taða 5685 hestar
Úthey 12025 — " —
Kartöflur 4½ tunnu
Rófur 33 — " —
Mór 215 hestar

\+ \+ \+

# Gjaldskyld

## lausafjárhundruð í Svínavatnshreppi haustið 1917

Framteljendum raðað eftir hæð gjaldskyldra hundraða. Talan í svigá fyrir aftan nafn hvers framteljanda er framtalið lausafé hans í hundruðum og álnum. Frá framtalinu er fyrst og fremst dregin vanhöld og jarðarkúgildi og svo frá því sem þá er eftir 1/7 hluti.

46. Páll Guðlaugsstöðum (60. 85 ál.)
28. Jón Stóradal (40. 94 ál.) Hannes Tolfs. (35. 98 ál.)
22. Guðmundur Holti (29. 12 ál.)
21,5. Sigurjón Tindum (30. 116 ál.)
21. Jón Gíslason Löngumýri (25. 74 ál.)
19,5. Jón Pálmason (27. 36 ál.) Jónas Ásum (26. 42 ál.)
Jónas Litladal (25. 1 ál.)
x 18. Þorsteinn Grund (26. 62 ál.)
15. Jónas Eiðsstöðum (19. 64 ál.)
14,5. Guðmann Snæringsst. (19. 75 ál.)
14. Þorleifur Búrfelli (21. 42 ál.)
13,5. Lárus Auðkúlu (16. 42 ál.) Sveinn Sæli (15. 92 ál.)
13. Þorsteinn Geithömrum (16. 82 ál.)
11. Eysteinn Hamri (13. 27 ál.)
10,5. Eiríkur S. Ljótshólum (16. 74 ál.)
9,5. Steinn Kárast. (13. 114 ál.) Jóh. Holti (11.)
9. Sigurður Eiðsstöðum (12. 94 ál.)
8,5. Björn Ytri-Löngum. (13. 50 ál.) E. Tungunesi (10. 39 ál.)
8. Karl Gunnst. (10. 10 ál.) Sig. Hrafnab. (12. 12 ál.)
7. Bened. Eldjárnst. (9. 115 ál.) Sigurv. Syðri-Löngum. (9. 42 ál.)
6,5. sr. Stefán Auðkúlu (12.)
6. Guðmundur Löngumýri (8. 46 ál.) Einar Hrafnab. (7. 85 ál.)
* 19. Jóhannes Svínavatni (32. 104 ál.)

3,5 # Jón Búrfelli (7 # 102 ál) Guðm. Löngumýri (6 # 110 ál
3 # Elísab. Tungunesi (7 # 110 ál) Ól. Búrfelli (6 # 30 ál)
Jón Gunnfrst. (6 # 30 ál)
4,5 # Valdim. Stóru (6 # 77 ál) Hinrik Snæringsst. (5 # 90 ál
Magnús Tungunesi (5 # 82 ál) Ingv. Eldjst. (5 # 80 ál
Bjarni Litladal (5 # 55 ál) Kristján Ásum (5 # 35 ál
4 # Bened. Mosfelli (7 # 5 ál) Páll Búrfelli (5 # 40 ál
Sigurbj. Rútsst. (5 # 30 ál) Ingrím. Búrfelli (4 # 100 ál
Pálmi Löngumýri (4 # 100 ál)
3,5 # Gunnar Svínavatni (5 # 30 ál) Sigurj. Rútsst. (4 # 75 ál
Árm. Snæringsst. (4 # 50 ál) Erl. Eiðsst. (4 # 20 ál
3 # Lárus Sölf. (3 # 100) Þórð. Reit (3 # 100 ál
Guðm. Tungunesi (3 # 70 ál) Jón Kollusst. (3 # 85 ál
2,5 # Jóh. Gafli (3 # 22 ál) Lárus Seli (2 # 116 ál)
2 # Eiríkur H.stöðum (3 # 20 ál) Ólaf. Búrfelli (2 # 10 ál)
Þorsteinn Löngumýri (2 # 60 ál)
1,5 # Jón Auðkúlu (2 # 30 ál) Haraldur Ásum (1 # 115 ál
Stefán Eiðsst. (1 # 110 ál) Steingr. Kolli (1 # 105 ál
Ágúst Tungunesi (1 # 90 ál)
1 # Sigurbj. Kollust. (1 # 100 ál) Sveinn Kollust. (1 # 30 ál
0,6 # Kristinn Löngumýri (1 # 23 ál)

# Sveitar-annáll.

**Lestrarfélagið Fjölnir** hér í sveit hefir náð all-góðum þroska, þó ungt sé. Kaupir félagið nú meiri hluta bóka, sem út koma á íslensku. Bókavörður félagsins er Ólafur í Litladal. Auk þess er safnið í tveim undirdeildum: Blöndudalsdeildin (deildarbókavörður Hannes Guðlaugsst.) og Hálsabæjadeildin (deildarbókavörður Páll Búrfelli). Til einhvers þessara þriggja manna eiga félagar að snúa sér í bókaerindum. Munið að félagið hefir nú þegar flestar nýjar bækur íslenskar. Þeir sem vilja gerast félagar geta snúið sér til félagsstjórnarinnar, en í henni eru auk bókavarðar þeir: Hannes Guðlaugsst., formaður og Bjarni Litladal gjaldkeri. Bækur hafa stigið mjög í verði síðan stríðið hófst, en félagsgjöldin í Fjölni hafa ekkert hækkað. Til þess að þurfa þó ekki að draga saman seglin, hefir félagsstjórnin gefið félaginu gemling (lamb), sem dregið verður um seinni partinn í vetur eða í vor. Verða drættirnir (miðarnir) 50 og kostar hver 1 krónu og fást á Guðlaugsstöðum og Litladal. Hver fær gemlinginn? Reynið gæfuna!
Styðjið gott fyrirtæki!

Meðal umsækjenda um Gautsdal, sem nú er boðinn til kaups, hefir Sveitin heyrt nefnda þá Lárus á Auðkúlu og Erlend í Tungunesi.

Einar Eyjólfsson á Hrafnabjörgum mun flytja í vor búferlum norður í Fljót, býðst honum þar til ábúðar jörðin Slétta. Sveitin átti fyrir skömmu tal við Einar og kvað hann norðurförina þó ekki fullráðna, en að hann myndi að öllu sjálfráður sæta þessu boði.

**Fjárkláði.** Almenn kláðaskoðun fer um þessar mundir fram hér í sveitinni og er henni lokið, nema í Svínadalnum, en þar verður skoðað þegar úr nýári. Fjárkláði hefir fundist á þessum bæjum: Ásum, Sólheimum og Svínavatni. Útrýmingarböðun hefir þegar farið fram í Sólheimum. Nánari fréttir síðar.

**Sveitin** sveitarblað fyrir Svínavatnshrepp, minnst 6 tölubl. á ári.
Útgefendur:
Bjarni Jónasson, Jón Jónsson
Hannes Pálsson
Ritstjóri
Bjarni Jónasson.

# Sveitin.

I. árg. | Litladal í janúar 1918. | 3. tölubl.

## Árid 1917.

Það heyrir undir starfssvid Sveitarinnar ad minnast lidna ársins, og hefi eg því ritad greinar þær, er hér fara á eftir. Dagbók hefi eg haft ad styðjast vid frá 16. júlí, en um hinn hluta ársins vedurskýrslu eftir Ármann á Snæringsstödum. Frásögnin er algerlega bundin vid sveit vora.

×

### 1. Tídarfar.

Ársbyrjun lá all-mikill snjór á jördu, þó sumstadar hagi. Í hlákum um og eftir midjan janúar tók snjóinn mjög upp. Snjólétt og mjög hagstætt leid svo fram undir marsmánadarlok. Þrjá seinustu dagana í mars nordanhríd og gerdi töluverda fönn. Seinni partinn á laugardaginn (7. apr.) fyrir páska gerdi áhlaupa nordanhríd med miklu frosti, er hélst í 3 daga og setti þá nidur mikla fönn. Kuldar og hrídar áfram fram um sumarmál. Sunnudaginn fyrstan í sumri (22. apr.) hlánadi, — óhemju úrfelli þann dag. Hláka aftur 25. apr. og leysti snjóinn ad mestu, en brá þegar aftur til nordanáttar og kulda.

Vorid mjög kalt og þurvidrasamt. Einna mest kvad ad kuldunum um og eftir hvítasunnuna. Hretum hvítasunnuna og gaddhörkur alla vikuna út til trinitatis. Naumast stunguþítt um midjan júní og klaki jafnvel ekki úr jörd fyr en um júlílok.

Fyrripartinn í júlí breytti til um vedráttu. Hitar og votvidri frá því um midjan mánudinn, ödru hvoru til 10. ág. Gekk þá til nordanáttar. Þurvidri og kuldar það, sem eftir var mánadarins, — einstaka dag þó heitt. Frost á nóttum frá 21. ág. og flestar nætur mánudinn út, sérstaklega mikid frost adfaranótt þess 29., jörd þá alhvít af héli ad morgni. Hret 2. sept. Óstödug tíd frá 6. sept. Votvidri, gránadi oft í fjöll, — einstaka þurkdagur þó fram um midjan mánudinn.

Stödug ótíd frá 25. sept. til jóla. 25. sept. gerdi töluverdan snjó, en tók þó af láglendi 30. sept. og 1. okt. — 2. okt. mesta fárvidri. Óhemju úrfelli fyrri part dagsins, en gekk í nordrid um hádegi med kulda og snjógangi og daginn eftir gerdi töluverdan snjó. Miklir kuldar og fjúkhrídingur svo stödugt til 19. okt., en þann dag hlánadi og tók snjóinn þá upp ad mestu af láglendi, en brá þegar aftur til kulda og snjóa. 25.–27. okt. nordanhríd og gerdi töluverdan snjó og voru lömb vída tekin á hey. Svínavatn lagdi ad fullu adfaranótt þess 28. okt. og má þad víst heita einstakt, ad þad leggi svo snemma. Hlákur og hrídar sitt á hvad til 26. nóv. og var þá ordid töluvert jardskarpt til hálsa. 26. nóv. hlód nidur óhemju snjó í logni og svo stödugar hrídar, ad heita mátti, til jóla. Sud-vestan hláku-blotar 4. og 17. des. hleyptu öllu í gadd. Þá sjaldan, er úrkomulaust var, var mjög frosthart (2. 9. og 16. des.)

Hlánaði á aðfaranótt þess 27. des. og hélst hlákan fram yfir hádegi þess 28. Vann lítið á gaddinn, en kom þó víðast upp einhver jörð.

Innistaða að heita mátti alls staðar á sauðfé frá 26. nóv. og kjarglaust fyrir hross um miðjan des. (einhverstaðar á Hálsbæjunum). Öll hross víðast tekin á hús, en margir slepptu nokkrum aftur í hlákunni fyrir nýárið.

## 2. Fénaðarhöld

Vetrarhöld og vorhöld yfirleitt góð. Fénaðurinn gekk ágætl. undan vetrinum og þoldi því betur vorkuldana. Unglambadauði að vísu nokkur á sumum bæjum. Haustheimt voru, þó urðu heimtur yfirleitt þolanlegar.

Illa tókst til með allar fjárleitir. Að tilhlutun þings og stjórnar, var fjallskilum frestað um viku, en það varð til þess, að hvorugar göngurnar voru afstaðnar, er hríðin spilltist. Hríðin 25. sept. lenti á fyrri göngunum, en hríðarnar 2. og 3. okt. á þeim seinni og lágu gangnamenn um kyrt síðari hríðardaginn. Eftirleit var gerð á heiðina 24. okt., en kom að litlu gagni. Leitarmennirnir lentu í veturnáttahríðunum (25.–27. okt.). Leituðu þeir einungis þann 24. (fundu 13 kindur) og lágu um kyrt á Kolkuhól 2 fyrri hríðardagana og komu ofan í byggð að kveldi þess 27. Síðar engin tiltök með fjárleitir.

Eitthvað mun hafa farist af fé í veturnáttahríðunum, enda var fé víðast ekki tekið til hýsingar fyr en í byrjun hríðanna.

Mjög voru dilkar farnir að leggja af á síðari hluta fjártöku og skaut fé því ekki eins vel og það hafði upprunalega vænleik til.

## 3. Heyföng.

Heyfyrningar alment töluverðar eftir veturinn, enda kom svo fátt hrossa á hús, að margir fyrndu jafnvel með frá sauðfé, en í sauðfé fóru mikil heysemmo part vetrar og um vorið.

Lengi leit mjög illa út með grassprettu. Engi hálfgrátt yfir að líta fyrri partinn í júlí. Sláttur byrjaði því mjög seint, eigi fyr en um og eftir miðjan júlí. Skömmu ~~eftir~~ fyrir sláttarbyrjun fór fyrst að spretta fyrir alvöru, en mest spratt þó eftir að farið var að slá, og þaut grasið upp á óvenju skömmum tíma. Tún urðu þó ekki í meðallagi við fyrrislátt, en bættu það upp með óvenju mikilli há, en engi varð yfirleitt töluvert í betra lagi.

Heyskapartíðin var yfirleitt hagstæð til 6. sept. Um túnaslátt og fyrst á engjaslætti að vísu nokkur votviðri, en þó ekki svo að hey hrektust til muna. Stöðugir þurkar svo í mánuð og varð nýtingum þann tíma ágæt. Flestir áttu eitthvað meira eða minna úti, er snjóinn gerði í sept., og náðust ~~ekki~~ þau hey seint og illa verkuð, – margir urðu að setja eitthvað samanblautt. Hey urðu þó ekki úti hér í sveit, nema lítilsháttar á hinum bæjum. Heyföngin urðu þó með mesta móti, töluvert meiri en undanfarin ár. Samkvæmt skýrslum hreppstjóra hafa heyin í haust verið viðlíka og 1909, úthey meiri nú, en taðan aftur minni.

## 4. Garðávextir

Áraði illa fyrir garðræktina. Uppskeran á árinu þó vel í meðallagi, og virðist það bera vott um aukinn áhuga. Fáir eða engir voru búnir að taka upp úr görðum, er tíðin spilltist. Uppskeran

mun þó hafa náðst upp að mestu leyti að lokum, en víðast nokkuð skemd.

## 5. Verklegar framkvæmdir.

Örðugt með verklegar framkvæmdir, vegna dýrtíðarinnar. Tíðin einnig óhagstæð til þeirra hluta. Vegna vorkuldanna byrjaði útivinna seint og tafði klaki töluvert fyrir við jarðabótastörf. Og ekki notaðist þó að haustinu. Jörð stöðugt frosin frá mánaðarmótum september og október. Haustverkin því ýmist ógerð eða hálfgerð. Sumir gátu jafnvel ekki byrgt öll hey sín. Eldiviður náðist víða ekki inn að fullu og allsstaðar að kalla óþurr á völl.

Að vegagerð unnu til jafnaðar 6-8 menn alt vorið. Unnið bæði milli Sólheima og Svínavatns (Austurbrautin og í Svínadalnum (Svínadalsbrautin). Austurbrautin lengd um 260 m. og alls mölborið þar um ½ km. Á Svínadalsbrautinni einungis unnið að mölburð. Auk þess unnið á nokkrum stöðum í hreppavegi.

Bændur unnu nokkuð að jarðabótavinnu — túnasléttun, — þó mun dagsverkatalan vera með töluvert lægra móti.

Lítið kvað að byggingum, enda var alt útlent byggingarefni illfáanlegt og rándýrt. Upprekstarfélagið (Svínavatns- Torfalækjar- og Blönduóss-hreppa) bygði upp á vorinu heiðarskálana á Kolkuhól og við Kálfukvísl. Það eru all-góðar byggingar, með járnþaki undir torfi og þalli í helming stærðar, að stærð 6.6 ál. hvor. Brynjólfur Vigfússon smiður frá Eyrarbakka bygði sér hús úr torfi og timbri í heiðinni í Stóradal. Stofuhús var bygt á Tindum.

Framfaranýjungar eru tilraunir nokkurra bænda (Jónasar Ásum, Páls Guðlaugsst., Jónasar Eiðst. og Guðmanns Snæringsst.) með súrheysverkun. Það eru byrjunartilraunir í þeim efnum hér í sveit og vonast Sveitin eftir að geta síðar skýrt frá árangri þessara bænda, og biður hún þá að senda sér við tækifæri skýrslu um súrheysgerðina.

## 6. Ýmislegt.

\+ Fólkstal í ársbyrjun alls 272 manns. Verkfærir karlar (20-60 ára) í okt. 63.

Mannalát á árinu:

Guðrún Eysteinsdóttir ekkja í Syðsta-hólunum.

2. okt. Rósa Brynjólfsdóttir ungfrú í Stóradal, drukknaði í Víðidalsá.

Ábúendaskifti urðu á þessum jörðum: Ytrilöngumýri, Rútsstöðum og Gafli. Löngumýri losnaði úr ábúð við fráfall Eggerts bónda Pálmasonar (dáinn 1/6 1916), en þangað flutti Jón bróðir Eggerts. Seldi Jón eignar- og ábúðarjörð sína: Mörk á Laxárdal og keypti Löngumýri af föður sínum, Pálma Jónssyni. Ekkjurnar Sigurbjörg Ólafsdóttir á Rútsstöðum og Signý Sæmundsdóttir í Gafli hættu búskap. Rútsstaði tók til ábúðar Björn Magnússon frá Guðrúnarstöðum, en Gafl Sigurvaldi Jósefsson (áður á Rútsstöðum).

Aðrir nýir bændur: Jóhann Guðmundsson (bónda í Holti) á hálfu Holti og Einar Eyjólfsson (áður á Steinastöðum) á hálfum Hrafnabjörgum.

Starfandi félög:

1. Búnaðarfélag Svínavatnshrepps (formaður Jón Pálmason Löngumýri.
2. Lestrarfélagið Fjölnir (formaður Hannes Pálsson Guðlaugsstöðum.
3. Málfundafélag Svínavatnshrepps (formaður Jóhann Guðmundsson Holti.

\+ Í næsta blaði kemur endurbætt skýrsla um fólkstalið í árslok.

## 7. Hagur og horfur.

Sett á vetur mun hafa verið með mesta móti í haust. Hrossunum eðlilega fjölgað töluvert mikið, þar sem um engan útflutning á þeim hefir verið að ræða á árinu. Sauðfé einnig fjölgað, munu flestir hafa sett á með flesta móti af lömbum. En efnahagurinn hefir ekki aukist að sama skapi. Skuldir til muna vaxið og flest heimili þó miklu ver birg með matarforða til vetrarins, en venja er til. Horfurnar við áramót því alls ekki glæsilegar: Jarðbönn að mestu um alla sveitina og þó heyföng væru mikil í haust, munu birgðirnar ekki nægar, til að standast áframhaldandi harðindi til sumars. Á nokkrum bæjum var einhverju af eldri hrossunum fargað af heyjum fyrir jólin. Svo liggur hann fyrir landi vogesturinn norðan úr „Dumbshafi" — hafísinn. Við áramótin bannar ísinn þegar skipaleiðina fyrir Horn.

B. J.

+ + +

# Sveitar-annáll.

**Dáin.** Gamalmennið Guðrún Jónsdóttir í Holti andaðist 6. þ. m. Jarðarför hennar fór fram 28. s. m. „Sveitin" minnist hinnar látnu síðar.

**Hreppsnefndarfundur** 27. þ. m. Útsvarskæra frá Stefáni Þorkelssyni í Syðri-hólum tekin til meðferðar. Kæran tekin aftur.

**Fjárkláðinn.** Á 5 bæjum fór engin kláðaskoðun fram að sinni, því féð var ~~ný~~ baðað þrifabaði. Kláði hefir ekki fundist á fleiri bæjum, en þessum 3, sem nefndir eru í síðasta blaði. Í Sólheimum fannst kláði á 2 kindum og á Ásum og Svínavatni á 1 kind á hvorum bænum. Að Sólheimum mun sýkin hafa borist frá Köldukinn með fóðrafé frá síðastl. vetri og Svínavatnskindin ugglaust sýkst í haust af Sólheimafénu. Á Ásum var sýkin í hrút, aðfengnum í haust frá Blönduósi. Hrútur þessi kom ekki að Ásum fyrri en í byrjun nóv. og hafði ekki komið saman við neitt fé á bænum, annað en hina hrútana. Útrýmingarböðun á hrútunum á Ásum fór fram fyrir nýárið. Annað fé verður þar ekki baðað útrýmingarbaði. Útrýmingarböðun hefir ekki enn farið fram á Svínavatni.

**Sveinn á Lárastöðum** hefir bæst við meðal umsækjendanna um Gautsdal.

**Pöntunarskuldir.** Ábyrgðarmenn Svínavatnshreppsdeildar K. H. urðu að taka 800 kr. lán, til þess að borga með skuldir deildarinnar við félagið.

+

**K. H.** fékk með „Sterling" fyrir jólin **vörur**, sem **pantaðar** höfðu verið hjá því árið sem leið, sem svaraði:

$\frac{1}{2}$ af allri hveiti-pöntun
$\frac{1}{5}$ — " — hrísgrjóna-pöntun

og nokkuð af hafragrjónum, sem verða afhent í staðinn fyrir haframjöl, sem kemur alls ekki, og að nokkuru í staðinn fyrir hrísgrjón. Auk þess kom nokkuð af smádóti til Pöntunardeildar, svo sem: naglar, skeifnajárn o. fl.

**Sveitin**, sveitarblað fyrir Svínavatnshrepp, minst 6 tölubl. á ári.
Útgefendur: Bjarni Jónasson. Jón Jónsson
Hannes Pálsson
Ritstjóri: Bjarni Jónasson.

# Sveitin.

| I. árg. | Sitladal í febrúar 1918 | 4. tölubl. |
|---|---|---|

## Á hverju ríður Íslandi mest?

Ársriti fræðafélagsins 1917 em áskrifendum ritsins boðin verðlaun fyrir að svara ofannefndri spurningu, og eru verðlaunin þrenn, fyrir bestu svörin.

Það er hvorttveggja, að eg er ekki áskrifandi ritsins, enda datt mér ekki í hug, að mér mundi hepnast að vinna til verðlauna, þó eg reyndi að svara þessari spurningu. En af því að umhugsun um hana getur haft vekjandi áhrif, þá datt mér í hug að gera hana að umtalsefni í „Sveitinni“, en af því rúm blaðsins er mjög lítið, þá verð eg mjög fáorður.

Þegar svara á þessari spurningu, þá má búast við, að sitt detti hverjum í hug, því margt má nefna, sem hverju landi sé mjög áríðandi og þá altaf álitamál, hvað sé allra nauðsynlegast.

Eftir því sem heyra hefir mátt á ýmsum stjórnmálamönnum vorum undanfarin ár, þá má búast við, að sumir þeirra mundu nefna fullkomið stjórnarfarslegt sjálfstæði sem hið allra nauðsynlegasta. En á meðan þeir, sem mest fást við stjórnmálin hika ekki við að rægja hver aðra með meira og minna ósönnum sakargiftum, þá er hætt við, að blessun sú, sem landið hlyti með stjórnarfarslegu sjálfstæði yrði brigðul.

Ekki er ólíklegt, að sumir hagfræðingarnir mundu nefna efnalegt sjálfstæði sem allra nauðsynlegast, því peningarnir eru víða taldir að vera afl þeirra hluta sem gera skal, og er það satt, að mikið má með peningum gera, ef vel er á haldið. En það er líka áreiðanlegt, að í sumum löndum eru peningarnir meira til böls, en blessunar, þar sem þeir safnast á fáar hendur og þeim er beitt til að undiroka fjölda einstaklinganna í þjóðfélaginu. Það er því alls ekki víst, að það sé nein blessun fyrir hvaða land sem er, þótt mikill auður safnist þar saman.

Margt fleira mætti búast við að nefnt væri, sem hið allra nauðsynlegasta, en á því flestu er, frá mínu sjónarmiði, sá galli, að hætta virðist vera á því, að þeim gæðum væri misbeitt, svo að það ynni tjón á öðrum sviðum, sem máske æti upp þann hagnað, sem það leiddi af sér.

Eg játa það að vísu, að þessi ótti er sprottinn af því, að treysti ekki þjóðinni; en ef hver einstaklingur þjóðfélagsins væri góður og göfugur, þá væri þessi ótti ástæðulaus.

Góður og göfugur maður vinnur þjóðfélagi sínu jafnan gagn í hvaða stöðu, sem hann er. Hann hefir það altaf hugfast að láta sem mest gott af sér leiða og lætur eigin hagsmuni aldrei sitja í fyrirrúmi fyrir almenningsheill. Hann byrjar aldrei á því verki, sem hann hefir ekki sannfæringu fyrir, að muni verða þjóðfélagi sínu til góðs, og þó að sumt, sem hann tekur sér fyrir hendur mishepnist,

þá er það þjóðfélaginu samt til góðs, því af reynslu hans læra aðrir.

Göfugmennin öfundast aldrei yfir velgengni annara, heldur styðja og styrkja hver annan í hvívetna.

Væri þjóðfélag vort þannig skipað, að allir einstaklingar þess, legðu fram krafta sína, til þess að vinna því gagn eftir bestu sannfæringu og ítrasta megni, hver í sínum verkahring, þá væri framtíðarbraut landsins og þjóðarinnar björt og glæsileg. Þá mundi ekki langt að bíða, að þjóðin fengi fullkomið stjórnarfarslegt sjálfstæði, og auðsuppsprettur landsins eru nægilegar til að veita þjóðinni góða líðan, þó hún væri margfalt fjölmennari, en hún er nú, einungis, ef skynsamlega og með samhug og göfugmensku er að þeim unnið.

Það er því skoðun mín, að á Íslandi ríði mest á því, að einstaklingar þjóðfélagsins verði góðir og göfugir menn.

Jónas B. Bjarnason

\+ + +

# Dýrtíðarspjall.

## III.

## Fjallagrös.

Eg hefi áður stungið upp á því við þig, lesari góður, að við færum á grasafjall að vori. Þar sem enn þá er langt þangað til við getum lagt upp, skulum við nota tímann á meðan og spjalla ofurlítið saman um fjallagrösin.

Eg veit ekki um þá hvort þú vilt verða með og því verðum við að athuga spurninguna: Á eg að fara? Auðvitað förum við, ef við höldum, að það borgi sig. En borgar það sig? Til þess að geta svarað þeirri spurningu, þurfum við að afla okkur ýmsra upplýsinga.

Aðallega er það þetta tvent, sem við þurfum að athuga:

1. Næringargildi fjallagrasanna og
2. Hvað fjallagrösin verði okkur dýr.

### 1. Næringargildið.

Efnasamsetning fjallagrasanna er talin (P. Zoph.) sem hér segir:

Eggjahvíta 2.2 % eða 90.2 hitaeiningar í kg.
Fita 1.2 % — „ — 111.6 — „ — — —
Kolvetni 79.3 % — „ — 3251.3 — „ — — —
Samtals 3453 hitaeiningar í hverju kg.

Til samanburðar set eg hér töflu um efnasamsetning nokkurra erlendra fæðistegunda (kornvörunnar).

| Fæðistegund: | Eggjahvíta % | Fita % | Kolvetni % | Hitaeiningar í kg. |
|---|---|---|---|---|
| Hafragrjón | 15 | 6 | 64 | 3797 |
| Flórmjöl | 9 | 1 | 74 | 3496 |
| Hrísgrjón | 7 | „ | 78 | 3485 |
| Rúgmjöl | 2 | 2 | 70 | 3138 |

Hvað sýna nú þessar tölur? Hvorki meira né minna en það, að fjallagrösin okkar eru engu verri til manneldis, en erlenda kornvaran.

Ekki þarf þá þessi niðurstaða, sem við höfum komist að, lesari góður, að fæla þig frá því, að verða með á grasafjallið og þá skulum við athuga:

### 2. Hvað verða fjallagrösin dýr?

Þessari spurningu getum við vitanlega ekki svarað til fullnustu fyrri en við komum af grasafjallinu. Við getum nú einungis gert áætlun um kostnaðinn.

Eg hefi spurt all-margt eldra fólk um, hvað ætla mætti, að kvenmaðurinn hefði tekið mikið af fjallagrösum um vikuna. Svörin hafa ekki öll verið á einn veg. Flestir hafa sagt, að það hefði verið talið í meðallagi, ef 1 klyfpoki af þurkuðum fjallagrösum c. 50 kg. að þyngd fékst eftir kvenmanninn um vikuna, en sumir hafa aftur á móti talið meðal eftirtekju töluvert hærri og jafnvel eigi talið fágætt, að hestburðurinn (100 kg.) hafi fengist eftir duglegan kvenmann um vikuna.

Mér finst við geta búist við líkri eftirtekju nú og áður var. Unga fólkið er að vísu óvant að taka grös og myndi því eftirtekjan, ef til vill að öðru jöfnu verða eitthvað minni, en þar sem fjallagrös hafa ekki verið tekin í mörg ár, hlýtur að vera töluvert meira af þeim nú.

Að öllu þessu athuguðu, hygg eg óhætt að áætla, að eftir meðal kvenmann fáist áreiðanlega 50 kg. af fjallagrösum um vikuna.

Kostnaðurinn við útgerðina verður í þessum tveimur liðum:
1. Kaup og fæði grasakonunnar,
2. flutningskostnaður.

Flutningskostnaðurinn ætti ekki að verða mjög mikill, ef nokkrir menn væru í félagi um hverja útgerð. Við skulum t. d. gera ráð fyrir, að 6 kvenmenn væru gerðir út saman. Eftir þessa 6 kvenmenn ætti þá að fást 300 kg. af fjallagrösum um vikuna og samkvæmt því gerum við:

## Áætlun

um kostnað við að afla 300 kg. af fjallagrösum

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 1. Kaup og fæði 6 kvenm. í 8 daga 3/00 á dag | | 144.00 |
| 2. Flutningskostnaður: | | |
| a. Kaup og fæði 1 karlm. í 2 daga 5/00 | kr. 10.00 | |
| b. 19 hestadagsverk 1/00 | — 19.00 | 29.00 |
| Samtals kr. | | 173.00 |

Í áætluninni er gert ráð fyrir, að kvenmennirnir liggi við í 6 daga og karlmaður flytji þær og sæki. Eg get búist við, að sumir telji nauðsynlegt, að karlmaður fylgdi alveg hópnum — lægi einnig við grös, — en hitt var þó töluvert alment fyrrum, að kvenfólk eitt væri á grasafjalli. En þó hin leiðin væri tekin, myndi það ekki hleypa kostnaðinum fram, að neinu ráði, og þá ber einnig að taka tillit til þess, að hestavinna er áætluð all-hátt, því þá vinnu gæti bóndinn lagt sér til, án þess að baka sér sérstakan kostnað.

Samkvæmt áætluninni myndi hvert kg. af fjallagrösunum kosta heimkomið 58 aura.

Nú er auðvitað ómögulegt að segja hvert verðlag verður á útlendu vörunni að sumri, en mikil líkindi til, að það hækki og ef til vill til stórra muna.

Í Kaupfélaginu kostar nú:×

| | | |
|---|---|---|
| 1 kg. af | hrísgrjónum | 1 króna |
| 1 — — | hafragrjónum | 84 aura |
| 1 — — | rúgmjöli | 65 — |

Við verð þetta bætist svo flutningskostnaður úr kaupstað, sem hér í sveitinni mun mega gera 2 aura á hvert kg. (2 kr. á hestburðinn). Flutningskostnaðinum ætla eg þó að sleppa, láta hann koma á móti því, að nokkuð meiri vinna er að matbúa fjallagrösin, en kornvöruna.

× þ. e. Söludeildarverð

Hjá kaupmönnum mun erlenda matvaran vera eitthvað dýrari, en þó miðað sé við Kaupfélagsverðið, verða fjallagrösin tölvert ódýrust og til þess að sýna mismuninn nánar hefi eg gert eftirfarandi töflu:

Fyrir 1 eyrir fæst:

17½ gr. af fjallagrösum, er gefur 54 hitaeiningar
15½ — — rúgmjöli, — — 49 —
12 — — hafragrjónum, — — 46 —
10 — — hrísgrjónum, — — 35 —

Við erum þá komnir að þeirri niðurstöðu, að fjallagrösin séu bæði næringarrík og tiltölulega ódýr í samanburði við kornvörurnar. Og nú getum við loks svarað spurningunni: Á eg að fara á grasafjall? Við svörum henni hiklaust játandi. Hvert einasta heimili á að afla sér fjallagrasa að vori.

B. J.

# Sveitar-annáll.

## Fólkstal í Auðkúluprestakalli.

Samkvæmt skýrslu, sem sóknarpresturinn hefir góðfúslega látið „Sveitinni" í té, er fólkstal í prestakallinu við áramótin 19 17/18, sem hér segir:

| | Í Auðkúlusókn: | | Í Svínavatnssókn: | | Í prestakallinu: | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | fermdir | ófermdir | fermdir | ófermdir | fermdir | ófermdir | alls |
| Karlar | 32 | 21 | 63 | 20 | 95 | 41 | 136 |
| Konur | 36 | 18 | 62 | 31 | 98 | 49 | 147 |
| | 68 | 39 | 125 | 51 | 193 | 90 | 283 |

Niðurlagið á skýrslu sóknarprestsins hljóðar þannig:

„Ef fólkstalið er miðað við hreppinn, en ekki prestakallið, þá eru hreppsbúar við áramótin síðustu 284 að tölu, einum fleiri en í prestakallinu, því Marðarnúpssel er í prestakallinu, með 3 menn, en það er ekki í hreppnum; aftur er Holtastaðareitur í hreppnum með 4 menn, en hann er ekki í prestakallinu.

Á árinu hafa fæðst í hreppnum 7 börn, 5 kvm. 2 karl.
— — — verið fermd — — 4 — 2 — 2 —
— — — gift — — 1 hjón
— — — dáið — — 2 kvenmenn."

**Dýrtíðarlánið.** Oddviti hefir fengið tilkynningu frá stjórnarráðinu, að ekkert fé sé til, að sinni til dýrtíðarráðstafanna.

**Landssjóðsverslun.** — Viðskifti Svínavatnshrepps við Landssjóðsverslunina nema á árinu:

Í vor kr. 2541.70 + 10.6% (269.42) eða alls kr. 2811.12
— haust — 1735,55 + 12.2% (211.74) — — — 1947.29
Samt. kr. 4758.41

Auk þess verður að borga innheimtulaun af allri upphæðinni og vöxtu og afhendingarkostnað af fyrri upphæðinni.

**Ólafía Vilhjálmsdóttir** í Finnstungu hætti við að sækja ljósmæðraskólann. Henni hafði áður verið heitið námsstyrk af sveitarsjóði Svínavatnshrepps.

**Sveitin**, sveitarblað fyrir Svínavatnshrepp, minst 6 blöð á ári.
Útgefendur: Bjarni Jónasson, Hannes Pálsson, Jón Jónsson
Ritstjóri: Bjarni Jónasson.

# Sveitin.

| I. árg. | Litladal í mars 1918 | 5 tbl. |
|---|---|---|

## Nautgriparæktin í Svínavatnshreppi.

Eins og flestir hreppsbúar vita, hefir Nautgripafél. Svínavatnshrepps haldið áfram starfi sínu síðastliðið skýrsluár (1916–17), og eru skýrslur þess nú útreiknaðar og afhentar stjórn félagsins.

Ekki er hægt að álíta þessar skýrslur með öllu réttan spegil reynslunnar. Í fyrsta lagi er misjafnt hve kýr mjólka mikið frá ári til árs og getur bæði fóður og hirðing kúnna valdið því, ásamt ástandi kýrinnar sjálfrar t.d. hvort hún ber á sama tíma eða ekki, hvort heilsan er góð eða eigi og síðast en ekki síst tíðarfarið, jafnvel árið um kring. Í öðru lagi eru þær feitimælingar, sem gerðar hafa verið, mjög ófullkomnar, til að kveða upp hina réttu meðalfeitiprósentu fyrir hverja kú, því aðeins ein feitimæling er lögð til grundvallar, hvað sumar kýrnar snertir og það meira segja frá mjög óheppilegum tíma, en þrjár mælingar gerðar á heppilegustu tímum ársins er það minnsta, sem hægt er að byggja á.

Í þriðja lagi geta vogir félagsmanna verið mjög óábyggilegar og ef til vill ekki nógu vel hirt um að mjólka alltaf í sama mund, bæði kvölds og morgna þau málin, sem vigtað er og næstu mál á undan.

Þetta ár hefir aðeins verið gerð ein feitimæling úr nær öllum kúm félagsmanna, vegna þess að brennisteinssýru skorti til mælinganna, og er því stuðst við feitimælingar frá fyrra ári, við útreikning smjörs, feiti og meðalfeitiprósentu.

Þrátt fyrir allt má álíta, að þessar skýrslur með tilliti til fyrra árs skýrslna gefi að minsta kosti nokkra leiðbeiningu um gæði kúnna í þessu félagi.

Hér set ég útdrátt úr skýrslunum þetta ár til athugunar þeim, er vilja: Bestu kýrnar og verstu kýrnar. Fyrst eru taldar þær kýr allar, sem mjólka 3000 kg. og þar yfir um árið og svo hinsvegar allar þær kýr, sem mjólka minna en 1800 kg. um árið.

| Bæjanöfn | Kýr | | Mjólkur- og smjörmagn | | | Geldstöðu | Fóðurtegundir | | | Verð | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | nr. | nafn | Mjólk kg. | Meðalfeiti % | Smjör kg. | Vikur | Taða kg. | Úthey kg. | Síldarmjöl kg. | mjólkur kr. | fóðurs kr. | mismunur kr. |
| Ásar | 1. | Búbót | 3542 | 3.10 | 122 | 3 | 3381 | . | 67 | 745 | 423 | 322 |
| Guðlaugsstaðir | 6. | Spöng | 3381 | 3.73 | 141 | 1 | 2653 | . | 280 | 789 | 391 | 398 |
| Sólheimar | 1. | Jólagjöf | 3332 | 3.20 | 118 | 6 | 3598 | . | 158 | 711 | 473 | 238 |
| Snæringsstaðir | 2. | Hjálma | 3290 | 3.75 | 138 | . | 2786 | 21 | 168 | 772 | 380 | 392 |
| Guðlaugsstaðir | 3. | Leista | 3290 | 3.85 | 141 | " | 3325 | " | " | 780 | 399 | 381 |
| Ljótshólar | 1. | Rauðka | 3231 | 3.20 | 114 | 10 | 2412 | 70 | 245 | 688 | 359 | 329 |
| — " — | 2 | Skrauta | 3178 | 2.93 | 102 | . | 2646 | 70 | 308 | 644 | 403 | 241 |

| Bæjanöfn | Kýr nr. | Kýr nafn | Mjólkur-rannsóknir: Mjólk kg. | Meðalfeiti % | Smjör kg. | | Fóðurtegundir: Taða kg. | Úthey kg. | Síldarmjöl kg. | Verð: mjólkur kr. | fóðurs kr. | mismunur kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Holt | 5 | Krúna | 1736 | 3.46 | 67 | 9 | 2881 | " | " | 388 | 346 | 42 |
| Grund | 1. | Ása | 1645 | 2.78 | 50 | 10 | 3045 | " | " | 325 | 365 | ÷ 40 |
| Gunnfríðarstaðir | 2 | Huppa | 1621 | 4.55 | 83 | 16 | 2811 | " | " | 428 | 337 | 91 |
| Eiðsstaðir (Jónas) | 2. | Kolla | 1554 | 3.07 | 53 | 4 | 2548 | " | 14 | 325 | 309 | 16 |
| Grund | 4. | Tungla | 1505 | 4.20 | 71 | 10 | 2569 | " | " | 378 | 308 | 70 |
| Sólheimar | 6 | Hjálma | 1152 | 2.30 | 29 | 8 | 2510 | " | 126 | 208 | 334 | ÷ 126 |
| Meðaltal af öllum | | kúm í félaginu | 2188 | 3.80 | 92 | 6 | 2902 | 19 | 70 | 533 | 368 | 165 |

Auk þess var að meðaltali á kú í félaginu: Feiti kg. 83.05, rófur kg. 8, maís kg. 1, og gjafatími 38.

Hæst meðaltal (á kú) á bæ:
Mjólk kg. 3205 í Sjótshólum
Ágóði kr. 359 á Snæringsstöðum.

Lægst meðaltal á bæ:
Mjólk kg. 1876 á Grund
Ágóði kr. 60 á Ytrilöngumýri.

Nú eru h. u. b. 3 kýr að meðaltali á bæ í félaginu og er þá munur sá á ágóðanum úr besta og versta fjósinu kr. 897 og á mjólkinni 3987 kg. Þetta er áttalegur munur og ætti marga að láta sig muna um þá upphæð á ári. Af þessu getur og hver og einn séð, að það borgaði sig að verja mörgum þúsundum króna, til þess að engin kýr í félaginu væri verri en meðaltalið er nú í öllu félaginu, og það gæti orðið innan skamms tíma, ef vel væri gengið að verki.

Til þess að koma nautgriparæktinni hér í hreppi í gott lag, er aðeins til eitt ráð, sem dugir, og það er: starfandi nautgripafélag. En slíkt félag getur ekki lifað til lengdar, nema það starfi svo að gagni komi og sýni félögum sínum með svörtu á hvítu, því það eitt getur haldið áhuga þeirra lifandi, en hann er aftur líf félagsins.

Til þess að geta þetta þarf félagið að hafa góðan eftirlitsmann, sem starfi hjá því ár eftir ár. Stjórnin þarf og að vera vel vakandi um alt sem að kúarækt lýtur og láta til sín taka alla sölu og kaup á kúm og kálfum innan félags og vera í þeim efnum umboðskaupmaður eða verslunarskrifstofa, sem gefi hlutaðeigendum góð ráð og leiðbeiningar, svo allir séu fúsir og telji það jafnvel skyldu sína að skifta við hana, bæði með kaup og sölu og hafa hana sér til ráðuneytis í þeim efnum. Allir félagsmenn ættu jafnvel að vera skyldir til að bjóða stjórninni kálfa sína til kaups eða umboðssölu áður en þeir eru drepnir, þá myndi góðum kúnum fjölga og þeim lélegu fækka. Svo þyrfti eftirlitsmaðurinn að koma hirðingu og húsnæði kúnna í betra horf en nú er, því það er höfuð þorra manna hrapallega ábótavant.

En það hve nautin eru illa valin og ung eins og nú, er það mesta skaðræði, sem hugsast getur, því nautið kemur arfi sínu svo víða að og víðbreið, að kýrnar t. d. erfi meira frá föðurnum en móðurinni. Félagið verður aldrei að verulegu gagni, ef það sér ekki félögum sínum stöðugt fyrir góðum þarfanautum og sér um að þau séu notuð og ekki önnur, nema gildar ástæður banni. Kostnaðurinn, sem af því leiðir mundi fljótt borga sig vel og ætti því félagsmönnum að leggja þann kostnað óhræddir á herðar sínar.

Lárus Hinriksson.

# Eftirmæli.

Guðrún Jónsdóttir er fædd á Smyrlabergi í Torfalækjarhreppi 15. sept. 1835. Foreldrar hennar: Jón Jónsson og Marsibil Jónsdóttir, hjón, búandi á Smyrlabergi. Jón Jónsson var tvígiftur og átti 24 börn og kom þeim öllum upp án þess að þiggja af sveit. Þessi systkini sín lifði Guðrún heitin öll.

Um fermingaraldur flutti Guðrún Jónsdóttir að Hjaltabakka til séra Ólafs Guðmundssonar og dvaldi þar fram um tvítugsaldur. Var hún svo vinnukona á ýmsum stöðum (Eyvindarstöðum, Brún og Guðlaugsst.) Um þrítugsaldur flutti hún að Svínavatni, til systur sinnar, sem þar bjó þá. Á Svínavatni kynntist hún vinnumanninum Einari Erlendssyni. Felldu þau hugi saman og reistu bú á Hrafnabjörgum. Voru þau þar í 1 ár, en fluttu svo að Geithömrum og bjuggu þar í 2 ár, en hættu þá búskap og flutti Guðrún þá að Engihlíð til Jakobs bróður síns, sem þar bjó lengi. Frá Engihlíð fluttist Guðrún aftur fram í Svínavatnshrepp, og dvaldi hún þar til dauðadags á þessum bæjum: Rútsstöðum 1 ár, Litladal 1 ár, Stóradalsseli 2 ár og Holti 38 ár, þar af samfleytt 28 árin síðustu. Guðrún sál. andaðist í Holti 6. jan. þ. á. (1918) og varð hún því rúml. 82 ára.

Með Einari Erlendssyni átti Guðrún 2 sonu: Benedikt, sem nú er bóndi á Eldjárnsstöðum og Jóhannes, sem lengi hefir verið í Gafli.

Guðrún sál. var sæmilega greind, velverkifarin og sérlega friðsöm.

Guðm. Þorsteinsson.

# Frá K. H.

**A. Eftir bréfi frá formanni**

I. Viðskiftaveltu félagsins árið sem leið var

1. Pöntunardeildar 78 þúsund kr.
2. Söludeildar 64 — " — " —

II. Sjóðir.

1. Stofnsjóður var 31. des. s. l. rúm 31000 kr. en árið áður 25.700 kr.
2. Varasjóður er um 30000 kr. var 25000 kr.

III. Skuldir.

1. Skuldir félagsmanna við félagið við áramótin voru sama sem engar.
2. Skuldir hvíla engar á félaginu fyrir vörur fengnar á árinu.
3. Lán, sem félagið varð að taka á fyrstu árum Söludeildar, hafa verið afborguð svo nú er aðeins eftir 3500 kr. við Veðdeild Landsbankans og tæp 2000 kr. við innan sýslubúa.

IV. Ullin.

Félagsmenn, sem létu ull sína í Pöntunardeildina fengu 3.45 kr. fyrir I. fl. og 3.15 kr. fyrir II. fl. eða 15 au. meira að meðaltali fyrir hverja vog (2 kg) en kaupmenn borguðu, og þó eiga félagsmenn eftir að fá 15 au. fyrir voginn, svo að alls er mismunurinn frá kaupmannaverðinu 30 au. á vog. Hefði öll ull, sem flutt var til Blönduóss í sumar verið látin í Pöntunardeildina, hefði sýslan grætt 8000,00 kr. á því fram yfir kaupmannaverðið.

**B. Ýmislegt.**

1. Í Stofnsjóði eiga Svínvetningar, sem hér segir: Tölurnar fremst segja á hvaða hundraði eignin er, en tölurnar aftan við nöfnin sýnir eign hvers eins í krónum

7. Jón J. Stóradal 698

6. Páll Guðlaugsst. 557.
5. sra Stefán 488, Jónas Litladal 429
4. Jóh. Svínav. 374, Hannes Sólh. 356
3. Guðm. Snæringsst. 268, Eir. G. Sjólsh. 240 (?)
Jónas Ásum 226, Jónas Eiðsst. 221
2. Pálmi Löngumýri 193, Jón E. Löngumýri 184,
Sveinn Seli 153. Þorl. Bárf. 151, Magn. Tungunesi
140, Sigv. Hrafnabj. 132, Sigurj. Grund 129,
Guðrún Löngumýri 133, Karl Gunnst. 126
Jón Pálmas. Löngumýri 116, Sveinn Auðkúlu 112
Þorst. Grund 105.
1. Ben. Eldjárnst. 84, Guðm. Holti 75, Jón J. Bárf. 68.
Gísli Hollast. 67, Valdim. Ström 65, Sámsbi
Ingv. Sólh. 65. Hannes G. Guðlaugsst. 53, Ingim.
Bárf. 44, Jón Gunnst. 41, E. Tungunesi 29.
Eyþ. Hamri 20, Guðm. Löngumýri 20, Henrik
Snæringsst. 22, Ungmennaf. S. 3. Ól. Litladal
17, Eyþ. Eiðsst. 13, Bj. Litladal 9, Hannes
Guðlaugsst. (yngri) 8, Ösk Bf. 5.

II. Lög K. H. voru endurskoðuð 1914-15 og samþykt til fullnaðar vorið '15. Laganefnd K. H. 1915 hafði sett sér það mark að hafa ekki lántökuheimild gegn samábyrgð allra félagsmanna viðlíka en bein þörf krefði og veitti því félagsstjórninni aðeins takmarkaða lántökuheimild, því að annars væri hægt að misbeita henni og þá getur verið mikið í veði; bæði allar eignir félagsins og félagsmanna eða með öðrum orðum gjöreyðing allra sem í félaginu eru.

Sambandinu þótti þá ákvæðin um lántökuheimildina ekki nógu víðtæk, til þess að hægt væri að fá eftir henni lán hjá kaupfélagsbankanum danska. Það var því um tvent að velja fyrir K. H. að veita ótakmarkaða lántökuheimild eða fá ekki upptöku í Sambandið og fara á mis við allan hagnað er það kynni að veita (t. d. 4000 kr. hagnað á vel þetta árið).

Fyrri kosturinn var tekinn með samþykki flestra félagsmanna, en Svínavatnshreppsdeild setti það skilyrði fyrir breytingunni, að ótakmörkuð lántaka væri því aðeins heimil, að félagsstjórnin öll væri henni samþykk og fleiri tóku í þann streng, svo að lántökuheimildin var veitt stjórninni í heild, en ekki einstökum mönnum úr henni, þótti þá minni hætta á að henni yrði misbeitt af glæframanni, sem gæti komist í formannssætið og einum fáráðling, sem lent gæti í stjórninni. Jafnframt þessu var ákveðið að auglýsa firmanafn (að lántakan væri því aðeins bindandi fyrir félagið, að öll stjórnin skrifaði á lántökuskjalið).

Með þessum breytingum voru lögin prentuð fyrra hluta þessa vetrar og nú hefir í hverri sveit verið safnað undirskriftum félagsmanna undir lögin, þó því sé ekki lokið enn, af því fundir hafa verið illa sóttir.

Samkvæmt heimild í lögunum veitti svo stjórnin í þessum mánuði framkvæmdarstjóra Sambandsins vald til að taka lán í Landsbankanum og var jafnframt ákveðið að auglýsa firmanafn og sýslumaður beðinn að skrásetja félagið, en þegar til undirskriftar kom féll meiri hluti stjórnarinnar frá því og virtist vilja fá lögunum breytt á þá leið, að ekki þyrfti alla stjórnina til þess að lántakan væri bindandi fyrir félagið.

Um þetta þyrftu félagsmenn að hugsa og láta uppi álit sitt fyrir aðalfund.

Jón Jónsson, frá Guðlaugsstöðum.

Sveitin, sveitarblað fyrir Svínavatnshrepp, minst 6 bl. á ári.
Útgefendur: Bjarni Jónasson, Hannes Pálsson og Jón Jónsson
Ritstjóri: Bjarni Jónasson

# Sveitin

I. árg. | Litladal, í apríl 1918 | 6. tbl.

## Fráfærur.

Þegar allar aðkeyptar matvörur eru komnar í ferfalt og þaðan af hærra verð, miðað við það, sem var fyrir 4 árum, eins og nú á sér stað, þá er næsta eðlilegt, að menn fari að athuga, hvort engin ráð séu möguleg til að minka kornvörueyðsluna. Það er líka all-mikið ritað og rætt um það nú á tímum, hver ráð séu tiltækust til bjargar í þessu efni. Hefir þegar á ýmislegt verið bent og eitt af því er það, að menn fari að taka upp fráfærur, þessa æfagömlu, íslensku búnaðarvenju, sem við miðaldramenn þekkjum allir, margir af eigin reynslu, en aðrir af náinni afspurn.

Því er ekki að leyna að þetta er stórfeldasta sporið, sem komið hefir til tals að stíga í þá átt að spara kornvöruna með aukinni notkun innlendrar framleiðslu. En þegar um það er að ræða, hvort sú búnaðarbreyting væri réttmæt og skynsamleg, þá er einkum þetta tvent, sem kemur til álita:

1. Er okkur bændum það mögulegt að breyta þannig okkar búskaparháttum?
2. Mundi slíkt verða fjármunalegur hagur móts við það að lifa á sömu fæðu og að undanförnu og stunda fjárræktina aðallega til að framleiða afurðir til sölu á erlendum markaði?

Hér skal gerð nokkur tilraun til að svara þessum spurningum. Um fullnaðarsvar er ekki að ræða, því það fæst að eins með reynslunni og hvernig hennar svar verður, fer meðal annars mjög eftir því, hvernig skipast með verslun og samgöngur í næstu framtíð; en í því efni er alt svo hröðum breytingum háð, að ekki er á öðru að byggja, en mjög vafasömum líkum.

Það sem einkum kom mönnum til að hætta við fráfærurnar, var: hvað þær eru vinnufrekar, hvað þær spilla vænleik fjárins og hvað kjötverðið fór hækkandi borið saman við aðrar matvörur. Þessar ástæður voru svo þungar á metunum, að það var fyllilega réttmætt, þó við fráfærurnar væri hætt, eða svo hefir málið horft við frá mínu sjónarmiði alt fram að síðasta ári, þó mjög hafi um það verið skiftar skoðanir. Nú er aðstaðan aftur all-mikið breytt, og felst breytingin einkum í því, hve kjötmarkaðurinn er lélegur og óviss borið saman við það gífurverð, sem allur annar matur er í. Um fráfærna möguleikana er það að segja, að við Svínvetningar stöndum flestir mörgum öðrum betur að vígi í því efni. Við eigum okkar góðu girðingum það að þakka, að við mundum næsta lítilla aukavinnu þurfa fram að leggja fyrir fráfærur, þó við tækjum þær upp. Aftur mundu fráfærurnar útheimta sömu vinnu og áður eftir að þær eru afstaðnar. Þá vinnu þyrftum við því að kaupa, umfram það, sem við annars þurfum og yrði sá kostnaður vitanlega mikill, jafnhátt verð og nú er á vinnukraftinum. Hvort aukinn vinnukraftur er fáanlegur er að vísu dálítið vafasamt. Meiri líkur þó til, að svo verði, sökum þess hve atvinna sjávarþorpsfólksins virðist vera á völtum fæti. Hitt, sem sumir halda fram, að fráfærur séu ómögulegar vegna þess, að engin stúlka kunni að mjólka

og engimn fáist til að sitja hjá, eru mótbárur, sem við lítil rök hafa að styðjast, því það sem fólkið ekki kann af nauðsynlegum verkum, það þarf það að læra, og á flestum eða öllum heimilum okkar sveitar mun til vera einhver kvenmaður, sem kann að mjólka ær. Einhverja töf kann að leiða af þessu, en annað ekki; og þess vegna hygg eg óhætt að slá því föstu, að flestum okkar séu fráfærur vel mögulegar, í það minsta, ef vér viljum nokkurn félagsskap um þær hafa.

Þá kemur að því að athuga hve fráfærur muni borga sig vel og þar kemur vitanlega margt til greina. Helstu ritgerðir, sem við höfum um það efni eru: í 22. árg. „Búnaðarritsins" eftir Torfa sál. í Ólafsdal og svo í „Frey" í apr. 1917 eftir Markús Torfason. Báðar þessar greinar styðjast við víðtæka reynslu og ættuð þið allir, góðir sveitungar að lesa þær vandlega áður en þið ákveðið nú í vor, hvort þið færið frá eða ekki.

Torfi komst að þeirri niðurstöðu 1908, að hagurinn við fráfærur væri kr. 2.40 fyrir hverja á, en Markús aftur á móti álítur hann 1917 kr. 7.74. Þessar tölur byggja þeir á meðaltölum frá fleiri heimilum og eru útkomurnar miðaðar við það. Sumum efnum getum við nokkuð miðað við þessa reynslu, en annars staðar ekki, og eðlilega þykir mér þeir gera dilkánum lágt undir höfði í samanburðinum. Þykist eg vita að nokkuð af þeim tölum líti öðruvísi út yrðu þær teknar út úr okkar búreikningum, en góð hliðsjón er að þeim samt.

Tökum nú málið fyrir frá einfaldastu hlið, miðað við okkar staðhætti. Segjum að 2 nágrannar færi frá í félagi 50 ám hvor, hafi sama smalann og mjólki allar ærnar sinn daginn hvor. Þeir færa frá um 11. sumarhelgi, en reka ærnar um 20. helgina til að láta þær fá betri haustbröggun. Torfi taldi sína reynslu þá, að við það tapaðist aðeins 1/3 af sumarmjólkinni. Gerum nú ráð fyrir að smalinn vilji hafa 25 kr. um vikuna eða kr. 225,00 í 9 vikur. Fæði hans reiknum við 2 kr. á dag eða 126,00 kr. í 63 daga. Að mjólka 2 stúlkur á hvorum bænum, skilja mjólkina, strokka o. s. frv. Gerum þeim rúman tíma og hugsum okkur að til þessa fari 4 tímar á dag fyrir hvern um sig. Það verður allan tímann að samanlögðu með töldum 504 tímar. Ef við þurfum að gjalda stúlkum þessum eins og þeir, sem dýrastar eru, kostar kaup þeirra og fæði 40 aura um tímann. Þetta yrði því kr. 201.60. Fyrir eldivið og öðrum aukakostnaði við fráfærurnar vil ~~að~~ eg taka kr. 40,00. Hér er því komið samtals kr. 592,60. Er það há upphæð, en hér er líka svo frekt í farið að reikna útgjöldin, að það tekur langt fram reikningi þeirra Markúsar og Torfa, enda eru sterkar líkur til, að við komumst af með minna, en sjáum nú til. Þetta verður næstum því 6 kr. fyrir hverja á. Þá kemur til mismunur lambanna. Eg ætla að ganga út frá, að við skerum þau öll. Torfi taldi verðmun hagalamba og dilka, væri þeim slátrað, hér um bil 1/7 verðs, miðað við verðið sem þá var. Þetta byggir hann á skýrslum frá mörgum bændum, en eðlilega þykir mér þessi mismunur lítill, og hætt er við að hann verði meiri hjá okkur hér. Eg ætla því að ganga miklu lengra í áætluninni og áætla mismuninn 1/5 verðs. Miðað við 20 kr. meðalverð fyrir dilk, sem er nú það hæsta yrði þetta 4 kr. á lamb. — Nú er að líta á fóðurmismun ánna, en hvort hann yrði nokkur með þessari aðferð er vafasamt. Fer það mjög eftir haustveðráttu. Samt ætla eg að áætla að það sé 1 kr. dýrara að fóðra kvíaána. Hér eru því komnir 11 kr. útgjöld fyrir hverja á og er ríflega reiknað, enda mun ykkur þykja mikil

útgjöld.

En hverjar eru nú tekjurnar? Torfi og Mark. vill telja meðal arnytina eftir öllum [illegible], sem þeir hafa fengið frá 38-100 pt. Ég býst nú við ánum okkar lélegum til mjólkur fyrsta árið og fer því í lægstu tölu 38 pt. Drögum þar frá 1/23 samkv. áður sögðu eða göngum út frá 36 pt. Pottinn reikna eg á 40 aura og er þetta því kr. 14.40. Áburðinn undan ánni virti Torfi 1908 á 50 aura. Er því lágt farið að meta hann 60 aura nú og tekjurnar alls kr. 15.00. Þið segið vafalaust: mjólkin er alt of hátt virt. Torfi virti sauðamjólk 1/3 hærra en kúamjólk og eftir hans reynslu fást úr þessari ársnyt um það til 5 ₰ af góðu smjöri, 30 ₰ af velsúindu skyri og 38 ₰ af sýru. Smjörið gengur nú kaupum og sölum á 2 kr. pundið. Það verða því kr. 10.00. Skyrið vil eg reikna á 20 au. pundið og tel það gott kaup. Fáum við þar 6 kr. Sýruna virti Torfi eftir efnasamsetningu á rúmar 1 eyrir ₰, og mætti því eigi minna vera nú en 2-3 aura. Ef við reiknum þessi 38 sýrupund á 1 kr., eru hér komnar 17 kr. fyrir þá mjólk, sem eg vil meta á kr. 14.40. Það verður því naumast of hátt.

Niðurstaðan af þessu dæmi er því sú: að útgjöldin fyrir hverja á eru 11 kr., en tekjurnar 15 kr. — Það væri því 400 kr. hagur fyrir þessa 2 menn að færa frá aðeins 100 ám til samans. Eg þykist þó allstaðar heldur halla á fráfærurnar, nema ef vera skyldi með lömbin, því þau reikni eg miklu rýrari en Torfi. Auk þess er á það að líta að við hefðum hollara og betra fæði, þyrftum naumast að kvíða matarskorti og væri mikið frekar mögulegt að taka margt fólk til heyvinnu, ef það fengist. Teljum þar á ofan [illegible] atvinnu fólki; en annars hefði hana lélega. Alt þetta væri frekar hagur, þó ekki sé til peninga metinn. — En geta nú fráfærurnar ekki til að spilla lömbum?, spyrja sjálfsagt nokkrir. Með þeim aðferð, sem eg hefi hér bent á, getum við hiklaust svarað þessu neitandi; en sumir telja glapræði að skera lömbin og má vel vera að svo sé. En eg vil helst ekki setja á fjallalömb, nema rétt til reynslu fyrst og sjá hvernig þau gefast móts við dilkana. Reynist sú aðferð vel mætti halla sér frekar að henni. Þó skyldi enginn færa frá [illegible]. Samkvæmt framansögðu er álit mitt þetta: Hver einasti bóndi hér í sveitinni á að færa frá nokkrum ám næsta sumar, ef þess er nokkur kostur vegna fólksástæðna. Félagsskap um þetta eigum við að hafa svo miklum sem kostur er á, því það dregur úr útgjöldunum.

30/3. '18.

Jón Pálmason.

# Sveitar annáll.

## Búnaðarfél. Svínavatnshrepps.

Aðalfundur þess var haldinn á Ytri-Löngumýri 14. f. m. Mættir 14 félagar. — Hrein eign félagsins við síðustu áramót kr. 3510,57. Jarðabætur síðustu 2 ára: 1522,3 dagsv. Auk reikninganna hafði fundurinn til meðferðar:

1. Súrheysgerð. Samþ. að félagið veitti styrk til þessarar hjá félagsmönnum 50 aura fyrir dagsverkið í gryfjunum. Félagsstjórn semji reglur um, hvað leggja skal í dagsv. í mismunandi gryfjum. Hámark alls styrksins sé 100 kr.

2. Jarðabætur og verkfærakaup. Stjórninni falið að útvega verkamenn og þeir félagar, sem óska þess, eftir [illegible] frá fél. tilkynni það formanni fyrir 1. apr. Félagið skal veita félagsmönnum á árinu: 100 kr. til jarðabóta og alt að 50 kr. til verkfærakaupa. Stjórnin úthluti.

3. __Nautgriparæktin.__ Helgi Björnsson hefir verið ráðinn eftirlitsmaður. Stjórnin hafi umsjón með nautahaldi félagsmanna, fóðurmælingum o. fl.
4. __Fóðurbirgðamálið.__ Rætt um félagsskap í sveitinni með tryggingarheyásetning. Nefnd kosin: Guðm. Helgason (form.), Jóhannes Helgason, Jón Pálmason, Jónas Björnsson og Páll Hannesson, til þess að undirbúa það mál fyrir aukafund, er halda á í vor. – Samþ. áskorun til hreppsnefndar um að 5000 kg. af síldarmjöli nú í apr. handa sveitarmönnum.
5. __Útvegun á útlendum kartöflum og rófnafræi.__ Ýmsir óskuðu eftir [illegible], enda hafði formaður [illegible] gert tilraun [illegible] hjá Ræktunarfél.
6. __Kosningar.__ Félagsstjórn: Jón Pálmason, Jónas Björnsson og Jón Gíslason, endurskoðandi: Guðm. Helgason, – allir endurkosnir. –

Jón Pálmason.

---

__Aðalfundur Svínavatnshreppsdeildar K. H.__ var haldinn að Stóradal 26. febr. s. l. Þessir voru kosnir starfsmenn deildarinnar: Jón Jónsson deildarstjóri, Bjarni Jónasson varadeildarstjóri, Guðm. Helgason, Páll Hannesson og Jón Gíslason (varamaður) fulltrúar. Ábyrgðarmenn voru ráðnir: Páll Hannesson, Jón Gíslason og Guðm. Þorsteinsson. Jafnframt var ákveðið að allir deildarmenn væri í bakábyrgð.

Sama dag var einnig haldinn í Stóradal __aðalfundur Svínavatnshreppsdeildar S. A. H.__ Þessir voru kosnir starfsmenn deildarinnar: Jón Jónsson deildarstjóri Bjarni Jónasson varadeildarstjóri og Guðm. Helgason fulltrúi. Samþ. áskorun til Sláturfélagsstjórnar um að beitast fyrir að Sláturhúsið taki hross til slátrunar á næsta hausti og annist sölu afurða þeirra, svo framarlega, að engin útflutningur verði á hrossum í ár.

---

__Lárus á Auðkúlu__ hefir keypt Gautsdal á kr. 7000,00. Fasteignamatsnefndin virti hann á kr. 2300. Síðan hefir bærinn að vísu verið byggður upp, en verðið er því fádæmahátt.

---

__Skemmtisamkomur__ 2 voru haldnar að Guðlaugsstöðum 16. og 23. febr., að tilhlutun U/F. „Fjölnis" hér í sveit. Á síðari samkomunni fór fram happdrætti um Fjölnisgemlinginn og kom upp nr. 45. Eigandi þess nr. er Jón í Stóradal og hefir hann því hreppt gemlinginn.

---

__Nýtt félag.__ U. M. F. Blöndælinga var stofnað á fundi að Guðlaugsstöðum 17. f. m. Lög félagsins samþ. á félagsfundi 28. s. m. Stefna félagsins er hin sama og U. M. F. Í. – Félagssvæðið er: Bólstaðarhlíðar- og Svínavatns-hreppar, og eru allir velkomnir í félagið af því svæði. Í stjórn félagsins eru: Jón Pálmason, Bjarni Jónasson og Guðm. Jósafatsson.

---

__Aukapóstferðirnar__ á milli Blönduóss, Auðkúlu og Guðlaugsstaða hefir Jónas í Litladal tekið að sér. –

---

__Dáin.__ Gamalmennið Ingiríður Jóhannesdóttir á Grund andaðist 24. f. m. „Sveitin" minnist hinnar látnu nánar síðar.

---

__Upprekstarfélag__ Auðkúluheiðar hefir sent landsstjórninni beiðni um að fá Auðkúluheiði keypta og umráðamaður heiðarinnar mælir með því að selja hana fyrir 3500 kr.

---

__Síldarmjöl.__ Því miður kom ekkert síldarmjöl með Sterling, af því hún var látin snúa [illegible] til Vestur- og Norðurlandsins.

---

__Húnaflóabáturinn.__ Á aukasýslufundi 1. f. m. var ákveðið að kaupa vélarbát, er þá var í boðstólum, í félagi við Vestur-Húnvetninga og Strandamenn. Báturinn er 56 smálestir að stærð og kostar 85,000 kr. Síðan hefir nokkur afturkippur orðinn um framboð bátsins, hvernig sem fer um það að lokum.

---

__Sveitin__, sveitarblað fyrir Svínavatnshrepp,
minst 6 tölubl. á ári.
Útgefendur: B. J., H. P. og J. J.
Ritstjóri: Bjarni Jónasson.

# Sveitin.

II. árg. | Litladal, í nóv. 1918. | 1. tbl.

## Til lesendanna.

— " —

„Sveitin" kemst með þessu tölubl. á annað árið. Vill hún nota tækifærið og þakka lesendum sínum fyrir ágætar viðtökur og vonast hún eftir að mega vænta sömu vinsælda framvegis.

Því miður eru enn eigi tök á að fjölrita blaðið og verður „Sveitin" því að gera sér að góðu að ferðast um sveitina með sama hætti og í fyrra, en þess vill hún mega vænta að greitt verði fyrir för hennar eins og framast má verða.

Ef ritstjóra vinst tími til, verða flest tölubl. tvöföld; ætlunin er að árgangurinn verði minst 10 arkir.

„Sveitin" þykist þegar hafa sýnt að hún á nokkurt erindi til lesenda sinna og mun hún gera sér far um að rækja hlutverk sitt sem best. Verður nokkuð hægra um vik nú en í fyrra, þar, sem rúmið verður meira.

Í vetur mun hún flytja ritgerðir úr sögu sveitarinnar t. d. endurminningar um Kristján heitinn í Stóradal eftir Guðm. Þorsteinsson í Holti.

Nokkrir hafa þegar lofað að styðja „Sveitina" með því að senda henni ritgerðir og vonast ritstjóri þó eftir að fleiri verði til þess.

## Vátrygging sveitabæja.

— " —

Fátt veldur sviplegri og stórfeldari eyðileggingu en eldurinn þegar hann leysist úr læðingi.

Árið 1915 brunnu á 2 tímum 18 hús í Reykjavík, þar á meðal sum stærstu og skrautlegustu hús landsins og olli rúmrar miljónar króna skaða.

Á Akureyri hefir hver stórbruninn orðið öðrum meiri á þessari öld og svo má að ~~[illegible]~~ orði kveða, að árlega valdi eldurinn stórtjóni í einhverju þorpinu okkar.

Í sveitum eru brunar eðlilega fátíðari. Þó brennur svo að segja árlega einhver sveitabærinn hér á landi.

Hér í sýslunni hafa brunnið 3 bæir síðustu 10-12 árin og oft hefir kviknað í einstökum bæjarhúsum hérna í sveitinni og þau jafnvel brunnið, þó eg minnist ekki að nokkur bær hér hafi albrunnið.

Eins og allir sjá er það meir en lítill efnalegur hnekkir fyrir ~~[illegible]~~ þá menn, sem verða fyrir því óláni, að bærinn þeirra brennur og þá oft meira og minna af búsgögnum. Ríður bruni oft þeim er fyrir verður að fullu efnalega.

+

Menn hafa því snemma á öldunni fundið þörfina á að dreifa skaðan-

~~[illegible]~~ við bruna á fleiri en eigendur þess, er brennur.

Forfeður okkar lögbuðu í Grágás skyldu hreppanna til að bæta hreppbúum að hálfu þann skaða, er þeir yrðu fyrir við bruna bæjarhúsa eða fallsótt nautpening

Til þess menn freistuðust ekki til að stuðla sjálfir að skaða sínum, vegna skaðabótanna, átti að eins að bæta honum að hálfu og fjórða hluta nautpenings varð bóndi að missa, til að eiga rétt til skaðabótanna fyrir þann missi.

Skaðabótunum var jafnað á hreppsbúa eftir eigu þeirra. Ekki mátti greiða oftar en þrisvar skaðabætur til sama manns og engin var skyldur að greiða í einu meira en 1. al. af hundraði í eign sinni.

Í útlöndum átti sér stað áður fyr svipuð sámábyrgð gegn eldsvoða meðal jafningja eða einstakra stétta.

Englendingar urðu svo fyrstir til (á 17öld) að koma á fót hlutafélagi, sem tók hús í ábyrgð gegn eldsvoða, móti árlegu gjaldi frá húsráðanda og síðan hafa þess konar félög risið upp víðsvegar um heim og nú er það talið sjálfsagt að vátryggja hvert hús í öllum borgum hjá þessum félögum. Flest eða öll hús í bæjunum okkar hafa verið vátrygð hjá útlendum félögum til skamms tíma og stöku sveitabæir líka, af því að innlend brunabótafélög hafa ekki verið til.

Iðgjöldin hafa auðvitað öll gengið út úr landinu og því hvorki orðið beint til að auka þjóðarauðinn, né rekstursfé í landinu. Í annan stað hafa þau verið svo há – alt að 11 af þúsundi í virðingarverði sveitabæja – svo að flestir sveitabæir eru óvátrygðir enn þá.

+

Þingið okkar hefir með lögum um vátrygging sveitabæja heimilað hverjum hreppi með samþykki meiri hluta húsráðenda hans að stofna með skyldu vátrygging brunabótasjóð í hreppnum.

Þar sem slíkar samþyktir eru gerðar er skylt að borga árlegt iðgjald af hverjum bæ (eða húsi) til brunabótasjóðsins. Helminginn af þeim á brunabótasjóðurinn að ávaxta, en hinn helminginn á hann að borga til Brunabótasjóðs Íslands, sem stofnaður var með 10000 kr. framlagi af landsfé og er hann orðinn nú 40000 kr.

Brenni hús í hreppnum eftir að samþykt er komin til framkvæmda fær eigandi 5/6 af virði hússins greidda sér af brunabótasjóði hreppsins, er fær helming brunabótanna endurgreiddan frá Brunabótasjóði Íslands. Sveitarsjóður hreppsins ber ábyrgð á að brunabæturnar séu greiddar. Auðvitað þarf að ganga vel frá eldstæðum í húsum, sem vátryggja á og menn mega engan þátt eiga í brunanum, til þess að skaðabæturnar fáist greiddar og þeim verður að verja til að reisa hús aftur.

Eftir reglugjörð um brunabótasjóði sveitafélaganna eru húsin flokkuð eftir verðhæð og brunahættu og hæð iðgjaldanna miðuð við það. Lægst iðgjöld ber að borga af torfbæjum, sem hafa baðstofu og eldhús aðgreind frá öðrum bæjarhúsum með nægilega þykkum veggjum. — Af torfbæ, sem virtur er 2000 kr. þarf árlega að borga 4 kr., en af jafndýru steinhúsi 5,60 kr. og timburhúsi og bæjum er hafa öll herbergi undir einu risi 7,20 kr. Af húsum, sem metin eru lægra en 2000 kr. eru iðgjöldin lægri, en hærri af þeim húsum, sem meira eru virt.

Reynslan hefir verið sú að að eins einn torfbær hér í sveitinni hefir verið vátrygður hjá útlendu félögunum og það þó einungis fá ár. Mönnum hefir vaxið í augum hvað iðgjöldin

hafa verið há og látið alt reka á reiðanum og sem betur fer hefir það ekki enn þá orðið að verulegu slysi, en hver getur sagt, nema það beri að höndum þegar minst varir, og enn og allir sjá er það líkunum einn að vátryggja hjá sveitavátryggingafélagi, því, sem af meðalbæ þarf ekki að greiða hærra iðgjald á ári, en sem nemur verði eins tóbakspunds og telja þó fæstir eftir sér að borga það.

Finst ykkur nú, sveitungar góðir, sem eigið (eða notið) bæi, segjum 2000 kr. virði, betra að eiga á hættu að missa þá fyrir ekki neitt heldur en að borga 4 kr. á ári og eiga svo kröfu til 1666 kr., ef það slys vildi til að bærinn brynni?

Eg trúi varla öðru en þið vilduð heldur vátryggja, ef þið gætuð, gegn svona lágum iðgjöldum, en til þess þurfum við hérna í sveitinni að koma á samþykt um stofnun brunabótasjóðs.

Eigum við að gera það?

Kostirnir eru auðsæir.

1. Allir bæir og hús í sveitinni (peningshús og hlöður ef til vill), verða vátrygð gegn eldsvoða fyrir svo lágt iðgjald að engan dregur neitt.
2. Menn venjast á að ganga sæmilega frá eldstæðum, sem mikill misbrestur er á að nú sé gert.
3. Nákvæm lýsing fæst á hverjum bæ í sveitinni um leið og þeir eru virtir til brunabóta og hefir það mikið gildi fyrir menningarsögu sveitarinnar í framtíðinni.
4. Smátt og smátt safnast all-mikill sjóður, ef óhapp eltir ekki og getur það orðið til að koma af stað stórframförum í sveitinni, er krefjast mikils fjár.

Gallarnir eru fáir.

Því verður þó ekki neitað, að vátryggingarfélagið getur orðið sveitarsjóðnum byrði í bili, ef mikið brynni fyrstu árin, meðan brunabótasjóðurinn er að safnast, því að þó helmingurinn fáist af brunabótunum úr allsherjarsjóðnum, gæti svo farið, að brunabótasjóður sveitarinnar gæti ekki borgað hinn hlutann að fullu, ef t. d. bær brynni að fullu á 1. eða 2. ári sjóðsins og þá yrði sveitarsjóður að borga í bili það sem á vantaði; en fengi það svo endurborgað um leið og brunabótasjóðurinn yxi á ný.

Segjum nú að 30 bæir, sem eru í hreppnum yrðu virtir til jafnaðar 2000 kr., þá yrði 4 kr. vátryggingargjald af hverjum bæ árlega, eða alls 120 kr. Helmingurinn eða 60 kr. ávaxtaðist hjá brunabótasjóði sveitarinnar og yrði að 11 árum liðnum orðinn 841 kr. og gæti því að fullu greitt sinn hluta af brunabótunum fyrir einn bæ, þó hann brynni. Úr því að sjóðurinn væri orðinn svo öflugur, finst mér hættan lítil fyrir sveitarsjóð. Það eru því aðallega 11 fyrstu árin, sem hann er í hættu, og þó einhver bruni yrði á þeim árum, svo að brunabótasjóðurinn kæmist í skuld við hreppinn, er varla hugsanlegt annað en að þá liði talsverður tími þangað til, að aftur brynni, og á meðan yxi sjóðurinn og gæti greitt skuld sína; og hinu má heldur ekki gleyma, að þó hefði sjóðurinn bætt brunann að mestu, svo gjaldþol búandans, sem brann hjá, væri óskert og það skiftir þó mestu fyrir sveitarsjóðinn, að bændur sveitarinnar þoli sem best að gjalda til hans.

Hættan sveitarsjóðsins við stofnun brunabótasjóðs ætti því naumast að hindra hana.

Hér finst meir að segja, góðir sveitungar, að við ættum að íhuga það vel hvort það sé sæmandi fyrir okkur að láta dragast lengi úr þessu að stofna brunabótasjóð og vátryggja alla bæi hreppsins og jafnvel fleira.

Jón Jónsson
frá [illegible].

# Fasteignamatið.

## Svínavatnshreppur.

### Undirmat.

Undirmatinu var lokið fyrir 1. ág. s.l., en yfirmatsnefndir hafa eigi enn lokið starfi og geta því orðið breytingar á matinu.

| Nöfn fasteigna | Fasteignin án húsa | Hús (jarðarhús og önnur hús) | Heildarmat |
|---|---|---|---|
| Svínavatn | 6100 | 900 | 7000 |
| Svínavatnskirkja | | | 2400 |
| Sólheimar | 6000 | 2000 | 8000 |
| Litlabúrfell | 1700 | 600 | 2300 |
| Stórabúrfell | 4600 | 600 | 5200 |
| Tindar | 4900 | 1200 | 6100 |
| Hollastaðareitur | 1000 | 300 | 1300 |
| Gunnfríðarstaðir | 1500 | 500 | 2000 |
| Hamar | 2300 | 500 | 2800 |
| Ásar | 3300 | 1100 | 4400 |
| Kárastaðir | 1900 | 300 | 2200 |
| Tunguness | 4000 | 1300 | 5300 |
| Ytrilangamýri | 3600 | 900 | 4500 |
| Syðrilangamýri | 3800 | 900 | 4700 |
| Höllustaðir | 2700 | 300 | 3000 |
| Guðlaugsstaðir | 5400 | 2600 | 8000 |
| Eiðsstaðir | 3500 | 1000 | 4500 |
| Eldjárnsstaðir | 1600 | 300 | 1900 |
| Þröm | 1200 | 300 | 1500 |
| Sléttárdalur | 1700 | 300 | 2000 |
| Stóridalur | 5500 | 3100 | 8600 |
| Litlidalur | 2600 | 900 | 3500 |
| Auðkúla | 5700 | 6600 | 12300 |
| Auðkúlukirkja | | | 1600 |
| Holt | 4300 | 1600 | 5900 |
| Rútsstaðir | 2800 | 1000 | 3800 |
| Hrafnabjörg | 3600 | 700 | 4300 |
| Gafl | 1600 | 400 | 2000 |
| Ljótshólar | 2700 | 800 | 3500 |
| Snæringsstaðir | 3800 | 900 | 4700 |
| Grund | 5600 | 1100 | 6700 |
| Geithamrar | 2600 | 400 | 3000 |
| Mosfell | 2000 | 500 | 2500 |
| Auðkúluheiði | 2600 | • | 2600 |
| Samtals | 106200 | 33900 | 144100 |

# Orðaleikur í ljóðum

Kunningi minn einn í Bólstaðarhlíðarhreppi sendi mér seinni partinn í fyrravetur vísnasafn þetta og leyfði mér að birta í „Sveitinni". Vegna þrengsla ~~hafa þrengsla~~ hefir það dregist til þessa.

Þó fáar vísurnar hafi verulegt skáldskapargildi, þá eru sumar mjög vel kveðnar og munu lifa lengi og flytur „Sveitin" þær því með ánægju.

Nú ættu lesendur „Sveitarinnar" að bæta við safnið.

1. Sá eg margan fagran foss
— finst mér skrítinn máti —
að gefa hörðum kletti koss,
hverfa svo með gráti.

Björn Sveinsson.

2. Seinn hjá meyju sat við foss,
sýndist hennar máti.
Einn hún fékk þar ástarkoss,
sem oft hefir valdið gráti.

Eir. Björnsson.

3. Einn við kvöldsumbl uppi við foss
í örlaganna máti.
Endurminning um þann koss
oft er vígð með gráti.

Gísli Ól.

4. Ár eru þrotin inn við foss
og eyddur þeirra máti;

en minninguna um margan koss
man eg, þó ei gráti.
Sig. Þorf.

5. Söngvum þínum fagri foss
fagnar sinnis máti;
af þér eg gæti þegið koss
og þakkað hann með gráti.
Sig. Þorf.

6. Við Straumnes gisti Goðafoss,
gegnaður skers af máti.
Aldan réttir að honum koss
með ekka þrungnum gráti.
Gísli Ól.

7. Eins við lefklum upp við foss,
oft mér lá við máti.
Vina gaf þar vini koss
og vissum ei af gráti.
Jón Sig.

8. Haustu eftir upp við foss:,
— ástin lenti í máti.
Sárið græddi sætur koss,
svo þér lá við gráti.
Guðm. Sigf.

9. Úðaskreyttur fellur foss
framaf kornamáti.
Prúða veitti konan koss;
hvarmar þorna gráti. (Sléttubönd)
Sigf. Egg.

10. Synda létt sem lax í foss
lífs er réttur máti.
Fordast glettinn kærleikskoss
og komast nett hjá gráti.
Sveinn H.

11. Nú er vald þitt fagri foss
frosti und kaldi í máti.
Þann nú aldrei kyssir koss
er kann að valda gráti.

*

— — —

# Bókaskrá.

## Lf. „Fjölnis", 31. okt. 1918.

### Tímarit og blöð.

Andvari 11-15 árg. og 19.-26. árg. Ársrit Fræðafél. I-3 ár. Eimreiðin frá upph. til 1913. Fjallkonan 7.-16. árg. Iðunn gamla, öll. Iðunn nýja, frá upphafi. Réttur frá upph. Skírnir '06-'18. Vanadís I.

### Skáldrit.

Gr. Thomsen: Ljóðmæli. Gestur Pálsson: Rit I.
Hulda: Syngi, syngi svanir mínir. Steph. G. Stephansson: Andvökur I-III. Schiller: Ljóð
Byron: Manfred. Meyer: Páll postuli
Einar H. Kvaran: Lénharður fógeti.
— " — : Syndir annara.
Jóh. Sigurjónsson: Galdra-Loftur.
Guðm. Kamban: Hadda Padda
Indr. Einarsson: 1. Sverð og bagall 2. Nýjársnóttin
Jón Trausti: Dóttir Faraós. Schiller: Meyjan frá Orleans
Axel Thorsteinsson: 1. Ljóð og sögur, 2. Ýms sögur
3. Nýir tímar, 4. Börn dalanna I-II.
Björn Austræni: Milli fjalls og fjöru.
Einar H. Kvaran: 1. Ofurefli, 2. Gull, 3. Frá ýmsum hliðum, 4. Vestan hafs og austan, 5. Sálin vaknar.
Gunnar Gunnarsson: 1. Ormar Örlygsson, 2. Danska frúin á Hofi, 3. Gestur eineygði, 4. Örninn ungi, 5. Vargur í véum, 6. Strandið
Egill Erlendsson: Raslir.
Guðm. Friðjónsson: Tólf sögur.
Guðrún Lárusdóttir: Ljós og skuggar I-II.
Hulda: 1. Æskuástir, 2. Tvær sögur.
J. Magnús Bjarnason: Vornætur á Elgsheiðum
Jón Trausti: 1. Leysing 2. Góðir stofnar I-II.
3. Tvær gamlar sögur.
Jón Thoroddsen: Maður og kona

6

Jónas Jónasson: Sjós og skuggar.
Sig. Heiddal: 1. Stiklur, 2. Hræður I.
Valur: 1. Dagrúnir, 2. Brot.
Sögusafn Þjóðviljans 1900-'07. Smásögur P.P.
Fr. H. White: Hvíli hanskinn
Ch. M. Sheldon: Í fótspor hans I-II.
Chas Carvice: 1. Cymbilína fagra, 2. Ástraun
3. Úrskurður hjartans, 4. Undir dularnafni
H. Sudermann: 1. Þyrnibrautin, 2. Vinur fríarinnar
Nusen: Þöglar ástir.
L. Vicok: Þrjú æfintýri.
Walter Scott: Ívar hlújárn.
A. Conan Doyle: 1. Baskervillehundurinn,
2. Uxreiðarblesi, 3. Kölskökur I-III.
Marryat: 1. Jafet fóðurleit, 2. Percival Keene.
H. C. Andersen: Æfintýri og sögur.
Björnstjerne Björnson: Í guðs vegum.
Zach. Topelius: Sögur herlæknisins
Chas. Read: Eldraunin.
Jules Verne: 1. Ókunnúsið, 2. Sæfarinn
H. Rider Haggard: Bræðurnir I-II.
Lauritz Petersen: Sigríður
Alex. Kielland: Jónsmessunhátíð
Guy Boothby: Forsetaránið.
Victor Rydberg: Singoalla I-II
Selma Lagerlöf: 1. Jerúsalem I-II, 2. Föðurást
Leo Tolstoy: Endurreisn Helotis
R. Kipling: Sjómannalíf.
Guy Thorne: Þegar rykið ad.
Arch. Clav. Gunther: Miljónamærin
Meyer: Otljörðin um fram alt.
Gunther Pliischoo: Flygillinn.
Per Hallström: Þögli.
v. Ballestrem: Hvítu dúfurnar.
Paul Reval: Kroppinbakur.
Knut Hamsun: Viktoria.
Jack London: Gulladið.
Hauff: Æfintýri.
William le Queux: Leynifélagið.
H. G. Wells: Land blindingjanna o. fl.
Homer: Odysseifskviða.

Valeygur lögreglumaður. Hrói Höttur
Þork. og Sigríður. Ólíkir kostir o. fl. sögur
Úr dagbók læknisins.

## Sagnfræði

Finnur Jónsson: Goðafræði Norðurlanda
Jón J. Aðils: Skúli fógeti
Jón Jónsson: Víkingasaga.
Gísli Konráðsson: Sagnaþættir.
B. Ben.: Sýslumannaæfir
Br. Jónsson: Sagan af Þuríði form. og Kambsráns-
mönnum.
Bréf Tómasar Sæm. Ben. Gröndal áttræður
Minningarrit Páls Melsteð. Safn til sögu Ísl. (I3-I7)
Ísl. fornbréfasafn, (I3-'87). Minningarrit
hins ísl. bókmf. Íslendingasögur – útg.
Sig. Kr. – allar, 10 bindi. Íslendingaþættir
Sturlunga I-IV. Ólafs saga helga
Ólafs saga Tryggvasonar.
Magnús Jónsson: Marteinn Lúter
Jón Helgason: Kirkjusaga I-III.
Paul König: Ferð Kaf Deutschland
v. Spiegel: U 202. Dr. George Chatt. fall. Ísland
Patr. M'Gill: Sóknin mikla.
Magnús Jónsson: Vestan um haf.

## Heimspeki

Ág. H. Bjarnason: 1. Austurlönd, 2. Hellas, 3. Nítjánda öldin
4. Drauma-Jói, 5. Sálarfræði.
Guðm. Finnb.: 1. Vit og strit, 2. Vinnan.
Hermann Jónasson: Dulrúnir.

## Guðfræði

Har. Níelsson: Kirkjan og ódauðleikasannanirnar
Jón Helgason: Grundvöllurinn er Kristur.
Ól. Ólafsson: Eina lífið.
Ralph Trine: Í samræmi við eilífðina
v. Harnack: Hvað er kristindómur?

## Stjórnmál og þjóðfélagsfræði

Sleitaldir allir er hafa 10 kr. útsvar og þar yfir. Raðað eftir gjaldhæð. Talan fyrir aftan nafnið er útsv.

– 200 Páll Guðlaugsstöðum 250

150–199 Jón Stóradal 170

125–149 Jóh. Sveinss 148, Jónas Ásum 148, Guðm. Holti 130.

100–124 Ara Stefán 120, Hannes Sölh. 105, Sigurj. Tindum 100, Jón Eilam. 100

75–99 Þorst. Grund 85, Jónas Litladal 80, Þorl. Bakk. 80

60–74 Jón Gíslason 66, Sveinn Kárast. 60
Sveinn Sléttárdal 60, Þorst. Geithömrum 60

50–59 Jóhann Holti 52, Sig. Eiðsst. 55,

40–49 Jónas Eiðsst. 48, Guðm. Guðlaugsst. 45, Sig. Hrafnab. 40,

30–39 Eir. Sjálfh. 38, Pálmi Löngumýri 38,
Steingr. Sölh. 38, Jón Grundfst. 32, Ann. Snæringsst. 30, Bjarni Ásdal 30, Erl. Bakk. 30, Þorl. Sölh. 30.

20–29 Guðm. Syðri Langmýri 28, Sigurbj. Rútsst. 28, Páll Bakk. 26
Kyþ. Hamri 25, Ingv. Pálsson 25, Sig. Sléttárdal 25,
Ben. Eldjárnsst. 25, Guðmar Svínav. 24, Björn Rútsst. 20,
Magnús Tungunesi 20, Siguro Gafli 20, Steingr. Grundfst. 20
Hannes Guðlaugsst. (eldri) 20, Þorst. Löngumýri 20

10–19 Lárus Sölh. 18, Kristinn Löngumýri 16, Jón Guðlaugsst. 16,
Jón Bakk. 15, Stefán Eiðsst. 15, Sigurj. Rútsst. 15
Jónas Hrafnab. 14, Jóh. Mosfelli 14, Har. Hamri 12
Har. Tungunesi 12, Stefán Sjálfh. 12, Vald. Fremri 12,
Sigurbj. Hólum 10, Ingim. Bakk. 10, Guðm. Tungunesi 10, Theod. Tungunesi 10, Hinrik Guðlaugsst. 12,
Ósk Auðkúlu 10, Pálína Guðlaugsst. 10.

– – –

# Hreppsnefndarfundur

21.–23. þ. m. (nóv.)

## Ágrip.

Vegagjald fyrir hvern verkf. karlmann ákveðið 3 kr. Jafnframt ákvað nefndin að veita því að eins fé til hreppavega, að hlutaðeigendur, er aðsetur eftir veginum, legðu til vegarins minsta kosti jafnmikið fé og sveitarsjóður. Einnig samþykt að fá Steingr. Davíðsson vegaverkstjóra til að gera tillögur um hreppavegina og mæla væntanlegar vegaleiðir.

Samkvæmt áætlun um tekjur og gjöld sveitarsjóðsins þ. á., var jafnað niður á gjaldendur hreppsins, sem útsvari, um 3062 kr.

Samkv. símskeyti frá stjórnarráðinu samþ. að kosta af sveitarsjóði eftirlit með sandfjárbóðun í hreppnum á þessum vetri og oddvita falið að ráða mann til þess.

Ellistyrk úthlutað. Þrír höfðu sótt og var ellistyrknum skift á milli allra umsækjendanna þannig, að

1. Guðm. Guðmundsson í Holti fékk kr. 60,00
2. Ingibj. Jóhannsdóttir Tindum ... 40,00
3. Valdís Þorláksdóttir Reit ... 83,32

Samt. kr. 183,32

Jón Gíslason kosinn í verðlagsnefnd.

Framlagt erindi frá stjórnarráðinu ásamt bréfi prestsins í Auðkúluprestakalli, þar sem prestur innir fram á, að Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar, sem núverandi eigandi heiðarinnar, greiði opinber gjöld af 20 hndr. af mati jarðarinnar Auðkúlu.

Útlefni af erindi þessu samþykti nefndin svohljóðandi:

„Hreppsnefndin telur litlu skifta hvernig skatti af jörðunni er skift næstu 2 ár, en lítur svo á, að heimajörðin Auðkúla sé hjá fasteignamatsnefndinni alls ekki hærra metin hlutfallslega, og væru því 17+ hest hundraðatal, sem leggjandi væri á heiðina, þar sem húsum á jörðunni

er þó algerlega slept frá skatti."

Eitrun. Eitur var ekki til nema af skornum skamti, og var því samþykt að eitra einungis í Svínadalsfjalli og Guðm. Helgasyni falið að sjá um eitrunina.

— — —

# Áætlun

## um tekjur og gjöld sveitarsjóðs Svínavatnshrepps 1918-1919.

### Tekjur:

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 1. Útsvör af fasteignum: | | |
| a. af jörðum | Kr. 122.00 | |
| b. af afrétt | — 138.00 | 260,00 |
| 2. Hundaskattur | | 80,00 |
| 3. Fjallskilatekjur | | 300,00 |
| 4. Hreppsvegagjald | | 180,00 |
| 5. Niðurjafnað gjald | | 3062.00 |
| | Samt. | 3882,00 |

### Gjöld:

| | Kr. |
|---|---|
| 1. Þurfamannastyrkur | 1200,00 |
| 2. Mentamálastyrkur | 400,00 |
| 3. Sýslusjóðsgjald | 800,00 |
| 4. Sýsluvegastyrkur | 200,00 |
| 5. Bjargráðasjóðsgjald | 72,00 |
| 6. Refaveiðakostnaður | 100.00 |
| 7. Sveitarstjórnarkostnaður | 230,00 |
| 8. Fjallskilakostnaður | 180.00 |
| 9. Afborgun af afréttarverði | 100,00 |
| 10. Vegabótastyrkur | 300,00 |
| 11. Ýms gjöld | 300,00 |
| Samt. | 3882.00 |

— — —

# Skýrsla

## um eignir og skuldir sveitarsjóðs Svínavatnshrepps í fard. 1918.

### Eignir:

| | Kr. |
|---|---|
| 1. Eftirstöðvar samkv. hreppsreikn. | 4342.45 |
| 2. Styrkur veittur þurfam. annars hrepps | 100.00 |
| 3. Arðberandi fasteignir eftir mati hreppsnefnd. | 6004.27 |
| 4. Vaxtafé | 353.19 |
| 5. Kensluáhöld farskólans | 87.00 |
| Styrkur veittur þurfam. hreppsins kr. 4203.00 | |
| ⁄⁄: | 10887.91<br>10896.91 |

### Skuldir:

| | Kr. |
|---|---|
| 1. Lán tekið hjá Sparisj. Húnavs. | 4300.00 |
| 2. Skuld til landssjóðs fyrir afr. landið | 1575.00 |
| Skuldlaus eign | 5012.91<br>21 |
| ⁄⁄: | 10.887.91<br>10.896.91 |

Eignal. 3. Fasteignir sveitarsjóðs:

| | |
|---|---|
| 1. Megjarland, eftir mati fastn. m.m. | 1300.00 |
| 2. Eldjárnsstaðir — " — " — | 1900.00 |
| 3. Hálft afréttarlandið Auðkúluheiði | 1750.00 |
| 4. $\frac{55427}{120000}$ úr Forsæludal, Kvíslum | 554.27 |
| 5. Heiðaskálarnir 2 að 11/20 | 380.00 |
| 6. Náttlagagirðing við hukt. rétt að 3/5 | 120.00 |
| ⁄⁄: | 6004.27 |

— — —

# Sveitin,

sveitarblað fyrir Svínavatnshrepp.

Ritstjóri: Bjarni Jónasson

# Sveitin.

| II. árg. | Litladal í janúar 1919 | 3. tbl. |
|---|---|---|

## Kristján í Stóradal

Nafn hans var á margra vörum fyrir 50-60 árum síðan, en nú heyrist það sjaldan nefnt, síst meðal yngri manna. Það á þó illa við, að nöfn þeirra manna hverfi, sem skarað hafa fram úr öðrum að dugnaði, kjarki og öðrum einkennum, og skal hans því minst hjer að nokkru.

Kristján er fæddur á Snæringsstöðum í Svínadal 1795. Foreldrar hans voru þau: Jón Jónsson bóndi á Snæringsstöðum og kona hans Sigríður Jónsdóttir frá Grund. Jón á Snæringsstöðum var kominn í beinan karllegg af Jóni biskupi Arasyni. Þau hjón bjuggu lengi á Snæringsstöðum og voru vel við efni. Börn þeirra voru 4, sem uppkomust, en auk þess átti Jón eitt barn utan hjónabands, svo systkinin voru alls 5:

1. Jósef bóndi á Núpi á Laxárdal,
2. Pjetur bóndi á Refsstöðum,
3. Sigurbjörg. Guðmundur hjet maður hennar, og bjuggu þau lengi í Koti í Vatnsdal.
4. Kristján í Stóradal. Hann var þeirra yngstur.
5. Jón hjet framhjátökudrengurinn og var hann ýmist kallaður Jón Kristjánsbróðir eða Jón Margrjetarson, því svo hjet móðir hans. Hann misti heilsu á miðjum aldri, varð limafallssjúkur, en hafði þó atvinnu að sækja ýmislegt vestur í Stykkishólm og flutti í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, voru það: meðul, litir, „húsasalt" og margt fleira. Jón þessi var greindur og vel látinn. Hann dó norður í Þingeyjarsýslu 1861.

Kristján ólst nú upp hjá foreldrum sínum á Snæringsstöðum fram um tvítugsaldur. Snemma bar á því, að hann var hneigður til að safna fje, og fór hann ungur að búa. Búskapinn byrjaði hann á Mosfelli. Giftist hann þá Helgu ekkju frá Ljótshólum og fjekk með henni töluverðar eignir. Á Mosfelli mun Kristján hafa búið all-mörg ár og grætt þar mikið, þó jörðin sje lítil. Eftir dauða föður síns fluttist hann að Snæringsstöðum og hefir hann búið þar nokkur ár. Þar ~~bjó hann nokkur ár~~ misti hann konu og bjó svo með ráðskona, sem Rósa hjet. Um þessar mundir var Kristján talinn með efnuðustu bændum í hreppnum, og nú fór honum að þykja jörðin of lítil, því hann var maður stórhuga. Giftist hann nú í annað sinn: Ingibjörgu Guðmundsdóttur, ekkju Þorleifs Þorkelssonar (frá Fjalli í Sæmundarhlíð) í Stóradal, er lengi var hreppstjóri hjer í Svínavatnshreppi (dáinn 1838) og flutti Kristján um leið að Stóradal 1846. Faðir Ingibjargar var Guðmundur, er lengi bjó í Stóradal og dó þar í hárri elli. Ingibjörg og Þorleifur höfðu átt mörg börn* og

*Þessi voru börn Ingibjargar og Þorleifs í Stóradal, er

voru þau flest farin að búa. Hún ól allan aldur sinn í Stóradal, og var hin merkasta kona.

Þegar nú hjer var komið, að þessi stórbú komu saman og vel var stjórnað, bæði utan húss og innan, varð bú Kristjáns stærsta búið í Húnavatnssýslu (lausafjártíund hans 80+) Auk þess átti Kristján í fasteign: Stóradal, Stóru-Seylu í Seyluhreppi og Hól á Laxárdal, svo ekki var að furða, þó eitthvað væri til í kotinu. Þessi stóri búskapur stóð um all-mörg ár og var líkt tilkostað eins og þó var síðar. 1856 misti Kristján seinni konu sína Ingibjörgu, og varð hann þá að skifta búinu og láta næstum helming þess til barna hennar, svo nú minkaði búið stórlega um stund, en stækkaði þó fljótt aftur, því ekki vantaði útsjón og stjórn, þar sem Kristján sat við stýrið. Þegar nú bú hans er orðið næstum eins stórt aftur, þá kemur fjárkláðinn upp 1858, svo skera varð niður alt geldfje að Blöndu, á Þorra, og voru það einhver mestu vandræði, sem komið hafa fyrir. Margir voru tregir til að skera þá voru margir miklir sauðabændur í Húnavatnshreppi, samt þó Kristján hafa verið fjárríkastur, því átti hann 270 sauði, enda var Kristján allra manna tregastur til að skera, svo ráðgert var að valdskera hjá honum. Búið var að fara að honum með illu og góðu, en ekkert dugði, enda var hann ekki upplagður til að láta undan. Var nú komið í töluverða stífni milli Kristjáns og þeirra manna, sem mest gengu fram í að skorið væri niður, svo hann gat átt von á að komið væri á hverjum degi og skorið hjá honum og setið var um hann af nágrönnum hans. Nú var úr vöndu að ráða, því Kristjáni var næstum ómögulegt að láta undan. Fer hann nú að járna hesta og láta hey í poka og búa út lest, en segir fólki sínu, að hann ætli út á Skagaströnd að sækja timbur og salt, og svo skeri hann sauðina, þegar heim komi. En nú lætur hann flytja á laun hey fram í Sel og ýmislegt annað, er til langferðar þurfti. Þetta mátti enginn vita á heimili hans, utan ráðskona hans, er Sæunn hjet og Sveinn sonur hans. Kristján hafði nú hugsað sjer að reka sauðina suður í Árnessýslu, þó hann þekti þar engan og ætti ekkert víst fyrir sauðina, er suður kæmi. Sýnir þetta best kjark og dugnað Kristjáns.

Þá bjó á Mosfelli Benedikt Jónsson tengdasonur Kristjáns, einhver allra besti og duglegasti ferðamaður. Kristján gerir honum nú orð og biður hann að finna sig og vera vel útbúinn til fata. Benedikt veit ekki hvað til stendur, en lætur þó ekki á sjer standa. Hafði nú alt verið flutt fram í Sel, sem þurfti til ferðarinnar og sauðirnir reknir þangað og hýstir þar nóttina áður, en lagt var upp. Leggja þeir svo af stað með

---

uppkomust:
1. Andrjes bóndi á Geithömrum,
2. Sveinn bóndi á Snæringsstöðum
3. Guðmundur bóndi á Mánaskál
4. Ingibjörg kona Klemensar Klemenssonar bónda í Bólstaðarhlíð.
5. Guðrún kona Halldórs bónda í Geldingaholti í Skagafjarðarsýslu og
6. Ingibjörg Salome kona Jóns Pálmasonar bónda í Stóradal.

Höf

sauðina suður Auðkúluheiði og Kjalveg, og segir ekki af ferðum þeirra fyr en þeir koma suður í Biskupstungur. Höfðu þeir þá aðeins verið þrjá sólarhringa á leiðinni; því færi var hið besta og jörð alla leið. Haukadalur heitir efsti bær í Biskupstungum og bar þá Kristján þar að. Enginn þeirra hafði komið þar fyr, nema Sveinn sonur Kristjáns. Sigurður hjet bóndinn í Haukadal, mesti rausnarmaður, þótti honum undarlega viðbregða, er menn komu norðan Kjöl um þetta leyti árs.* Þeim norðanmönnum var þegar vel tekið, og hófust nú umræður um ýmislegt, en ekki bar Kristján strax upp erindið, en spyr Sigurð, hvort hann þekki engan, sem hafi getu og kjark að taka á móti manni með 270 sauðum. Sigurður er seinn til svars og segist engan þekkja, að gjöri frágangnum. Það verður nú að samkomulagi, að Sigurður tekur við sauðunum með þeim skilmálum, að Sveinn sje eftir hjá þeim. Nú er fljótt yfir sögu að fara. Sauðirnir eru í Haukadal um sumarið í strangri gæslu. Um haustið fer Kristján suður og rekur sauðina til Reykjavíkur og selur þá þar. Sigurður fjekk ullina af þeim og borgaði Kristján honum rausnarlega þessa hjálp og voru þeir aldavinir upp frá þessu. Auk Kristjáns voru í suðurförinni: Sveinn sonur hans, Benedikt tengdasonur hans og Sigurður bróðir Bened. þá vinnumaður í Stóradal.

Eftir suðurferðina voru margir fjárlausir í sýslunni, einkum í vesturhreppunum, gaf þá Kristján 100 lömb tveim fátækustu hreppunum: Sveinsstaðahreppi og Þverárhreppi og bað hlutaðeigandi hreppstjóra að skifta lömbunum á milli þeirra fátækustu. Er nú auðsjeð á þessu, að Kristján hefir enginn meðalmaður verið að dugnaði og mannkostum.*

Þó Kristján ætti ekki börn með konu sinni, átti hann þó nokkur börn. Af þeim, sem upp komust, var Kristín elst, kona Benedikts þess, sem fyr er nefndur. Benedikt bjó lengi á Mosfelli; en síðar á Rútsstöðum. Sveinn sonur Kristjáns bjó í Litladal. Þriðja barn Kristjáns var Kristján bóndi á Snæringsstöðum, faðir Jónasar læknis á Sauðárkróki og þeirra systkina. Rósa hjet dóttir Kristjáns, kona Stefáns, sem bjó á Ásum og fluttist til Ameríku. Síra Benedikt prestur á Grenjaðarstað var yngstur barna Kristjáns.

---

* þ.e. seinni partinn á góu.

Sögn Þorsteins á Grund B. J.

* Kristján var maður sjerlega hjálpsamur og gaf oft stórar gjafir, þó lambagjöfin, sem hjer er nefnd, muni vera stærst. Hjálpaði hann oft mörgum manninum um mat og hey og það jafnvel norður í Skagafjarðarsýslu. Sagði Kristján oft, er fátæklingar voru að biðja hann um lán: Þú getur ekki borgað það, en þú mátt eiga það. Eitt árið verslaði Kristján ekkert í kaupstað (lagði ekki inn [illegible]), því honum þótti ullarverðið lágt, en þá var ekki um aðra verslunarvöru að ræða, varð Kristján þá kornmatarlaus um vorið og fjekk hann þá að láni hálftunnu af rúgi hjá Guðmundi Arnljótssyni hreppstjóra á Guðlaugsstöðum. Þegar kornið kom út að Stóradal, var fátækur bóndi einn úr sveitinni kominn til að biðja Kristján um korn í [illegible] kú, sem hann hafði mist, og lætur Kristján bónda þegar hafa heim með sjer nokkur pund af þessum litlu birgðum.

Sögn Þorsteins á Grund. B. J.

Kristján var allra manna kátastur og hafði gaman af að spauga og stríða við þá, sem gátu tekið því. Hann var fljótur til svars og orðheppinn. Hann var fremur lágur vexti, en þrekinn, hvatur í öllum hreyfingum og djarfur í framgöngu og hvað all mikið að honum.

Kristján dó í Stóradal 28. maí 1866, og var hann jarðaður að Svínavatni 12. júní af prófasti Jóni Þórðarsyni á Auðkúlu. Var veisla mikil gerð eftir hann og fylgdu honum flestir bændur sveitarinnar til grafar.

Guðmundur Þorsteinsson.

---

# Um hreinsun hunda.

## I.

Áður fyrrum var sullaveiki mjög algengur sjúkdómur hjer á landi. Var sú veiki langvinn og kvalafull og dró menn oft til dauða, þó stundum tekist að lækna hana með meðulum (þ. e. eyða sullinum). Að skera til sullanna þektist þá eigi, enda var skurðlækning þá í bernsku.

Menn þektu þá eigi orsakir þessarar slæmu veiki og grunaði síst, að hún stafaði frá hundinum, þessum gamla og trygga fjelaga, sem verið hafði förunautur mannsins frá ómunatíð.

Menn voru líka óvarkárir gagnvart hundinum. Mörg dæmi þess, að hann var látinn sleikja askana, sem etið var úr, hefði frjálsan aðgang að neysluvatni, svæfi í baðstofum og jafnvel uppi í rúmunum o. s. frv.

Það er nú sannað, að sullaveiki manna, stafar frá bandormi í þörmum hundsins, sem berast frá honum í smáhlutum og berst ofan í menn í neysluvatni og á annan hátt og myndar sull í lifrinni og í öðrum líffærum.

Sem betur fer hefir þó tekist að gera hunda óskaðlega að mestu með hreinsun og böðum, enda er nú sullaveiki mjög í rjenun. En markinu eigum við eftir að ná: að útrýma sullaveikinni með öllu. Væri það vottur um menning og þrifnað. Veiki þessi hefir orðið hjer landlæg fyrir vanþekking og óþrifnað og ekkert annað. Er það einn vottur af mörgum um eyðslusemi okkar Íslendinga, að við höfum fórnað heilsu og lífi margra mætra manna fyrir vanþekking, óþrifnað og hirðuleysi.

En nú þekkjum við hættuna, sem af hundunum stafar og er því einsætt að koma í veg fyrir hana.

Í flestum sveitum er það nú föst regla að hreinsa og baða hunda eftir sláturtíð að haustinu, það er og hinn rjetti tími, því um sláturtíðina er þeim hættast við sýkingu (þeir sýkjast eins og kunnugt er af sullum úr kindum) og þar sem bandormurinn er mjög fljótur að vaxa og ganga niður af hundinum, verða þeir brátt hættulegir og geta sýkt áður en mann varir.

Því er mikils umvert, að hundahreinsunin sje falin áreiðanlegum mönnum, því þetta er trúnaðarstarf, sem miklu skiftir að vel sje af

hendi best.

Það er ljótt til frásagnar og ámælis vert, að hjer í Svínavatnshreppi hefir tvö undanfarin haust ekki farið fram almenn hreinsun á hundum, og má vel vera, að um lengri tíma sje að ræða, þó mjer sje það ekki kunnugt. Með þessari vanrækslu, er sullaveikinni boðið inn á hvert einasta heimili í sveitinni, því þó þrifnaður sje í góðu lagi, er það engan veginn einhlítt. Hundar komast við að vatnsbólum, umgangast börn o. s. frv.

Jeg hefi spurt um, hverju á því stæði, að hundarnir væru ekki hreinsaðir og fengið þau svör: að hús fengjust ekki hjá bændum og að engum ákveðnum mönnum væri falið starfið. Ef þetta er orsökin, þá liggur næst að byggðir sje kofi; ekki er það tilfinnanlegur kostnaður fyrir hreppssjóð, og myndi ekki illa ~~fe~~ varið því fje, sem til þess færi. Jeg vil því enda þessar línur á því að koma með tillögur um:

1. Að byggðir sjeu á næsta sumri 1-2 kofar á hentugum stöðum í hreppnum
2. Að hundahreinsun og böðun sje falin 1-2 áreiðanlegum mönnum.
3. Að þessu starfi sje lokið fyrir miðjan nóvember ár hvert.

Björn Magnússon.

*

II

Svar hreppsnefndarmanns G. H.

Ritstjóri „Sveitarinnar" hefir vinsamlegast gefið mjer kost á að sjá handritið að framanritaðri ritgerð B. M.: „Um hreinsun hunda". Í tilefni að ritgerð þessari, langar mig að biðja „Sveitina" fyrir örfá orð.

Jeg er B. M. fyllilega sammála um, að þetta starf: hreinsun hunda, sje þýðingarmikið í heilbrigðislegu tilliti, og ætti því öllum að vera ant um, að hægt sje að framkvæma það í tæka tíð. Mistök í þeim efnum geta haft alvarlegar afleiðingar. Þetta sjá og vita allir. Tillaga B. M., um að byggðir sjeu á næsta sumri kofar á hentugum stöðum í sveitinni er fyllilega rjettmæt; það sýndi reynslan síðastliðinn vetur, þá var hver kofi fullur. Hitt hefir að vísu verið venjan, að bændur hafa getað og verið svo liðlegir að lána kofa til þess.

Jeg verð að geta þess, að hreppsnefnd Svínavatnshrepps hefir á hverju hausti falið vissum mönnum að sjá um framkvæmd starfsins, svo þar er ekki um neina vítaverða vanrækslu að ræða. Þetta vil jeg taka fram, vegna þeirra, sem lesa „Sveitina", bæði nú og síðar og ekki eru nógu kunnugir málavöxtum.

Í fyrra haust voru hundar úr norðurhluta Svínadals hreinsaðir á Mosfelli, því annars staðar fjekst ekki hentugt hús, en í suðurhluta dalsins, voru bændurnir beðnir að framkvæma lækninguna sjálfir, svo fljótt sem þeir gætu og þeim sendir skamtarnir til þess; annað áleit ekki hægt undir þeim kringumstæðum, sem þá voru.

En í vetur hefir — því miður — orðið undarlegur dráttur á, að þetta lækningastarf fengist framkvæmt hjer í dalnum. Áreiðanlegum manni

var falið það, en jeg hefi heyrt, að dráttur(inn) stafi af því, að brugðist hafi von um hús. Ráðstöfun mun þegar gerð til að bæta úr þessu, enda væri það ámælisvert, ef enginn húsráðandinn vildi í verki sýna fram áhuga í þessu máli, að bjarga því við (í þetta sinn) með því að lána einhvern kofa — nú eru húsþrengslin ekki til fyrirstöðu.

4. jan. 1919
Guðm. Helgason.

III

## Athugasemd ritstjóra.

Grein B. Al. barst mjer eigi fyr en jeg var byrjaður að rita að þessu tbl., og gat jeg því eigi, bæði sökum fjarlægðar og tímaleysis, gefið hreppsnefndaroddvita tækifæri til að svara greininni nú þegar, en um sama leyti hitti jeg einn hreppsnefndarmanninn og sýndi jeg honum greinina. Flytur Sveitin nú einnig svar hans.

Hefði gjarnan viljað leggja nokkur orð í belg, en sökum rúmleysis í blaðinu, verð jeg að láta nægja að taka fram: Hreinsun hunda í hreppnum austan Svínadals, fór fram nú í vetur reglulega og víst á nokkurn veginn rjettum tíma. Einhver mistök kunna að hafa orðið þar í fyrra, þó mjer sje það ekki kunnugt. Í haust var Sigurjóni á Rútsstöðum falin hundahreinsunin í Svínadalnum og hús mun hafa verið fengið í Holti. Drátturinn, sem orðið hefir á framkvæmd starfsins virðist átöluverður, en ókunnugt er mjer um ástæður. Næsta einkennilegt að húsleysi geti valdið.

# Árið 1918.

## Annáll Svínavatnshrepps

— " —

### 1. Tíðarfar.

Vetur frá nýári. Í hlákublotum um áramótin gerði svo mikil svellalög að heita mega eins dæmi. Þá komu hjer víðast upp nokkurir hnottar. Gekk þegar (5. jan.) aftur í norðrið með hríðum eða þokum og fádæma frostum. Íss var þegar orðið vart um áramót og rak hann nú inn; fylltist Húnaflói fram 11. jan. Lá þá ís fyrir landi frá Dýrafirði og austur á Vopnafjörð. Norðanáttin hjelst út allan janúarmánuð. Mest voru frostin 10.–21. jan., oft við 30° C (21. jan. 37° C). Víða ullu frostin töluverðum skemdum. Fraus sumstaðar svo í búrum, að slátur stórskemdist. Um mánaðarmótin jan. og febr. stilti heldur til. Var blítt veður fyrstu 3 dagana í febr., en herti þá aftur frostin, en þó sæmil. kyrt veður fram í miðjan febr. Gekk hann nú í suðvestanátt með slöðrigum stormhríðum og blotum öðru hvoru, svo svellgaddinn jókst slöðrigt og hjelst svo fram í mars. Ísinn rak burt af Húnaflóa um miðjan febr. 6. mars kom nokkur bati; þítt þá í nokkra daga, þó frost á nóttum hjer fram til dala, og leysti hjer því lítið, en í lágsveitum kom upp all-góð jörð. Hjelst nú sæmil. veður meiri hluta mars: þítt við og við, þó hríðar á milli, en hnottarnir jukust þó nokkuð og 20. mars, var komin nokkur jörð, á útbæjum hreppsins, fyrir hross. Að kveldi þess 26. mars gerði blindbyl af norðri og á föstudaginn langa (28. mars) setti niður miklum snjó. Hjeldust nú um

sömu harðindin áfram fram yfir miðjan apríl: jafnan hríðar, ýmist á norðan eða suðvestan. Viku fyrir sumar — hinn 18 apríl, kom loks batinn. Gekk hann þá í suður með hitum og hægum vindi. Leysti nú gaddinn smám saman, en svo var svellgaddurinn orðinn mikill í framsveitinni, að t.d. í Litladal komu fyrst upp hnottar eftir viku hláku. Veturinn kvaddi því loks vel, en þungur hafði hann verið í skauti: Sauðfje var innistöðugjöf um 20 vikur. Eins og segir í f. á. annál komu hross öll á gjöf, að heita mátti um miðjan des., en margir slepptu þó nokkrum aftur í hlákunum um áramótin, en flestir tóku þau aftur, er ótíðin dundi yfir í janúar. Helst hjeldust snapir á Hálsbæjunum og ystu bæjunum í Svínadal og gengu hross þar töluvert og einstaka hross komu jafnvel aldrei í hús. Nokkrir framsveitungar ráku hross í hagagöngu út á Ása og aðrir síðar. Mjög var útlitið orðið ískyggilegt, þá loksins batnaði. Nokkrir voru alveg uppi með hey og sumir aðrir á nástrái, þó voru nokkurir bændur aflögufærir, helst á Hálsbæjunum. Fóðurbætir (síldarmjöl), hafði verið pantaður, en kom ekki fyr en í byrjun batans. Sveitarsjóður átti nokkurn slatta af kornvöru og var fengið stjórnarráðsleyfi til að gefa hann fjenaði, en mjög óvíða varð þó til þess að taka. — Víða í sveitinni urðu hin mestu vandræði, vegna eldiviðarskorts, því eldviður ónýttist mjög haustið áður.

**Vorið.** Stillur og mjög hagstæð tíð fyrir ásauðinn frá því að batnaði og fram í maílok: Jafnan kyrt veður, en töluvert næturfrost um tíma. Um mánaðamótin maí—júní gekk í umhleypinga og kulda og hjelst svo júnímánuð út: Úrkomur voru töluverðar, en venjulega snjógangur.

**Sumarið** mjög kalt. Jafnan norðan átt. Þurviðrasamt í júlí og sept., en nokkur úrfelli í ágúst. Fyrsta frostnóttin 1. sept. Frost svo oftast á nóttunni út allan septemb. Frá því um miðjan mánuðinn, var jörð að jafnaði gaddfreðin. Margir skaflajárnuðu í göngur. Á afrjettinum hjeldu þá allar flár.

**Haustið** fremur kalt og umhleypingasamt.

**Vetur til nýárs.** Hríðarjagandi öðru hvoru og nokkur frost fram undir miðjan nóvemb. 12. nóv. hlánaði og gerði indælis tíð: Snjór festist aldrei á jörðu. Jafnan stillur, en þó frostlaust, eða einungis örlítið frost og hjelst svo fram í desemb., en þá kólnaði; stillur hjeldust þó áfram, en þó nokkuð frosthart um tíma fyrir jólin (12° C), Blindbyl gerði af norðri 27. des., og kom þá nokkur snjór, þó ágætisjörð.

Eldgos hófust í ~~[illegible]~~ Kötlu 12. okt. og barst askan víðsvegar um land. Hjer fjell töluvert mikil aska 28. okt. og 1. nóv.

## 2. Fjenaðarhöld.

Sauðfje gekk víðast ágætlega undan vetrinum, en hross mikið miður. Sauðburðurinn byrjaði með seinasta móti. Við þá hagstæð og lambadauði því lítill, þó sumstaðar ~~þa~~ nokkuð af ofmikilli mjólk, en margir tóku það ráð að mjólka af. — Haustholdi yfirleitt góð. Veðursæmilegt til leita. Eftirleit var gerð á heiðina um veturnætur og fundust um 70 hross, en engin kind. Vall orðið fje skarst ágætlega á hausti, en lömb nokkuð miður, enda voru þau óvenju ung. Sauðfje var alment tekið til hýsingar

seinustu dagana í október og alment farið að gefa um jól. Óvenlega leit út áður en hlánaði 12. nóv: Hross voru að verða háðlaus á snappunum og á því sama bar einnig á sauðfje, sem og helti, og mun askan hafa valdið, en við hlákuna hvarf askan að mestu niður.

## 3. Heyföng.

Veturinn leyfði mjög litlu af heyjum: Í allri sveitinni mun eigi hafa verið eftir nema rúmir 2000 hb. heys. Grasspretta brást stórkostlega. Tún skemdust svo af kali, að menn muna eigi annað eins. Engi spratt einnig illa, sjerstaklega vallendi. Helst var slegið á forog í gamalli sinu. Sláttur byrjaði seint, alment eigi fyr en eftir 20 júlí og stóð víðast til rjetta. Heyvinnutímann má þvítelja um 7 vikur. Margir geymdu lengi nokkurn hluta túnanna og voru því töður víðast hirtar mjög seint. Tíðin samilega hagstæð til heyskapar. Nokkur votviðri að vísu í ágúst, en þó eigi til stórra baga. Í september varð ágæt nýting, en frostin hindruðu nokkuð vinnu. Gras fjell snemma. Útheyin urðu þó að hestatölu í meðallagi, en allstaðar óvenju ljeleg, því mest var slegið í gamalli sinu og sumstaðar ndr engjunum. Töðu varð aftur á móti eigi nema $^3/_5$ af töðunni í fyrra. Mjög varð það þó mis-jafnt hverju munaði á einstökum bæjum eins og sjá má á eftirfarandi töflu.

| | |
|---|---|
| Mestur mismunur í Tafli | ÷ 69 % |
| Á 6 jörðum er mismunurinn | ÷ 50-54 % |
| -„- 9 -„- -„- -„- | ÷ 40-49 % |
| -„- 9 -„- -„- -„- | ÷ 30-39 % |
| -„- 5 -„- -„- -„- | ÷ 20-29 % |

Meðaltal á öllum - 30 - jörðum heyp-ins ÷ 40 %.

Sökum grasleysisins öfluðu bændur sjer óvenjumikils aðfengis fóðurs. Mest megnis var það síld. Talið er að keypt hafi verið inn í hreppinn nálægt 400 tn. síldar („Þingmannasíld“ og Landsrjóðsíld) auk þess víðast nokkuð af síldar-mjöli. Telst mjer svo til, að Svínvetningar, hafi lagt út í haust nálægt 11 þúsund krónur fyrir fóðurbæti, og á þó eftir að bætast við þá upphæð, flutningskostnaður frá Blöndu-ósi.

## 4. Garðávextir.

Nokkur áhugi var á að auka garðræktina. Höfðu ýmsir ætlað sjer að setja niður kartöflur, en sökum útsæðisskorts varð minna úr. Sáðlandið varð þó með mesta móti, en uppskeran brást stórkostlega, enda var tíðin mesta óhagstæð fyrir garðávöxt.

Uppskeran á árinu er talin:

3½ tn. kartöflur
24½ tn. rófur.

Framhald.

B. J.

---

# Sveitin,

sveitarblað fyrir Svínavatnshrepp.

Ritstjóri: Bjarni Jónasson.

# Sveitin

II. árg. | Litladal, í febr. og mars 1919. | 4. og 5. tbl.

## Fræðslumál.

— " —

I.

Einhver mætasti menningarfrömuður lands vors, ljet svo ummælt fyrir nokkrum árum, að framtíðarheill vor, væri mest komin undir því, hvernig verslun vorri og alþýðufræðslu væri háttað.

Þetta var spaklega mælt.

Þjóðin þarf að verða sjálfstæð, bæði andlega og efnalega. Kaupfjelögin og önnur samvinnufjelög eru á góðum vegi að gera þjóðina efnalega sjálfstæða; en um það verður ekki rætt frekar hjer.

En hitt vildi jeg taka til athugunar, hvernig vjer rækjum alþýðufræðsluna. Rúmsins vegna verður mjög fljótt yfir sögu farið.

—

Jeg vona að öllum lesendum „Sveitarinnar" sje það ljóst, að uppeldismálin eru hin mestu landsmál. Jeg vil segja að það sjeu vor mestu nauðsynjamál, að öll framtíðarheill þjóðarinnar hvíli á því, hvernig oss tekst að búa ungu kynslóðina úr garði. Þetta ætti og að vera hverjum manni ljóst, því þjóðin er því aðeins í framför, að yngri kynslóðin taki hinni eldri fram. Það er eigi nóg, að börnin komist í spor foreldranna, þau þurfa að komast lengra.

Fáum þjóðum ríður meir á því, en oss Íslendingum að vanda sem best til uppeldisins. Þjóð vor, sem er þjóða fámennust, býr í víðáttumiklu landi, sem geymir tiltölulega miklar auðsuppsprettur, er liðnu kynslóðirnar hafa ekki getað fært sjer í nyt, nema að litlu leyti. Land vort hefir nýverið fengið viðurkent fullt sjálfstæði, og því ríður oss á að sýna ríkjasystrum vorum fyrir handan höf, að vjer höfum fullan vilja á að leggja einhvern skerf til heimsmenningarinnar.

Alls staðar eru því ónumin lönd; alls staðar verkefni er bíða þangað til að hugur og hönd leysir þau. Þjóðfjelagið má því einskis láta ófreistað, til að manna einstaklingana sem best. Vjer, fámenna þjóðfjelagið, höfum ekki efni á að vanrækja uppeldið, því það er: að spara eyrinn, en að kasta krónunni.

II.

Það sem gerir hvern mann það, sem hann er á fullorðinsárunum, er: 1. meðfæddir eiginleikar og 2. uppeldið.

Nokkrar greinir uppeldisfræðinga á um, hvort meira megi. Frá náttúrunnar hendi eru börnin næsta

ólík, bæði til líkama og sálar, en það sem ungviðið er einungis vísir, hefir umhverfið (náttúran, heimilið, uppeldið o. s. frv.) feiki áhrif á líkamlegan og andlegan þroska barnsins. Flestir uppeldisfræðingar eru því sammála um, að uppeldið megi sín meira en upplagið. Fyrirtaksgáfur og upplag geta orðið að engu, sje uppeldið slæmt, en þó hæfileikarnir sjeu litlir og upplagið jafnvel ljelegt, getur orðið töluvert úr, sje laglega á haldið. –

Þroskunin kemur ekki fyrirhafnarlaust. Enginn þroskun án starfs. Líf og vinna er eitt. Vinnan er orsök en þroskunin afleiðing. Vjer getum ekki aukið einum þumlung við hæð barnsins, en vjer getum bætt og skapað skilyrðin til þess, að barnið fái aukið stærð sína eins og framast má verða, fyrir samstarf lífffæranna. Sama gildir og um sálina. Starfsemi sálarkraftanna er það sem gefur þroskann.

Upplagið í Íslendingum – hæfileikarnir til sálar og líkama – eru e. t. v. engu síðri en best gerist með öðrum þjóðum. Efniviðurinn er því góður. En í meðferð efnisins: uppeldinu, stöndum vjer Íslendingar mjög að baki öllum mentaþjóðunum.

III.

Uppeldið er vandaverk. Allar siðaðar þjóðir telja því skyldu sína að hjálpa einstaklingunum í þeim efnum, enda varða fá mál meir ríkið, en einmitt uppeldismálið. Skólar eru því reistir handa öllum almenningi og almenn skólaskylda lögboðin. Nágrannaþjóðir vorar leggja börnunum til kenslu í skólum um 10 mánaðatíma á ári á aldrinum 7–14 ára, eða jafnvel frá 6 ára aldri.

Þessar þjóðir eru ekki að skera við neglur sjer hverja fjárveitinguna til fræðslumála. Leggja þær hina mestu áherslu á, að skólarnir hafi sem fullkomnust kenslutæki og vanda mjög til að menta kennarana.

En hvað höfum vjer Íslendingar gert?

Naumast er hægt að segja, að löggjöf vor skifti sjer neitt verulegt af barnafræðslunni fyr en með fræðslulögunum 22. nóv. 1907. – Með lögum þessum er, eins og kunnugt er, ákveðin takmörkuð skólaskylda á aldrinum 10–14 ára, með 2 mánaða fræðslulágmarki í sveitum, en 6 mánaða í kaupstöðum. En heimilunum er gert að skyldu að annast undirbúningskenslu barnsins í lestri og skrift fyrir fræðslualdur, án íhlutunar eða styrks þess opinbera.

Lög þessi ná því næsta skamt í samanburði við fræðslumálalöggjöf nágrannaþjóðanna. Aðstaða vor Íslendinga líka margfalt erfiðari (strjálbygðin o. fl.), svo naumast er hægt að ætlast til jafn mikils enn. –

Mjög hefir verið deilt um fræðslulögin. Sumir hafa talið lögin einkis nýt, eða jafnvel verri en það og viljað þau um

fram

alt feig, en aðrir telja lögin spor í rjetta átt, góðan vísir, smáan að vísu, en sem vjer megum alls ekki missa.

IV.

Fræðslulög vor eru barnafræðslulög. Þessu vilja margir andstæðingar fræðslulaganna breyta: Afnema algerlega skólaskyldu barna og láta heimilin ein um uppfræðslu þeirra undir staðfestinguna, en í stað þess vilja þeir lögskipa almenna skólaskyldu einhverntíma á aldrinum frá fermingu til tvítugs. Stefna þessi hefir jafnvel komið fram á Alþingi í þingsályktun frá neðri deild 7. sept 1917.

Fyrsti liður þingsályktunarinnar, hljóðar svo

„.... að skora á stjórnina að láta rannsaka:)

Hvort eigi mundi rjettara að láta skólaskyldu koma á menn 16-20 ára, en láta þá foreldra og hjeruð sjá fyrir því, að börn hafi tilskilda þekking undir staðfestinguna, en landið kosti ekki annað við þá kenslu en eftirlit með prófum.

Stjórnin fól fræðslumálastjóra að athuga þingsályktunina og gefa svo stjórnarráðinu álit sitt um málið. Álit fræðslumálastjóra er fengið og hefir verið birt".

Magnús Helgason skólastjóri við Kennaraskólann hefir einnig tekið atriði þetta rækilega til athugunar í erindi um fræðslumál, er birtist í „Þjóðólfi" síðastliðið sumar.

Alþt. 1918, þskj. 6., fskj. — Höf.

Báðir þessir menn komast að einni og sömu niðurstöðu: að það sje hið mesta óráð að færa til skólaskylduna, og ætti álit þeirra að vera þyngra á metunum en flestra eða allra annara, vegna stöðu þeirra, og vil jeg hvetja menn til að kynna sjer það.

En hvers vegna vilja menn færa til skólaskylduna? Helst hefir verið fært til: að menn læri þá meira á sama tíma". Getur verið, en hitt er sannfæring mín, að breyting þessi yrði fyrir margra hluta sakir til hins verra. Hefi jeg altaf sannfærst betur um það, eftir því sem jeg hefi hugsað málið meir.

Skulum vjer nú athuga þetta lítilsháttar.

Fyrst og fremst má benda á, að það geti ekki komið til mála að afnema skólaskyldu barna í kaupstöðum. Kaupstaðaheimilin eiga erfitt með uppeldið nú, en hvað yrði þá ekki, ef þau væru svift aðstoð barnaskólanna? Vjer yrðum því að hafa tvennskonar fræðslulög: önnur fyrir kaupstaði, en hin fyrir sveitirnar, og

" Hætt við að hjer sje of mikið gert úr. Minsta kosti er það víst, að það munar eigi eins miklu á náminu og margir ætla. Það sannar sem sje ekkert, þó unglingur, sem fengið hefir góða barnafræðslu, sje duglegri að nema á aldrinum 16-20 ára, en á núverandi fræðsluskyldualdri (10-14 ára). Sje skólaskyldan færð, sem komst þingsálykt., er ekki hægt annað en að ganga út frá því, að lítið verði úr barnafræðslunni. En nú er með minnið eins og aðra hæfileika sálarinnar, að það er æfingin (andleg vinnan), sem gefur þroskann. Námshæfileikar unglingsins 16 ára, sem lítillar barnafræðslu hefir notið, hljóta því að vera mjög svo óþroska og aðstaðan við námið því eigi stórum betri en barnsins. — Höf.

hins fyrir sveitirnar, en það fyrirkomulag hygg jeg öldungis óframkvæmanlegt, vegna fólksflutninga á milli og annara ástæðna.

Hinir myndu þá ef til vill vilja grípa til þeirra ráða að krefjast þess, að öll börn 14 ára, jafnt í sveitunum og kaupstöðum, sýndu með prófi, að þau hefðu líka þekking og nú er áskilið til fullnaðarprófs, en heimilunum væri þá gert að skyldu að veita þá fræðslu, án styrks þess opinbera.

Við þetta er margt að athuga.

Flest heimilin geta veitt börnunum þessa fræðslu, nema að fá kenslukraftana að, því hvorutveggja er: að tímaleysi hamlar og meiri hluti heimila hefir ekki — eins og nú er — mönnum á að skipa, er geti leyst starfið sæmilega af hendi.

Kenslukraftana þyrfti því almennast að fá að. Við það í sjálfu sjer, er ekkert að athuga, því vitanlega væri best að hafa sinn kennarann handa hverju barni, en einungis konungar og stórkaupmenn hafa efni á því.

Fræðslutilhögun þessi yrði því í reyndinni næsta kostnaðarsöm. En þá er annað verra: Eftirtekjan myndi verða afar ~~mjög~~ misjöfn og næsta lítil í samanburði við tilkostnaðinn. Lítið myndi verða vandað til kennarans, en árangurinn af kenslunni er mest kominn undir því, hvernig kennarinn er. Og þó heimilin alment skorti hvorki vit nje vilja til að velja sjer nýta kennara, þá myndi meiri hluti þeirra vanta getuna til að launa kennurunum svo, að hæfir menn fengjust til starfsins.

En er nú heimilunum alment treystandi fyrir þessu starfi? Reynslan er besta vitnið, og þarf þá ekki annað en að benda á, hversu mjög hefir verið áfátt, að heimilin gerðu skyldu sína með undirbúningskenslu barnanna í lestri og skrift. Nei, — niðurstaðan yrði sú, að á sumum heimilum, að á sumum heimilum yrðu börnin algerlega útundan með alt nám, væru jafnvel hvorki almennilega læs nje skrifandi 14 ára gömul. Að minni hyggju er því ekkert vit í að velja þessa leið."

En hverfum nú aftur að unglingafræðslunni. —

Aðalmark barnafræðslunnar er ekki það að veita einhvern ákveðinn þekkingarforða, heldur hitt miklu fremur: að þroska sálarkraftana, laða og leiða til andlegrar starfsemi, og um fram alt að vekja og glæða alt hið góða í barnssálinni. Að fresta skólaskyldunni fram yfir 14 ára aldurinn, væri því hin mesta vanræksla á uppeldinu[1]. Einmitt er barnsaldurinn ódýrari tími til náms og má ekki ganga fram hjá því atriði, því mannsæfin er stutt, en nóg er til að vinna, eigi síst hjá oss Íslendingum.

---

[1] „Á þeim árum, 6–14 ára er líkami barna í óða vexti, og þarfnast þau bæði líkamlegra og andlegra viðfangsefna, ef þeim á að fara fram eðlilega . . . . . . . . .
Menn kannast við, að komið getur kyrkingur í börn líkamlega af litlu viðurværi og ljelegum viðurgerningi, svo að þau búa lengi að, stundum æfilangt. Það getur líka komið í börn kyrkingur andlega af sömu orsökum. Jeg er hræddur um þess konar kyrking, ef börn eiga til 14 ára aldurs að búa eingöngu að þeim andlega viðurgerningi, sem sum heimilin hafa að bjóða.
(Magnús Helgason: Fræðslumál —
Þjóðólfur 65. árg. 8. tbl.

Niðurstaða mín verður þá sú, að vjer megum alls ekki missa skólaskyldu barna.

Mjer finst og hæpið, að árangurinn af lögboðinni unglingafræðslu yrði jafnmikill eins og sumir ætla. Nemendurnir yrðu mjög misjafnt undirbúnir: sumir búnir að fá töluvert mikla undirbúningsmentun, en aðrir jafnvel hvorki almennilega læsir nje skrifandi. Og hugsið yður, hvernig þessir nemendur mundu geta átt samleið.

Lögboðin unglingafræðsla, án undanfarinnar almennar barnafræðslu, væri misstigið spor í uppeldismálunum, og þó fræðsluskyldu barna væri haldið, tel jeg óhyggilegt að lögbjóða almenna unglingafræðslu, en unglingarnir þurfa að eiga kost á góðum alþýðuskólum til framhaldsmentunar.

Unglingaskólar þeir, sem nú eru til hjer á landi eru margir góðra gjalda verðir, en hæpið að þeir komi yfirleitt að tilætluðum notum. Hið opinbera þarf að leggja meiri rækt við þá en verið hefir, og minnast þess þá, að betra er að skólarnir sjeu fáir, geti þeir verið góðir. Væri það góð byrjun, ef hver fjórðungurinn fengi einn unglingaskóla, er vandaður væri til eftir bestu föngum. Austfirðingar fá nú Eiðaskóla. Hinar 3 fjórðungarnir þurfa sem fyrst að fá skóla í líkingu við hann.

Framhald.

13. 7.

═══ " ═══

# Orðaleikur - í - ljóðum

═══ ═══

1. Að yrkja ljóð sem falli foss
finst mjer góður máti;
ylja blóð með ástarkoss
eyðir fljóða gráti
Sveinn H.

2. Slys varð greitt á Goðafoss
gátur breyttist máti:
Skerið veitti kaldan koss,
kvenna skeytti' ei gráti.
Sveinn H.

3. Jeg við barm á Fögrum foss
fanginn harmamáti:
fljóði varman veitti koss
vökvaðist hvarmar gráti.
Sveinn H.

4. Jeg sá meyju upp við foss
angurs kreppta af máti;
sú var tæld með svikakoss
sem að olli gráti.
Jónas í Brattahlíð

5. Úr öðrum dunar dreyrafoss,
dauðans er það máti;
þar fæst enginn ástarkoss,
aðeins nóg af gráti.
Guðmann í Valahlíð

6. Misjafnt ~~fellur~~ dettur margur foss,
mun það setur eðlismáti;
festu og ljettuð fylgir koss, —
en fegurst spretta blóm í gráti
Kristján Sig. Briem

7. Föngum er á Lagarfoss
látinn vera máti
skiflast á um kærleikskoss
kveðjast svo með gráti
Svafa Þ. Eiríkst. —

8. Andskotinn sat upp vid foss
angistar í máti,
Enginn honum ástarkoss
offra vill med gráti.
Kjartan Sveinsson

9. Í djúpu gljúfri drynur foss,
daglega er hans máti:
hringidunna ad kyssa koss
köldum medur gráti.
Kjartan Sveinsson

10. Áfram tímans fellur foss,
fastur er sá máti.
Gledanna undra koss
ollir mörgum gráti
Jón B. í Svarárdal

11. Brims ad eyju fossar foss
bjórs ad dreginn máti.
Aldan heygir koss af koss
med köldum regin gráti.
Eiríkur B. í Svarárdal

12. Lödrid klýfur Lagarfoss
lista hrífur máli;
ofan þrífur varakoss
vangar ýfast gráti
Sjera Björn í Bergst.

13. Blendinn ljóst ljódi foss,
lendi jeg þjer í máli,
sendi hlýjan kvedjukoss
kvendum, frí af gráti.
Sveinn H.

14. Hver mun þessi fagri foss
fanna lagsast máli?
Gísl: í Þórormst.
Þegar sólin sendir koss,
svo ad jöklar gráti
Kjartan Sveinsson

—— .. ——

# Vegaleidir

Eftir mælingu á fyrirhugudu vegastædi frá Blönduósi fram um Svínavatnshrepp, er vegalengdin frá Blönduósi ad hverjum bæ vid brautina, sem hjer segir. Fyrst er talid 4 bæir í Torfalækjarhreppi, en til brautarinnar ná:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Frá | Blönduósi | ad Hnjúkum | 2200 m. |
| —"— | —"— | —"— Saudanesi | 4000 —"— |
| —"— | —"— | —"— Smyrlabergi | 8600 —"— |
| —"— | —"— | —"— Kagadarhóli | 9700 —"— |
| —"— | —"— | —"— Tindum | 12200 —"— |
| —"— | —"— | —"— Litlabúrfelli | 14700 —"— |
| —"— | —"— | —"— Sólheimum | 17900 —"— |
| —"— | —"— | —"— Svínavatni | 20900 —"— |
| —"— | —"— | —"— Ytrilöngumýri | 25600 —"— |
| —"— | —"— | —"— Sydrilöngumýri | 26300 —"— |
| —"— | —"— | —"— Höllustödum | 29100 —"— |
| —"— | —"— | —"— Gudlaugsst. | 32100 —"— |
| —"— | —"— | —"— Eidsstödum | 36600 —"— |
| —"— | —"— | —"— Eldjárnst. | 38500 —"— |

Sýsluvegurinn nær ad Gudlaugst.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Af brautinni neðan Tinda | | | | ad Svínavatnsenda | 3400 m. |
| —"— | —"— | —"— | —"— | —"— vegenda sunnan Svínavatns | 8000 —"— |
| —"— | —"— | —"— | —"— | —"— Svínadalsá | 9500 —"— |
| —"— | —"— | —"— | —"— | —"— Holti | 12700 —"— |
| —"— | —"— | —"— | —"— | —"— Ljótshólum | 15400 —"— |
| —"— | —"— | —"— | —"— | —"— Rútsstödum | 16500 —"— |
| —"— | —"— | —"— | —"— | —"— Hrafnabjörgum | 19800 —"— |

Sýsluvegurinn nær ad Svínadalsá.

Hlidarbrautir af adalveginum og heim á bæina eru ekki taldar med neinstadar

~~í beinu eru ekki taldar með~~.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Af sýsluveginum | | að Stóradal | 2400 m. |
| –"– | –"– | –"– Grund | 2100 –"– |
| –"– | –"– neðan Hof | –"– Gunnfríst. | 2500 –"– |
| –"– | –"– –"– –"– | –"– Hamri | 3600 –"– |
| –"– | –"– –"– –"– | –"– Ásum | 6300 –"– |
| –"– | –"– sunnan Hóla | –"– Tungunesi | 1900 –"– |

–"– –"– –"–

Steingrímur Davíðsson vegaverkstjóri á Gunnfríðarstöðum hefir látið „Sveitinni" í tje framanritaða mælingaskýrslu. Hefir hann framkvæmt allar mælingarnar. Ákvörðun er enn eigi tekin með hreppavegina, en þær leiðir mældar, er þótti geta komið til mála.

—— –"– ——

# Árið 1918.

## Annáll Svínavatnshrepps.

—— –"– ——

framhald)

## Verklegar framkvæmdir.

Þar er fátt eitt hægt að nefna. Ekkert bygt. Jarðabætur eingöngu túnasljettun. Víða ekkert unnið, en töluvert á sumum bæjum.

Vegagerðir helstu framkvæmdirnar. Austurbrautin lengd um 440 m. (þar af þó 70 m. ómalborið). Í Svínadalsbrautinni einungis unnið við Grundarlækinn. Til sýsluveganna var alls varið 1850 kr.[1] (þar af 150 kr. í verkfærum og vörulegum)

[1] Frá landsjóði er væntanl. helmingurinn (500 kr. nú þegar útborgaðar). Frá sýslusjóði komu 550 kr. Af því 150 kr. bein fjárveiting til sýsluvega í hreppnum, en hitt þ.e 400 kr. áætluð fjárveiting til Klifamýrarvegar, er var látin ganga hingað, þegar ekkert varð úr vinnunni í Klifamýri. – Hof.

Unnið var kappsamlega að undirbúningi vegamálanna undir forgöngu hreppsnefndaroddvitans Jóns Jónssonar í Stóradal. En þar sem vegamálin voru eigi komin í fast horf við áramótin, verður saga þeirra eigi sögð hjer að sinni.

## Dýrtíðarráðstafanir.

Því var haldið fram hjer í blaðinu að nauðsyn væri til ýmsra ráðstafanna, vegna siglingavandræðanna og dýrtíðar, og var bent á nokkrar leiðir í þeim efnum t.d. grasatekju og fráfærur. Vitanl. þörfin enn brýnni er kornvaran komst undir úthlutun. Voru þau mál mikið rædd manna á milli og nokkuð á opinberum sveitarfundum. Lítið varð samt úr framkvæmdum, þó var allhvað tekið af fjallagrösum á flestum bæjum í hreppnum og varð það víða til nokkurra búdrýginda. Minna varð úr fráfærunum: fært frá nokkrum ám á 3 bæjum (í Stóradal 60 ám). Einnig stunduðu nokkurir bændur samlagsveiði í vötnum á afrjettunum. Varð alt þetta til að auka búmatinn. –

## Heilsufar og mannalát.

Heilsufar yfirleitt gott. Taugaveiki kom þó upp á Stórabúrfelli í nóvember, en varð eigi mannskæð og barst ekki út. –

Hjúkrunarstarfsemi var hafin. Söfnuðirnir í sóknunum báðum rjeðu sjer sameiginlega hjúkrunarkonu: Helgu Jónsdóttur á Gunnfríðarstöðum.

Mannalát á árinu:

6. jan. Guðrún Jónsdóttir, gamalmenni í Holti (f. 8/9. 1835, jörðuð 28/1.)

24. mars. Ingiríður Jóhannesdóttir, gamalmenni á Grund (f. 29/10 1829, jarðs. 9/4.)

8. júlí. Arnljótur Magnússon (Björnssonar og Guðrúnar Arnljótsdóttur) á Syðri-Löngumýri (f. 30/6 1896, jarðs. 23/7) dó úr berklaveiki á sjúkrahúsinu á Sauðárkrók, eftir nær 3 ára sjúkrahúsvist. –

19. nóv. Þorleifur Ingimundarson (frá Stóraburfelli) varð bráðkvaddur að heimili sínu Stóradal (f. 21/6 1905, jarðs. 2/12.

## Manntal, jarðabyltingar o.fl.

Fólkstal í ársbyrjun alls 284 manns.
Í árslok voru í hreppnum:
130 karlar og 152 konur, eða samt. 282, þar af fermdir 193, en ófermdir 89. –

Tveir bændur fluttu burtu úr sveitinni:
1) Hannes Stefánsson (prests á Auðkúlu Jónssonar), er búið hefir á móti föður sínum á Auðkúlu undanfarin ár. Keypti hann Gautsdal í Bólstaðarhlíðarhreppi á 7000 kr. og flutti þangað búferlum. –
2) Einar Eyjólfsson, fyr bóndi á Hrafnabjörgum, flutti norður í Fljót í Skagafirði og tók þar til ábúðar jörðina Sljettu. Engir nýir bændur. –

Hreppstjóri í Svínavatnshreppi var skipaður (í maí) Bjarni Jónasson kennari í Litladal.

Upprekstrarfjelag Auðkúluheiðar (Svínavatns-Torfalækjar-Blönduóss-hreppar) keypti heiðina á 3500 kr. Svínavhr. á afrjettinn hálfan.

B.J.

---

Gísli Ólafsson hefir sent „Sveitinni" nokkrar stökur og birtast nú þær fyrstu.

## Skýrsla
### um fjenað og fóðurbirgðir í Svínavatnshreppi haustið 1918. –

Eftirfarandi skýrsla, sem gerð var samkvæmt tilskipun stjórnarráðsins, er byggð á skýrslum forðagæslumanna hreppsins. –

### Fjenaður.

a. Lógað í haust:
12 nautgr., 4316 sauðfj., 40 hross.

b. Sett á vetur:
94 nautgr. (ungl. og eldri), 7 kálfar,
3312 ær fullorðnar, 900 ungl.,
94 hrútar, 506 lömb,
443 hross fullorðin, 393 tryppi, 35 folöld

### Fóður.

a. Frá f. á. 283 hb. tuðu, 2065 hb. úthey
b. Fengið í ár 3407 -"- -"-, 11540 -"- -"-

Al. 3690 hb. tuðu, 13605 hb. úthey
Auk þess:
387 tn. síld, 3350 kg síldarmjöl

---

### Fyrsti neistinn.

Í veðri geystu riðar reyr
rós fer breyst í kvisti,
en þú veist að aldrei deyr
ástarneistinn fyrsti.

Draums í þró við þankans djúp
þroska háum nær 'ann,
þó yfir slái öskuhjúp
aldrei dáið fær 'ann. Gísli Ól.

---

**Sveitin**, sveitarblað fyrir Svínavatnshrepp.
Ritstjóri: Bjarni Jónasson

# Sveitin.

11. árg. | Litladal, í nóv. 1919 | 6. tbl.

## Fóðurbirgðamálið.

— " —

Það er eitt þeirra nytsemdamála, sem til umræðu hefir verið hjer í sveitinni að undanförnu, og ekki einungis hjer, heldur einnig víða um land, í blöðum, tímaritum og á mannfundum. Þrátt fyrir allar þær umræður, er mál þetta næsta óvíða komið inn á fast ákveðna og framfaravænlega umbótabraut. Það hlýtur því í næstu framtíð að verða eitt helsta umhugsunarefni og áhugamál allra þeirra, sem hagsmunum og framförum landbúnaðarins íslenska bera fyrir brjósti. Þess vegna geri jeg það að umræðuefni hjer í „Sveitinni" í von um að fleiri taki það til athugunar og að þeir um- ~~bætur~~ ræður geti leitt til einhverra umbóta.

Eins og flestum sveitarmönnum mun kunnugt, var á aðalfundi Búnaðarfjelags Svínavatnshrepps 14. mars í ~~fyrra~~ kosin 3 manna nefnd til að gera ~~til~~ tillögur um, hvað tiltækilegast væri til að koma ásetningi sveitarinnar í betra horf, en venja hefir verið á að undanförnu.

Nefndin lagði til að stofnað væri til fóðurbirgðafjelagsskapar, er skuldbindi menn til að hafa á hausti hverju ákveðið fóðurmagn fyrir hverja búfjártegund, ásamt fleiru, er þar var til tekið. Þessar tillögur voru ræddar á fundi að Svínavatni 19. maí s.l. og svo aftur á aðalfundi Búnaðarfjel. í Sólheimum 2. febr. s.l.

Árangur af þessum umræðum varð eigi annar en sá að leiða í ljós skoðun ýmsra sveitarmanna um þetta mál og endalokin þau, að sökum daufra undirtekta og áhugaleysis, var málið dauðadæmt að sinni, í það minsta í þessari mynd. – Hvort tjón kunni af því að leiða, skal ósagt látið, enda er mjer málið helst til skylt, til þess jeg geti verið þar óhlutdrægur dómari. En út af ýmsu, er fram hefir komið í meðferð málsins vil jeg kasta fram fáeinum athugasemdum. –

" — " — "

Fáum kemur víst til hugar að halda því fram í alvöru, að fóðurbirgðir sjeu árlega svo miklar hjá ýmsum sveitarmönnum sem nauðsynlegt er og æskilegt væri. Enda er reynslan jafnan sú, að ef meðalvetur eða meira kemur, þá komast einhverir í fóðurskort. Sú reynsla er heldur ekkert undrunarefni, því oftast mun mega finna nokkur dæmi þess, og það síðast í haust, að menn selji fje og hross á 8–12 vikna innistöðugjöf. En þó allir verði að viðurkenna þetta, þá hafa ýmsir látið það álit í ljósi, bæði beint og óbeint, að best sje að láta þetta afskiftalaust.

menn verði að hafa frjálsar hendur með að tefla á tvær hendur og setja allan sinn bústofn í voða, ef þeim svo sýnist; allur fjelagsskapur og samtök um að ~~gera~~ koma þessu í betra horf hljóti að fara út um þúfur og verða árangurslaust, því í þessum efnum sje óhugsandi að menn haldi nokkrar reglur, þegar til lengdar lætur. Slíkar skoðanir er að vísu trauðla hægt að telja annað en algerða vantrausts-yfirlýsing á siðferðisþroska, staðfestu og áhuga manna yfirleitt.– Er sorglegt til þess að vita, ef slíkt væri á rjettum rökum bygt, því þá væri manngildi okkar Hún-vetninga og hverra annara, er slíkt ætti við, sannarlega ekki á marga fiska. En þó einstakir menn haldi þessu og þessu fram, þá er jeg svo bjartsýnn að telja slíkt fjar-stæðu og óverðskuldaðar getsakir. Hitt er jafn augljóst, að fjöldi manna vill alls ekki ganga undir neinar skuldbindingar í þessu efni, blátt áfram af því, að þeir vilja ekki fyrir nokkurn mun svifta sjálfa sig þeirri veiku hagnaðarvon, sem illur ásetningur jafnan byggist á. Þeir menn telja það svo sem sjálfsagðan hlut, að sú búskaparregla viðhaldist fram-vegis eins og hingað til og vilja á engan hátt sporna við, að svo geti orðið, jafnvel þó þeir annað veifið viðurkenni, að hún sje neyðar-úrræði, sem menn grípi til, sökum fátæktar og ýmiskonar örðugrar aðstöðu.

Það er sem sje vana viðkvæðið þeirra manna, sem mótfallnir eru endurbótum í fóðurbirgðamálunum, að það sje hagur í flestum árum að setja illa á. Það er sú aðal-ástæða, sem jafnan er á reiðum höndum til að rjettlæta þessa æfa-gömlu búnaðarvenju: ásetnings-vogunina. Með því það virðist fást samþykking ýmsra manna, þá er sjerstök ástæða til að athuga það dálítið nánar.

Það er alkunnugt, að oft getur verið gróði að spila stórkostleg fjár-hættuspil, en fáir hyggnir menn munu þó telja það skynsamlega breytni að leggja má ske allar sínar eigur ~~undir~~ á einu kvöldi eða einni nóttu undir tilviljun eða duttlunga spilakepninnar. Því er nú sannleikurinn sá, að ill ásetning er ekkert annað en stórkostlegt fjár-hættuspil, þar sem viðkomandi fjár-eigandi leggur nestum allar sínar eigur undir í viðureigninni við duttlunga okkar íslensku, óstöðugu veðráttu. Sá er þó munurinn á þessu og venjulegum fjárhættuspilum, að vinn-ist ásetningsspilið, er gróðinn næsta lítill, borið saman við að hafa sett vel á, en ef það tapast, þá er ekki nóg með það, að efnahagur mannsins sje eyðilagður, heldur hefir þá það farið forgörðum, sem öllum fjármunum er dýrmætara, en það er: sómi mannsins og sam-viskufriður. Jeg segi samvisku-friður, af því jeg vil ekki gera ráð fyrir, að þau illmenni sjeu til vor á meðal, sem ekki hefði neitt samviskubit af því að kvelja lífið úr saklausum og hjálpar-vana húsdýrum, sem áður hafa gert þá eigendur að og sem þeir

x lífið úr saklausum og hjálparvana húsdýrum, sem atvikin hafa gert þá eigendur að og sem þeir frá mannúðarlegu, siðferðislegu og lagalegu sjónarmiði eru skyldugir til að ala önn fyrir. Um sæmdina eru ekki nein tvímæli, því þó mjög hafi menn misjafnlega næma tilfinningar fyrir velferð húsdýra vorra, og þó sú svívirða sje enn þá ríkjandi, að hordrápsmenn og skepnukvalarar haldi fullum mannvirðingum, þá er þó svo komið sem betur fer, að hugsunarhættinum er að breytast á þá leið, að flestir hinna betri manna telja það glæp og svívirðingu að horfella fjenað sinn. Það þarf því tæpast að efa, að allur fjöldinn muni telja það stórkostlegan sæmdarmissi, ef einn eða annar horfellir meira eða minna af fjenaði sínum fyrir óhyggilegan ásetning.

Jeg sagði, að gróðinn væri næsta lítill, þó ásetningarspilið ynnist, en það er sú ástæðan, sem margir munu snúast þvert á móti. Hana er því vert að taka til nánari athugunar. Jeg geri auðvitað ráð fyrir, að vel sje með fóðrið farið og þó vel sje sett á, þá sje eigi eytt að óþörfu. Komi góður vetur, á það fóður vitanlega að fyrnast, sem um fram nauðsynlega eyðslu var til á haustnóttum. Skaðinn við góðan ásetning fram yfir slæman, er því í besta tilfelli (þ.e. góðæri) aðeins sú rýrnun, sem fóðrið verður fyrir, við það að geymast eitt ár. Jeg hefi aldrei heyrt menn minnast á það, að það væri tilfinnanlegt tjón að fyrna hey, en sje það ekki, þá er það vitanlega ekki hagur að setja svo á, að alt gefist upp. Undantekningar frá þessari reglu eru að vísu til og hefir þær helst verið að finna á undanförnum styrjaldarárum, því helsti gróðinn við happasæl ásetningsglæfraspil nú á síðustu árunum hefir næstum eingöngu legið í því, að búpeningur hefir stöðugt hækkað í verði. En því miður eru litlar vonir um, að svo verði framvegis. Slíkan spilagróða er því næsta hæpið, að menn finni á næstu árunum, og fari fjenaður að lækka í verði, má eins búast við, að það geti orðið tjón að setja illa á, þó alt gangi vel og allur peningur komist af í sæmilegu standi, en ekki meira um það.

Jeg býst við, að þeir sem halda fram hagsmununum ásetningsvogunarinnar segi sem svo, að oftast eyði þeir meira fóðri, sem setja vel á en hinir. Mun það og alloft rjett vera, og orsökin er venjulega sú, að þeir sem altaf eru hræddir við fóðurskort vanfóðra fjenað sinn stórkostlega, og þó svo fari sem oftast er að alt fullorðið fje skrimti af, þá er arðurinn stórum minni, en af vel fóðruðu fje, svo maður bindi sig við sauðfje eingöngu. Frá þessu eru þó margar heiðarlegar undantekningar, sem stundum stafa af sjerlega góðri tíð, en stundum af frábærlega góðri fjármensku. Það eru þó eigi tekjur á reikning ásetningsvogunarinnar, því þeir möguleikar eru víðar fyrir hendi. Um vanfóðrun í heild sinni er það að segja, að hún byggist á misskildri sparsemi, líkt og það að svelta verkafólk sitt, svo það geti ekki af-

kastað fullu verði. Hvorutveggja er jafn fráleitt og það er heldur ekki svo fálitt, að menn á þann hátt spari eyrinn en missi krónuna. Efnahagur þeirra manna segir líka oft eftir, sem gera sjer það að reglu að vanfóðra fje sitt.

Ályktun mín er því sú: að hagurinn við illan ásetninginn, sje undantekningarlítið mjög óverulegur, þó allar skepnurnar lifi og stundum jafnvel enginn. Efalaust eru ýmsir þar á öðru máli, og býst jeg við, að „Sveitin“ láni þeim rúm til að rökstyðja sínar skoðanir.

En í þessu sambandi er á annað að líta, sem altaf ber að taka með í reikninginn, en það er hugarástand og vellíðan okkar sjálfra. Í því hlýtur að vera talsverður munur, eftir því, hvort við setjum vel á eða illa. Vil jeg í því sambandi taka dæmi: Útmánaðarhríðin bylur á gluggum og þekjum bæjanna dag eftir dag. Frostharkan er afskapleg og síðustu jarðarhnjótarnir eru þegar horfnir undir fönnina. Óvinurinn alræmdi — hafísinn — liggur við ströndina og eyðir bátavoninni úr hugum bændanna. Alt bendir á harðindi fram undan, hver veit hvað. Þegar svo stendur, þá er dimt í bæjunum, dimt í hugum mannanna og raunalegar hugsanir sækja að á allar hliðar. Þó er hugarástandið misjafnt á sveitabæjunum, ef til vill frekar en nokkru sinni endra nær. Einn bóndinn hefir allar sínar skepnur í heitum húsum, feitar og föngulegar, og það miklar birgðir í tóttunum, að næstum er vissa fyrir að nægar reynist á hverju sem gengur. Þegar hann rennir huganum til skepnanna sinna og hlustar á hamfarir hríðarinnar, þá er eins og einhver öryggis og ánægju tilfinning streymi um hugann yfir því að geta boðið illviðrinu byrgin og staðist hamfarirnar með sóma, næstum því hversu langt sem þær ganga. Annar bóndi situr inni sama hríðarkvöldið og hugsar um hrossin sín, sem eru hungruð og máske mögur að berjast við illviðrið úti á gaddinum og um kindurnar sínar, sem eru svangar og magrar í húsunum. Hann hugsar til tóttanna sinna, sem eftir nokkurn tíma verða galtómar og skepnurnar þá fóðurlausar. Dapurlegar hljóta þær hugsanir að vera. Jeg þekki þær ekki af eigin reynd, en jeg hugsa mjer, að kvíði fyrir framtíðinni eða hálfgerð örvænting, hafi mest vald á huganum, ásamt hugsuninni um það, að alt þetta böl skuli vera sjálfskaparvíti. Líklega eru þær hugsanir þó ekki eins átakanlegar og jeg hugsa mjer þær, því ef svo væri, þá mundu þau dæmin sennilega færri, að sami maður inn lendi í heyþroti ár eftir ár, eða altaf þegar eitthvað ber út af með tíðarfarið. Þegar til þess er litið, að þessa finnast all-mörg dæmi, og það jafnframt athugað, hverjar afleiðingarnar oft eru, þá er ekki annað hægt, en undrast sljóleika þá, hirðuleysi eða hvað maður á að kalla það, sem slíkir menn gera sig hvað eftir annað seka um. Heimsku eða fáfræði er örsjaldan um

að kunna, því eðlilega hljóta menn að sjá fyrirfram til í hvaða forað þeir eru að ganga, en vonin um veðurgæði og annara manna hjálpsemi er oftast svo hugþekk, sem mestu ræður, næst hinni fallvöltu hagsmunavon.

Í sveitinni okkar hefir meiri hluti manna oftast sæmilegar ~~hey~~ birgðir fyrir fjenað sinn, þó nokkrir þeirra manna vilji ekkert gera til að vinna að heildarumbótum á þessu sviði. Aftur eru ástæðurnar nú á síðustu árum til muna verri en oft hefir áður verið með getu manna til fóðurhjálpar þegar í harðbakka slær. Fyrir 20-30 árum voru hjer í sveitinni nokkrir stórfyrningamenn, sem alltaf gátu veitt mikla hjálp, ef á þurfti að halda. Um það bera skýrslur Búnaðarfjelags Svínavatnshrepps ljósan vott. Nú er varla um neitt slíkt að ræða, því þeir bestu eru rjett sæmilega sjálffærir í hörðum árum. Því er heldur varla að vænta, að mönnum sje mögulegt að afla sjer slíkra forðabúra, eftir því, sem nú gengur með vinnukraft og heyskaparskilyrði. Það sem því á að vera markmiðið, er: að allir verði sjálffærir í fóðurbirgðalegu tilliti á hverju sem gengur, því það er þýðingarlaus tálvon að ætla sjer að treysta á aðra, auk þess, sem það er alla tíma óafsakanleg og heimskuleg hugmynd. En þá er spurningin þessi: Hverjar umbótaleiðir eru líklegastar til að gera þetta hættulegasta búnaðarböl, fóðurskortinn útlægan úr sveitinni okkar, fyrst ekki getur gengið að almennur fjelagsskapur komist á? Þeirri spurningu er örðugt að svara, og geri jeg mjer eigi von um að geta gert það svo vel sem þörf væri á og jeg mundi kjósa. Allar umbætur í þessu sem öðru byggjast mest á vilja manna sjálfra og sje hann nógu sterkur, þá er alt fengið. En því hefir nú ekki verið að heilsa að undanförnu, þó vonandi sje, að heldur snúist í betra horf smátt og smátt. Á þeirri völtu von er þó eigi hægt að byggja fjelagslegar framkvæmdir. Þess er því full þörf að ~~fjelagsstjórnir~~ sveitarstjórnir, forðagæslumenn og allir áhugasamir umbótamenn, sem sveitin á, geri sitt ítrasta til að fjarlægja háskann.

Nú er svo ráð fyrir gert, að forðagæslumenn verði framvegis 4 í hreppnum og skoði 2 og 2 saman. Einnig á framvegis að gera þeim að skyldu að hafa lokið ásetningarskoðun fyrir 10. nóv. ár hvert.

Í þessu liggur nokkur umbót frá því sem verið hefir, því fyrst og fremst er 2 að öðru jöfnu betur treystandi en einum og svo hefir það eitt verið nægilegt til að eyða mesta gagninu af ásetningarskoðun, að þær hafa eigi farið fram fyr en undir jól. Mestu skiftir þó, að forðagæslumenn ræki starf sitt með alúð og áhuga og gangi svo ríkt eftir, sem þeim er unt, að fóðurforði sje sem mestur í hlutfalli við peningsfjölda, og meðferð búfjár sje í sem bestu lagi. Ræki þeir starfið þannig og ef sveitarmenn verði þeim eigi mjög mótsnúnir, getur starf þeirra komið að talsverðu gagni. Að minsta kosti ber flestum kunnugum saman um, að skoðanir Búnaðarfjel. hjer á árunum

hafi gert mikið gagn og því skyldi ekki einnig geta svo verið nú á tímum.

Annað, sem mikil nauðsyn er á er það: að fóðurbirgðasamþykt hreppsins verði framvegis framfylgt, svo sem föng eru á, eða að sveitarstjórnin hafi jafnan fyrirliggjandi talsvert mikið af kraftfóðri, ef harðindi bera að höndum. Kostnað við það verðum vjer annaðhvort sveitarsjóður að bera, eða að honum sje jafnað niður sjerstaklega. Annars ætti hann aldrei að verða mikill, því það fóður á að selja svo dýrt, að engum geti sjeð sjer hag í að kaupa það, borið saman við að setja vel á. Til þess að þetta þarfa mál geti komist á góðan rekspöl, þarf fyrst og fremst að gera ráðstafanir til, að hægt sje að geyma fóðurin á Blönduósi. Með það eru vandræði eins og stendur og hefir hreppsnefndin víst átt fullt erfitt með það litla, sem hún hefir undanfarið haft ráð á, hvað þá ef forðinn væri aukinn, svo sem samþyktin leyfir frekast og eins og þyrfti og ætti að verða.

Hið þriðja, er jeg tel áríðandi að komist á og sem orðið geti til nokkurra bóta í meðferð búpenings, er: að hjer í sveit sje stofnað dýraverndunarfjelag, er hafi það að markmiði, að vernda rjett húsdýranna. Það er alkunnugt að oft undanfarið hefir meðferð búpeningsins og þó einkum hrossanna verið svo óafsakanleg og illmannleg, að það er hreinasta minkun að slíkt skuli látið óátalið. Þeir menn er gera sig seka um slíka þrælmensku, verða stöðugt að hafa refsivöndinn reiddan að höfði sjer, ef þeir ekki bæta sína illu breytni af öðrum hvötum. En það, að menn geti laga og rjettar í þessum efnum, hefir reynslan sýnt, að ekki gengur án fjelagsskapar. Að vísu væri einkis góðs að vænta af dýraverndunarfjelagi ef fjelagsmenn sjálfir gerðu sig brotlega, en jeg geri ekki ráð fyrir að aðrir myndu ganga í fjelagið en þeir, sem full alvara væri með að bæta meðferð búfjár og kæra hlífðarlaust þá, er gerðu sig seka um einhverja ósvinnu á því sviði. Þó það fjelag væri fáment sakaði ekki mjög, að eins ef það fylgdi stefnu sinni drengilega.

Fyrst alment fóðurbirgðafjelag ekki getur komist á, þá er þetta, sem nú er talið, að minni hyggju, það helsta sem hægt er að gera þessu nauðsynjamáli til umbóta, og takist það, geri jeg mjer von um talsverðan árangur. En ef til vill sjá aðrir heppilegri úrræði og ef svo skyldi vera, er vonandi; að þeir sendi „Sveitunga“ línu.

Ytrilöngumýri 7. mars 1919
Jón Pálmason.

---

## Hreppavegir í Svínavatnshreppi

---

Á hreppsnefndarfundi að Svínavatni 14. júní e. l., voru hreppavegirnir ákveðnir sem hjer segir:

1. Bakásavegur frá Svínvetningabraut austan Kafreytjarnar um Torfhóla, Gunnfríðarstaði, Hamar og Ásá, vestan Kárastaða, ofan Tungunesslíns suður og vestur á Svínvetningabraut hjá Mulagerðingu.
2. Sljettárdalsvegur frá Svínvetningabraut austan suðurenda Svínavatns um Holtholt að Sljettá sunnan nátthag-

# Sveitin.

II. árg. | Litladal, í des. 1919. | 7. tbl.

## Sveitarútsvörin.

Eins og kunnugt er lágu fyrir síðasta aðalfundi sýslunefndar A.-Hún., margar útsvarskærur, sem tóku upp mjög mikinn tíma. Mun þetta hafa orðið tilefni til þess, að sýslunefndin samþykti áskorun um, að hreppsnefndir sýslunnar kysu 2-3 menn hver, til þess að ræða og samþykkja reglur, sem hafa mætti til hliðsjónar við útsvarsálagningu framvegis.

Hreppsnefndafundur þessi var svo haldinn að Blönduósi 3. maí s. l., og mættu á honum menn úr öllum hreppum A.-Hún., nema Torfalækjarhreppi. Fimm manna nefnd (Jón í Stóradal, Björn á Ey, Eggert á Haukagili, Hafsteinn á Gunnsteinsstöðum og Jónatan í Lindab.), sem kosin var á fundinum, kom fram með ákveðnar tillögur um álagninguna. Tillögur þessar voru samþyktar, og var þeim Hafsteini á Gunnsteinsstöðum og Jónatan á Holtastöðum falið að afskrifa, þær ásamt skýrslunum og senda öllum hreppsnefndum í Austur-sýslunni.

Á tillögum þessum munu hreppsnefndirnar hafa bygt niðurjöfnunina í haust. Þar sem hjer er um ýmis nýmæli að ræða og málið snertir almenning, vill „Sveitin" flytja nefndartillögur ásamt útdrætti úr skýrslunum þeirra H. P. og J. J. L.

\+

„Öllum mun það ljóst að ekki er unt að búa til neinar reglur um niðurjöfnun útsvara í samræmi við gildandi lög, nema gert sje ráð fyrir, að unt sje að vita efni manna og ástæður. Mun því rjettast og hreinlegast, að menn geri það að skyldu sinni að gefa skýrslu um efnahag sinn, en fáist það ekki, sem mjög óheilbrigt er, þá ætti hreppsnefndin efni manna og ástæður (eignir og nettótekjur).

Á þessum grundvelli hvílir, [grundvallarreglum] sem nefndin varð ásátt um og virtist fá góðan byr á fundinum.

Þær hljóða svo:

1. Álagningarstofnar allir skulu lagðir í álagningar, sem bera jafna út-

svarshæð (krónutölu) í sama hrepp, þannig að álagseiningafjöldi hreppsins (þ. e. allra hreppsbúa) er fyrst fundinn og honum síðan deilt í þarfafjárhæð hreppsins, kemur þá út hve mikið hver álagseining skal bera.

2. Álagningarstofnar sveitarsjóðs skulu vera með peningaverði.
3. Að lagt skuli á eign.
4. Að lagt skuli á árstekjur eða tekjur skemri tíma.
5. Að lagt skuli á verslunarveltu.
6. Álitsútsv.

## Skýringar.

1. Þarf ekki skýringar við (Nefndin öll sammála).
2. Samkvæmt okkar gamla og góða landaurareikningi hafa margar hreppsnefndir notað landsvísuhundruð, sem álagseiningar, en ýmsir annmarkar fylgja þeirri reglu:
   a. Landaurareikningur verður vart notaður nema við búfje. Nýja jarðamatið hefir numið úr gildi ábúðarhundruð, því þó viss krónutala af jarðarverði sje látin jafngilda gamla ábúðarhundraðinu, þá er augljóst að það er misþyrming á þessum forna verðmæli og á fátt sameiginlegt við hann.
   b. Nú viðurkenna menn að gömlu hundarreglurnar, álagningarpenings í hundrað sje ekki rjettlát, vegna þess að peningaverði búfjár standi ekki innbyrðis í rjettu hlutfalli við landsvísudýrleika. Af þess sjest að skilyrði fyrir því, að oss finnist rjett lagt í hundruð, er það að við álagningu í landsvísuhundruð sje leitast við að peningaverðgildi landsvísuhundraða sje sem líkast, hverrar tegundar sem hundraðið er. Af því leiðir að við breytingar á verðgildishlutföllum búfjár, ætti fram að fara breyting á álagningu landsvísuhundraða, ef rjett væri. Þar sem það hlýtur að álitast rjett að t. d. landsvísuhundruð í kúm, sauðfje eða hrossum eigi að vera sem líkast að peningaverði, þá virðist undarlegt að nota ekki beinlínis peningaverði eignarinnar sem álagningarstofn.
   c. Afurðir af búfje okkar fáum við borgaðar með peningum. Nú er ekkert greitt með landaurum. Nú er forna gjaldeyriseiningin, vaðmálsalinin, horfin, en í stað eru komnar peningaeiningar. Landaurareikningurinn er gamalt fat, sem þjóðin er að klæðast úr og ekki er í samræmi

við kröfur tímans.

d. Til þess að geta myndað heildarkerfi, þarf verðmælirinn að vera sá sami yfir allar tegundir eigna og tekna og peningaverðmælirinn er sá eini, ~~er sá eini~~, sem jafnvel alstaðar er hægt að koma að, þegar meta þarf efni manna og ástæður fjármunalega.

3. Rjett virðist að líta svo á, að hver sem hefir fje (eða eignir) til eigin umráða, sje skyldur að leggja til almenningsþarfa af eign sinni, ef venjulega er hægt að láta hana bera arð, jafnvel þó hún í raun og veru færi engan arð einhverra orsaka vegna eitt og eitt ár í bili, því allir hljóta að viðurkenna að eign er gjaldþol og efni. Eignir sem ekki eru með peningaverði, þarf að meta til peninga. Þá er rjett að athuga hvaða reglur væru heppilegastar við mat á eignum.

a. Fasteignir. Viðkunnanlegast virðist að fasteignir væru teknar eftir nýja jarðamatinu eins og þær eru skattskyldar til landssjóðs, þó ekki sje hægt að segja að það sje miðað við sannvirði eignarinnar, því síðustu 10 ára jarðabætur urðu þá gjaldfríar og jarðamatsreglurnar segja svo fyrir, að miða eigi verðið við liðna tímann, en aftur á móti er jarðamatið fastur grundvöllur og á að vera mjög vel hugsað og því líkur til að jarðeignir sjeu hlutfallslega rjett metnar. En ef hreppsnefndin meta jarðir á hverju ári, þá er miklu meiri líkur til deilu og óánægju með þann grundvöll, því hentara ætti að vera við samræmisvillum. Komið gæti þó til mála að bygt væri á matinu með 10 ára jarðabótunum, en hreppsnefndin ákvæði %-vís hækkun eða lækkun á öllum fasteignum hreppsins, ef hún teldi ástæðu til.

b. Búfje. Þar eru einnig tvær leiðir: Önnur er sú að fara eftir mati verðlagsnefndar, sem fram á að fara fyrir 1/11. ár hvert, en hin sú, að hreppsnefnd meti, og mun sú síðari að öllu athuguðu rjettari. Í fyrsta lagi af því, að verðlagsnefndin metur ekki allar tegundir búfjár, í öðru lagi af því að engin líkindi eru til, að hlutdrægni geti átt sjer stað, þar eð hreppsnefndir meta hverja tegund búfjár fyrir sig, og flestir búa við allar tegundir búfjár.

c. Aðrar eignir. Þá eign sem ekki er með ákveðnu

peningaverði, skal hreppsnefnd
meta til peninga.
d. Álögufrjálst: Eignir, sem ekki geta borið arð, svo sem bækur, húsgögn o. fl. Verkfæri til atvinnureksturs, svo sem jarðyrkjuverkfæri, veiðiáhöld (lóðir, netur o. fl.) nema skip.
e. Frádrag: Skuldir.
4. Rjett virðist að goldið sje af aukning eignanna eða tekjum, því beinlínis og óbeinlínis leggja sýslu- og sveitarsjóðir talsvert fje fram, sem stuðlar að auknum tekjum, svo sem til refaveiða, samgöngubóta o. fl. Gjaldþol manna er og mikið komið undir árstekjunum, sjerstaklega er það bersýnilegt að hækkandi árstekjur gefa hlutfallslega hækkandi gjaldþol. Þegar tekjur eru ekki gefnar upp af hlutaðeigendum, hlýtur hreppsnefnd að meta þær.
Frádrag. Almenningsálitið mun því fylgjandi, að hver maður sje laus við skatt eða gjald af þeim hluta tekna sinna, sem hann endilega þarf til eyðslu. Væri því rjett að ákveðinn væri þurftarkostnaður einhleypra og búandi manna (fjölskyldumanna), sem dreginn yrði svo frá tekjunum. Til þurftarkostnaðar ætti að teljast að minsta kosti fæði, og fatnaður, námskostnaður og ómagar. Frá tekjum ætti einnig að draga kostnað við atvinnurekstur, vaxtagreiðslur o. s. frv.
5. (Skýringum við þenna lið slept hjer af eðlilegum ástæðum).
6. Ekki mundi hægt að gera reglur þessar svo tæmandi, að óvænt atvik geti ekki komið því til leiðar að breyta þurfi heildarútkomunni, svo sem veikindi o. fl. Eru þá tvær leiðir: önnur sú að meta nefnd atvik til peninga og draga þau frá tekjunum, eða gera þau beinlínis að álagseiningum og mun það liggja beinna við."

. . . . . .

Á grundvelli þeim sem lagður er í framanskráðum tillögum, bygði hreppsnefndin hjer í hreppi útsvarsálagninguna í haust. Þar sem hjer er um nýja aðferð að ræða, má búast við að um ýms atriði geti verið skiftar skoðanir. Jeg vil því gera nokkura grein fyrir meðferð nefndarinnar á tillögum þessum. Má jeg þó búast við, að það geti frekar en hitt, orðið til þess að vekja deilur um málið, en jeg vil alt frekar en þögnina, enda er fylsta nauðsyn til, að almenningur athugi mál þetta sem vandlegast, og því sjálfsögð

skyldu að leggja öll gögnin á borðið. Teldi jeg vel farið, ef línur þessar gætu orðið til þess að vekja umræður um málið, og tekur „Sveitin“ við greinum um þetta efni. Málið er líka svo á því stigi, að sjerstök ástæða er til að athuga það og ræða, því hreppsnefndafundurinn 3. maí s. l. ákvað að taka málið fyrir að nýju á öðrum almennum hreppsnefndafundi 14. febr. n.k.

Eins og tillögur aukanefndarinnar 3. maí s. l. bera með sjer urðu gjaldstofnarnir hjá okkur tveir:
1. Hrein eign
2. Hreinar tekjur
Þriðji gjaldstofninn: verslunarvelta kom vitanlega ekki til greina hjá okkur.

## Eignir allsendis.

Allar aðberandi eignir hvers gjaldanda voru virtar til peningaverðs. Þar sem peningaeiningin er verðmælir, leiðir það af sjálfu sjer, að virðingarnar urðu að miðast við gangverð hverrar tegundar, til þess að samræmi gæti fengist.

a. Fasteignir. Eftirspurn eftir jarðeignum eykst stöðugt og gangverð þeirra er nú jafnvel margfalt hærra en mat fasteignamatsnefndar. Hreppsnefndin ákvað því 50% hækkun á jarðeignunum frá mati undirmatsnefndar; þannig t.d. að Sólheimar, sem metnir eru á 8000 kr., voru reiknaðir eigendum sem 12000 kr. eign.

b. Búfje.

| | |
|---|---|
| Kýrin var metin á | 600 kr. |
| Hross 5 v. og eldri | 500 " |
| " 4 v | 350 " |
| " 2-3 v | 200 " |
| " 1 v. | 100 " |
| Ærin | 65 " |
| Gemlingurinn | 45 " |
| Hrútur fullorðinn | 100 " |

Byggingarpeningurinn að sjálfsögðu talinn eigandanum ekki umráðamanni.

c. Aðrar eignir. Undir þann lið koma peningar og útistandandi skuldir í fardögum, hvort sem leiga er goldin af eða ekki.

## Frádrag.

Til frádrags koma svo allar skuldir, hvort sem leiga er goldin af eða ekki. All-margir sögðu nú til skulda. Til skulda er altaf sagt á haustin og menn skuldaframtalið því jafnan miðað við þann tíma, en ekki fardaga, sem þó væri til

rjettara. Þar sem hjer er að ræða um mat á allri eign gjaldanda, er sjálfgefið að sama tímatakmark verður að gilda um alla eignina, svo búfje eins og kunnugt er talið fram á vorin. Sama regla á og að gilda um inneignir. Annars verður að krefjast þess um þessi framtöl, að lánardrottinn sje jafnan tilgreindur, svo hægt sje að færa honum skuldina sem eign.

## Eignir rjettendis.

Þegar búið er að draga frá skuldir, þá er það sem út kemur hrein eign gjaldanda, og kemur sú upphæð til álags.

## Tekjur allsendis.

a. Af fasteign. Landsskuld af jörðum í sjálfsábúð var metin 4% af matsverði hreppsnefndar.

Dæmi: Ytrilangamýri.

| | |
|---|---|
| Mat hreppsnefndar | 6750 kr. |
| Landsskuld 4% af 6750 | 270 " , |

sem eru áætlaðar tekjur eiganda af jörðinni.

Leigujarðir: Þar er umsamin landsskuld færð landsdrotni til tekna. Leigumáli á jörðum í sveitinni er yfirleitt mjög lágur, þegar miðað er við gangverð á landsleigu nú. Landsskuldir alstaðar peningar, en peningar hafa fallið mjög á síðari árum, svo nú svarar leigan alls ekki til verðgildis höfuðstólsins. Arðurinn af fasteign rennur því að nokkru leyti til leigutaka (leiguliða) og eykur gjaldþol hans. Á þessar ástæður leit hreppsnefndin nú og færði sem tekjur af fasteign hjá leiguliða mismuninn á áætlaðri landsskuld og umsaminni.

Dæmi: Snæringsstaðir.

| | |
|---|---|
| Mat hreppsnefndar | 7050 kr. |
| Áætluð landsskuld 4% af 7050 | 282 " |
| Umsamin landsskuld | 126 " |
| Mismunur | 156 kr., |

sem færðar eru leiguliða sem tekjur.

b. Af búfje. Tekjurnar færum allt búfje sem gjaldandi hefir undir höndum, hvort sem hann er eigandi að eða ekki, en frá arðinum af byggingarfje dregin umsamin leiga, sem færð er lánardrotni til tekna. Hreinar tekjur áætlaðar:

af kúnni 60 kr.

" ánni 10 "

" hrossum 4% af virðingarverði.

c. Af öðrum eignum: Peningavextir.

d. Af atvinnu. Kaup fullkomins karlmanns var metið 600 kr., án fæðis, en kvenmannsins 350 kr. Mörgum reiknað lægra kaup eftir ástæðum (aldur o. fl.) Unglingum 14–18 ára, sem vinna foreldrum sínum, var gert dálítið kaup (mismunandi eftir aldri) og það fært vinnu-

veitanda (fóðurmann) til tekna

## Frádrag

a. Peningavextir
b. Leigur af byggingarfje
c. Ómagar.
1. Börn. Þeim skift í 3 flokka eftir aldri:
1. fl., börn 1-3 ára, áætl. meðlag 400 kr.
2. -"-, -"- 4-9 -"-, -"- -"- 300 -"-
3. -"-, -"- 10-13 -"-, -"- -"- 200 -"-
2. Gamalmenni. Meðlag áætlað mismunandi eftir ástæðum
d. Þurftarkostnaður. Hjá hverjum karli og konu, sem gert var kaup, var dregið frá fyrir fötum o. fl.:
hjá karlmanninum 200 kr.
-"- kvenmanninum 150 -"-.

## Tekjur gjaldendis.

Allir liðirnir undir „frádrag" eru dregnir frá tekjum allsendis og koma þá út hreinar tekjur gjaldanda og kemur sú upphæð til álags.

## Álagseiningar.

Álagningarhlutföllin voru þessi:
1. Af 1000 kr. í hreinni eign var gerð 1 álagseining
2. Hreinar tekjur voru lagðar þannig í álagseiningar, að:
á fyrstu þúsund krónurnar komu 1¼ álagseining á hverjar 100 kr., eða 12½ álagseining á 1000 kr.;
á næstu 500 kr. 1½ álagseining á hverjar 100 kr., eða 20 álagseiningar á 1500 kr., og þannig síhækkandi um ¼ álagseiningar á hvert hundrað við hverjar 500 kr.

Á hverja álagseining komu kr. 2,10.

## Ástæður.

Eins og áður getið, geta ýms atriði gert nauðsynlegt að breyta heildarútkomunni eitthvað lítilsháttar, ýmist til hækkunar eða lækkunar. Var það gert þannig, að atriðin voru lögð í álagseiningar og þær lagðar eða dregnar frá samtölu álagseininga. Það sem þá kemur út eru gjaldskyldar álagseiningar.

Jeg ætlaði mjer ekki með línum þessum annað en að gefa skýrslu um málið, og þó jeg hefði frekar kosið að nokkur einstök atriði hefðu fallið dálítið á annan veg, verður ekki um það rætt hjer.

Jeg vildi nú að lokum, annars, drepa á 2 atriði, sem mjer fimst að ættu að metast til ástæðna, en sem að þessu sinni komu ekki til álita.

Tekjur af búfje voru einungis áætlaðar gjaldendis (netto) og þá hlutfallslega jafnt eftir peningafjölda hjá hverjum gjaldanda. Þó er vitanlegt að framleiðslukostnaðurinn er töluvert mismunandi hjá einstökum gjaldendum, vegna staðhátta og annarar aðstöðu. Rjett væri til því að jafna þetta eftir mati með frádragi eða viðbót

Þá er afetfje. Um það atriði hafa hreppsnefndir sumstaðar

Tölu verð deilt og fylgt mismunandi reglum. Vilja sumir leggja á þá eign eftir alveg sömu hlutföllum og aðrar eignir gjaldanda, en aðrir taka arfinn að mestu (eða öllu) sem tekjur. Hjer vildi jeg fara meðalveginn: Leggja fyrst og fremst á arfinn sem hverja aðra eign gjaldanda, en bæta svo einhverju við í ástæðnadálk. Virðist ekki nema sanngjarnt, að goldið sje eitthvað frekar af þessu fje en annari eign, þar sem þetta er eignarviðbót, án tilverknaðar hlutaðeigandi gjaldanda.

Bjarni Jónasson

— " —

# Niðurjöfnun

## útsvara í Svínavatnshreppi haustið 1919

Raðað eftir gjaldhæð. Talan fyrir aftan nafn hvers gjaldanda er útsvars hans í krónum.

– 200. Páll Guðlaugsst. 240.

150-199. Jón Stóradal 190; Jónas Ásum 185; Jóh. Svínav. 180; síra Stefán 180; Guðm. Holti 170.

125-149. Hannes Sölvh. 130; Sigurj. Tindum 130; Jónas Ldal 125

100-124. Jón Pálmason 115; Þorsteinn Gunns. d 110.

75-99. Sveinn Hjallaland 90; Þorst. Geith. 80.

60-74. Jóh. Holti 72; Jón Gíslason 70; Guðm. Snæringsst. 66. Þorl. Búrf. 65; Sig. Eiðsst. 65;

50-59. Eysteinn Kárum 56; Steingr. Sölvh. 55; Jónas Eiðsst. 53; Sigv. Hrafnab. 52; Einarsgjöld. 50;

40-49. Erl. Búrfelli 45; Erl. Tungunesi 45; Bjarni Ldal 42; Páll Búrf. 41; Þorl. Sölvh. 40

Jón Grímstöðum 40; Sigurj. Rútsst. 40;

30-39. Guðm. Hólfríðargj. 38; Benedikt Eldjárnsst. 35; Ármann Snæringsst. 35; Ingv. Eldjst. 33; Hannes Guðlaugsst. 32; Pálmi Löngumýri 30; Gunnar Svínav. 30; Sigurbj. Rútsst. 34 Björn Rútsst. 30;

25-29. Jón Búrf. 28; Gísli Fremsta. 28; Þorst. Ytrifm. 28; Hannes Guðlaugsst. 26; Magnús Tungunesi 25; Ármann Kárast. 25; Valdimar Fremsta 25;

20-24. Har. Tungunesi 23; Kristinn Ytrifm. 23; Lárus Sölvh. 23; Ósk Auðkúlu 23; Stefán Eiðsst. 22; Jón Guðlaugsst. 22; Jón Hrafnab. 21; Jóhannes Rof. 20; Har. Kárum 20; Daníel Búrf. 20; Sigurv. Tafli 20;

15-19. Guðm. Löngumýri 19; Guðm. Tungunesi 18; Theod. Tungunesi 18; Sigv. Stóradal 17; Guðmundur Snæringsst. 17; Jak. Grund 17; Ingim. Búrf. 15;

10-14. Ingibj. D. Búrf. 14; Hjalti Löngumýri 14; Stefán Á. Auðkúlu 14; Pálína Guðlaugsst. 13; Ágúst Tafli 12; Bergl. Hrafnab. 11; Lárus Hrafnab. 11; Pálmi Ásum 11; Hinrik Snæringsst. 10;

Auk þessara 31 gjaldandi með samtals 167 kr. (útsvarshæð 3-8 kr.)

— " —

Þetta tbl. fylgir II. árg., því betur þykir viðeigandi að láta árganginn framvegis byrja með áramótum. Næsti árg. verður 12 arkir í þessu broti.

Sveitin, sveitarblað fyrir Svínavatnshrepp.
Ritstjóri: Bjarni Jónasson